

# Skýrsla

**Katrínar Jakobsdóttur samstarfsráðherra  
Norðurlanda um störf  
Norrænu ráðherranefndarinnar 2012**

(Lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013)

---

**Utanríkisráðuneytið  
Norðurlandaskrifstofa  
Febrúar 2013**



## EFNISYFIRLIT

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda</b> .....	<b>5</b>
<b>3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda</b> .....	<b>6</b>
<b>4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins</b> .....	<b>13</b>
<b>5. Menningarmál</b> .....	<b>14</b>
<b>6. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt</b> .....	<b>24</b>
<b>7. Jafnréttismál</b> .....	<b>28</b>
<b>8. Menntun og rannsóknir</b> .....	<b>32</b>
<b>9. Félags- og heilbrigðismál</b> .....	<b>37</b>
<b>10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál</b> .....	<b>44</b>
<b>11. Umhverfismál</b> .....	<b>51</b>
<b>12. Vinnumál</b> .....	<b>56</b>
<b>13. Efnahags- og ríkisfjármál</b> .....	<b>64</b>
<b>14. Samstarf á sviði löggjafar, flóttamanna og björgunarmála</b> .....	<b>70</b>
<b>15. Grannsvæðasamstarf</b> .....	<b>72</b>
<b>16. Norrænar stofnanir á Íslandi</b> .....	<b>74</b>
<b>17. Norrænar lánastofnanir</b> .....	<b>80</b>
<b>Fylgiskjal 1: Styttingar</b> .....	<b>88</b>

Niðurröðun efnis er í samræmi við fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar og skipulag skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar

Prentun Oddi umhverfsvottuð prentsmiðja



Skýrslan er framleidd hjá prentsmiðju, sem er vottuð norræna umhverfismerkinu Svaninum, ásamt því að vera prentuð á umhverfsvottaðan pappír



## 1. Inngangur

Í skýrslu þeirri sem hér fer á eftir lýsir samstarfsráðherra störfum Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) á öllum fagsviðum árið 2012. Norrænt samstarf fer fram í tíu ráðherranefndum sem hafa sér til fulltingis nefndir embættismanna úr norrænum ráðuneytum. Samstarfsráðherrar Norðurlanda mynda sérstaka ráðherranefnd og hefur hún sér til aðstoðar norrænu samstarfsnefndina. Skýrslan byggir á greinargerðum fulltrúa Íslands í embættismannanefndunum en Norðurlandaskrifstofa utanríkisráðuneytisins annast ritstjórn hennar. Í skýrslunni er einnig yfirlit um samstarf forsætisráðherra Norðurlanda. Þeir bera meginábyrgð á samstarfinu en fela samstarfsráðherrunum og norrænu samstarfsnefndinni daglega stefnumótun og samræmingu samstarfsins. Í skýrslunni er einnig kafli um störf norrænu samstarfsráðherranna og þá málaflokka sem undir þá heyra en þeir ná einkum til þverfaglegra viðfangsefna eins og norræns samstarfs um sjálfbæra þróun, hnattvæðingu og stjórnáhrifhindranir, samstarfs við grannsvæði Norðurlanda og annars alþjóðlegs samstarfs ráðherranefndarinnar. Loks hefur skýrslan að geyma frásagnir af starfsemi 35 norrænna stofnana og norrænna lánastofnana á árinu. Dagleg samræming og framkvæmd þeirra ákvarðana sem teknar eru af norrænum ráðherrum og embættismannanefndum hvílir á herðum framkvæmdastjóra og starfsfólks skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn sem norrænu löndin reka sameiginlega.

Í skýrslu samstarfsráðherra er leitast við að gefa eins glögga mynd af samstarfi norrænu ríkisstjórnanna á árinu eins og kostur er. Samstarfið er þó of umfangsmikið til þess að hægt sé að gera því tæmandi skil með þessum hætti og því er margt sem ekki fær umfjöllun. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar er með heimasíðu, [www.norden.org](http://www.norden.org), þar sem fá má frekari upplýsingar um norrænt samstarf.

## 2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

*Forsætisráðherrar Norðurlanda* áttu tvo fundi á árinu. Árlegur sumarfundur var haldinn 10.–11. júní í Noregi og fór hann fram um borð í M/S Finnmarken sem sigldi milli fjarða í norðanverðum Noregi og til Tromsø. Síðari fundurinn var haldinn í Helsinki í lok október við upphaf 64. þings Norðurlandaráðs (NR). Ennfremur ræddust norrænir forsætisráðherrar óformlega við í tengslum við leiðtogafundi á alþjóðavettvangi og eftir þörfum.

Meginumræðuefni norrænu forsætisráðherranna á fundinum í Noregi var nánara samstarf Norðurlanda á sviði heilbrigðismála og var fagráðherrum falið að fylgja því frekar eftir í formi samstarfsverkefnis. Einnig var rætt um öryggis- og varnarmál en sérstök ályktun var samþykkt vegna ástandsins í Sírlandi og árása á almenna borgara þar í landi.

Í Helsinki var rætt um samstarf á norðurslóðum, eftirfylgni verkefna á sviði græns vaxtar og hvernig auðvelda megi norrænum borgurum að flytjast milli norrænu landanna. Sérstaklega var rætt um þátttöku Svíþjóðar og Finnlands í loftrýmisgæslu við Ísland, í samstarfi við Noreg árið 2014. Danir og Norðmenn hafa sinnt hér loftrýmisgæslu á undanförunum árum eins og fjölmörg önnur ríki Atlantshafsbandalagsins. Með þátttöku Svía og Finna verður stigið nýtt skref í átt að þeim tillögum, sem komu fram í skýrslu Thorvalds Stoltenberg frá 2009, um aukið samstarf norrænu landanna m.a. í varnarmálum.

Efnahagsmál á alþjóðavettvangi, m.a. aðgerðir Evrópusambandsins (ESB) vegna skuldavanda á evrusvæðinu og erfið staða fjölmargra vestrænna ríkja, voru til umræðu á báðum fundunum á árinu. Staða mála varðandi aðildarviðræður Íslands og ESB var rædd og Dönum sérstaklega þakkað fyrir ötult starf sitt í formennsku innan ESB fyrri helming ársins. Forsætisráðherrarnir fjölluðu einnig um ýmis alþjóðamál sem efst voru á baugi.

Danski forsætisráðherrann kom í opinbera heimsókn til Íslands seinni hluta ágústmánaðar og funduðu forsætisráðherrarnir á Þingvöllum.

Venjubundinn fundur norrænna forsætisráðherra með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna var haldinn í lok október í Helsinki í tengslum við þing NR. Ennfremur funduðu norrænir ráðherrar með ráðherrum Eystrasaltsríkjanna og Bretlands 8.–9. febrúar í Stokkhólmi og þá sóttu forsætisráðherrar ríkjanna átta fund leiðtoga Eystrasaltsráðsins (CBSS) í Strahlsund í Þýskalandi.

### 3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Samstarf Norðurlanda á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) hvílir á meginreglunni um norrænt notagildi. Hún kveður á um að löndin skuli eiga með sér samstarf og leita úrlausna á viðfangsefnum sem hagfelldara er að leysa í sameiningu en ef hvert land gerði það fyrir sig. *Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM)* bera, ásamt forsætisráðherrunum, ábyrgð á heildarstefnumörkun norræns samstarfs og á þeim hvílir sú skylda að sjá til þess að það endurspegli pólitískar áherslur í löndunum eins og þær eru hverju sinni. Því er krafan um endurskoðun forgangsmála rík í norrænu samstarfi. Enda þótt samstarfið hvíli á þeim fasta grunni sem kveðið er á um í Helsingforssamningnum er um leið mikilvægt að það sé sveigjanlegt þannig að unnt sé að bregðast við þegar ytri aðstæður og samfélagslegar breytingar kalla eftir því.

Norrænt samstarf er skipulagt innan tíu fagráðherranefnda sem hafa sér til aðstoðar nefndir embættismanna úr norrænum fagráðuneytum. Auk þess hafa þær á sínum snærum 35 stofnanir, samstarfsstofnanir og fastanefndir.

Hlutverk samstarfsráðherranna er fyrst og fremst að hafa góða yfirsýn yfir samstarfið og sjá til þess að fyllsta samræmis sé gætt. Í samráði við Norðurlandaráð (NR) bera þeir endanlega ábyrgð á gerð norrænu fjárlaganna en jafnframt heyra undir þá margvísleg þverfagleg viðfangsefni eins og stjórnábylgjhindranir, málefni barna og ungmenna, samstarf við grannlönd og grannsvæði, samstarf um sjálfbæra þróun, aðgengismál fatlaðra, norrænt samstarf um málefni norðurskautssvæðisins og annað alþjóðlegt samstarf NMR. Á samstarfsráðherrum hvílir einnig sú skylda að framkvæma þær áherslur sem fram koma á fundum norrænu forsætisráðherranna, viðbrögð við ört vaxandi hnattvæðingu og grænn hagvöxtur.

Skrifstofa NMR í Kaupmannahöfn er miðstöð samstarfsins en þar eru tæplega 100 starfsmenn sem vinna að daglegri framkvæmd stefnumörkunar norræns samstarfs. NMR og NR deila húsnæði og reka auk þess í sameiningu upplýsingaskrifstofu.

*Norræna samstarfsnefndin (NSK)* er embættismannanefnd samstarfsráðherranna auk þess sem hún gegnir hlutverki stjórnarnefndar fyrir skrifstofu NMR.

### *Formennska Noregs í NMR*

Norðmenn tóku við af Finnum og voru í forystu samstarfsins árið 2012. Sjálfbært velferðarríki og framþróun þess var meginþráðurinn í formennskuáætlun Norðmanna sem þeir kynntu á þingi NR í Kaupmannahöfn haustið 2011 undir yfirskriftinni „*Velferðarríkið frá norrænum sjónarhóli*“.

Í formennskuáætlun þeirra er bent á nauðsyn þess að bregðast við hækkandi meðalaldri almennings, aukinni samkeppni og fólksflutningum vegna hnattvæðingar og afleiðingum loftslagsbreytinga. Mikil óvissa um efnahagsþróun í norrænu löndunum sem og annars staðar í heiminum sé staðreynd sem bregðast þurfi við í norrænu samstarfi. Gangverk velferðarkerfisins þurfi að taka til skoðunar og eins hvernig hið opinbera geti leyst verkefni sín á skilvirkari hátt og þá í nánara samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og frjáls félagasamtök. Í formennskuáætluninni kemur fram vilji Norðmanna til að leggja áfram áherslu á græna hagkerfið, þeir vilja leita leiða til að tryggja atvinnu fólks á Norðurlöndum, gera vinnumarkaðinn fjölskylduvænni, fyrirbyggja brottfall og auðvelda ungu fólki að ná þar fótfestu. Góðar almannatryggingar og jöfnuður í heilbrigðismálum njóta einnig forgangs í áætlun Norðmanna. Þá benda Norðmenn á að tungumálaskilningi hafi hnignað og við því þurfi að bregðast. Forsenda þess að áfram verði unnt að treysta menningartengsl og samkennd norrænu þjóðanna sé lifandi tungumálasamfélag á Norðurlöndum.

Svíar tóku yfir formennsku í NMR í ársbyrjun 2013 – yfirskrift formennskuáætlunar þeirra er „*Norræn samfélagsgerð á nýjum tímum*“.

## *Fjárlög NMR*

Heildarútgjaldarammi norrænu fjárlaganna fyrir árið 2012 var 961,472 milljónir danskra króna á verðlagi ársins 2012, eða rúmlega 21 milljarður íslenskra króna. Hlutdeild Íslands í fjárlögnum var að þessu sinni 0,76% en hafði verið 1,1% á árinu 2011. Framlöggin eru ákvörðuð þannig að byggt er á hlutdeild viðkomandi lands í samanlögðum vergum þjóðartekjum Norðurlanda á síðustu tveimur árum sem upplýsingar liggja fyrir um. Hlutfallsleg skipting fjármunanna milli samstarfssviða er að mestu óbreytt, sé miðað við árið 2011. Sem fyrr rennur stærstur hluti fjárlaganna til samstarfs á sviði menningar, mennta og vísinda eða rúmlega 42%. Til samstarfs um atvinnumál, orkumál og byggðamál renna 12,6% og til samstarfs við grannlönd og grannsvæði renna tæplega 10% norrænu fjárlaganna. Hlutdeild samstarfs um umhverfismál er 4,6%, samstarf um fiskveiðar, landbúnað, skógrækt og matvæli fær 4,2% í sinn hlut og 4,1% fara í samstarf um velferðar- og heilbrigðismál.

Framlög til hnattvæðingarverkefna námu 73,7 milljónum danskra króna en enn var unnið við 14 af þeim 22 verkefnum sem hafist var handa við árið 2008. Þá var einnig unnið að þeim átta verkefnum um grænan hagvöxt sem hleypt var af stokkunum árið áður.<sup>1</sup>

Vinna við undirbúning fjárlaga 2013, sem hófst venju samkvæmt í upphafi ársins, setti nokkuð svip sinn á störf samstarfsráðherranna á árinu. Snemma var tekin ákvörðun um það að setja á laggirnar svokallaðan forgangsverkefnalið á fjárlögum 2013 en ætlunin er að verja honum til pólitískt mikilvægra verkefna þar sem norrænu forsætisráðherrarnir leggja línurnar. Einnig mun formennskulandið hverju sinni hafa frumkvæðisrétt um tillögur að fáum en umfangsmiklum verkefnum sem geta sem mest náð yfir þrjú ár. Gerir það kröfu um að undirbúningur formennskuárs hefjist fyrr en verið hefur en Svíar eru fyrstir til þess að starfa eftir hinu nýja fyrirkomulagi.

Snemma í undirbúningsferlinu kom fram mjög eindregin ósk frá Dönnum um að farið yrði í niðurskurð á fjárlögnum þegar árið 2013.

Sú tillaga fékk í fyrstu ekki hljómgrunn hjá hinum löndunum en eftirtalsverða umræðu var málum á endanum miðlað þannig að samstarfsráðherrarnir samþykktu að fjárlög ársins 2013 yrðu óbreytt, að skorið yrði niður um 5% árið 2014 og að til viðbótar yrði skorið niður um allt að 5% samanlagt á árunum 2015 og 2016. Ákvarðanir um útfærslu á niðurskurði vegna 2014 verða teknar snemma árs 2013.

## *Úttekt á samstarfi NMR við Eystrasaltsríkin og Rússland*

Samstarfsráðherrarnir tóku ákvörðun um að láta gera úttekt á samstarfi

<sup>1</sup> Sjá einnig bls. 10 í skýrslu samstarfsráðherra 2011.



NMR við grannlönd og -svæði sem staðið hefur yfir frá 1991. Það samstarf hefur mörg undanfarin ár tekið mið af leiðbeinandi reglum sem samstarfsráðherrarnir setja og norrænar stofnanir og ráðherranefndir hafa til hliðsjónar í samstarfi sínu við Eistland, Lettland og Litháen sem og við Rússland og í því samstarfi sem beinist að Hvíta-Rússlandi. Núgildandi reglur falla úr gildi í lok árs 2013. Samstarfsráðherrarnir skipuðu starfshóp sem var falið að gera úttektina og koma með tillögur að fyrirkomulagi samstarfsins frá 2014, þ.m.t. að fjalla um hvort það þjónaði áfram markmiðum samstarfsins að reka skrifstofur í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna og í Pétursborg. Ákveðið var að reglurnar um samstarfið við grannlönd í vestri, þá einkum Kanada, skyldu ekki vera með í úttektinni þar sem afar stutt reynsla er komin á það samstarf. Starfshópurinn hélt nokkra fundi á árinu og átti meðal annars ítarleg viðtöl við framkvæmdastjóra skrifstofanna í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna og í Pétursborg. Einnig voru haldnir fundir með sendiherrum norrænu ríkjanna á svæðinu ásamt baltneskum og rússneskum hagsmunaaðilum. Fundur með þeim þingmönnum NR sem fylgjast sérstaklega með rússnesku og baltnesku samstarfi var síðan haldinn í byrjun árs 2013. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn ljúki störfum á fyrra helmingi 2013 þannig að unnt verði að kynna nýtt fyrirkomulag samstarfsins á þingi NR þá um haustið.

#### *Úttekt á samstarfi um stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum*

Á árinu skipuðu samstarfsráðherrarnir starfshóp til að fara yfir þá starfsemi sem snýr að afnámi stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum og leggja fram drög að áætlun um starfsemina eftir lok árs 2013, þegar umboð nefndarinnar um afnám stjórnsýsluhindrana rennur út.<sup>2</sup>

Starfshópurinn hélt nokkra fundi á árinu þar sem möguleg nýskipan ásamt öðru hefur verið til umræðu.

Tillaga um að stofna embætti norræns umboðsmanns um afnám stjórnsýsluhindrana, sem samþykkt var á haustþingi NR í Helsinki, var meðal þess sem starfshópurinn fjallaði um en hann mun að öðru leyti eiga náðið samráð við NR í störfum sínum. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn ljúki störfum á fyrra helmingi 2013 og að tillögur hans verði lagðar fram og kynntar á þingi NR þá um haustið.

#### *Ný áætlun um sjálfbæra þróun*

Ný stefnuáætlun um sjálfbæra þróun, „Et godt liv i et bæredygtigt Norden – Nordisk strategi for bæredygtig udvikling“, var samþykkt af samstarfsráðherrunum og var hún ásamt ráðherranefndartillögu um málið til umfjöllunar á haustþingi NR í Helsinki. Áætlunin tekur gildi við upphaf 2013 og nær til ársins 2025.

<sup>2</sup> Sjá einnig kafla um vettvang um afnám stjórnsýsluhindrana, bls. 11.

Norrænt samstarf um sjálfbæra þróun hefur lengi notið forgangs en þetta er fjórða áætlun sinnar tegundar sem löndin sameinast um. Í áætluninni er lögð áhersla á fimm þverfagleg samstarfsmálefni: Norræna velferðarkerfið, lífvænleika vistkerfa, loftslagsbreytingar, sjálfbæra nýtingu á auðlindum jarðar ásamt menntun, rannsóknir og nýsköpun. Litið er á áherslumál græna hagkerfisins sem mikilvæga leið til þess að ná langtímamarkmiðinu um sjálfbær samfélög á Norðurlöndum. Einnig tekur áætlunin mið af skuldbindingum Rio+20 ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Sem fyrr liggur ábyrgðin á framkvæmd og fjármögnun áætlunarinnar hjá fagráðherranefndunum sem munu fella áherslur hennar inn í samstarfsáætlanir sínar þannig að árangur verði mælanlegur. Gert er ráð fyrir skýrslugjöf um framvinduna á haustþingi NR 2013. Auk fjármögnunar fagsviðanna er NMR með sjóð sem veitir styrki til norrænna samstarfsverkefna um sjálfbæra þróun.

### *Verkefni um grænan hagvöxt – hnattvæðingarverkefni*

Á árinu fór fram undirbúningsvinna við þau átta verkefni sem skilgreind voru af vinnuhópi á vegum norrænu forsætisráðherranna sem fékk það hlutverk að afmarka þau svið græns hagvaxtar þar sem sameinaðar aðgerðir Norðurlanda gætu skapað norrænan virðisauka.<sup>3</sup> Verkefnunum var fundinn staður hjá þar til bærum ráðherranefndum í norrænu samstarfi en flest þeirra komu inn á borð orkumálaráðherranna sem var falið að vinna að þeim í samstarfi við aðrar ráðherranefndir, svo sem rannsókn- og vísindaráðherrana, atvinnumálaráðherrana, umhverfisráðherrana, húsnæðisráðherrana, landbúnaðarráðherrana og fjármálaráðherrana.

Flest verkefnin eru umfangsmikil og framkvæmd og undirbúningur vegna þeirra skammt á veg kominn – áfram verður unnið að þeim í viðkomandi ráðherranefndum á árinu 2013 en þau eru meðal helstu forgangsmála í norrænu samstarfi.

Rúm fimm ár eru síðan forsætisráðherrarnir ákváðu að í norrænu samstarfi skyldi sjónum beint að stöðu Norðurlanda í ört vaxandi hnattvæðingu og alþjóðlegri samkeppni. Markmiðið með áherslubreytingunni var að styrkja Norðurlönd inn á við og út á við í nýju alþjóðlegu umhverfi og að auka samkeppnishæfni og aðdráttarafl svæðisins á sviði vísinda, nýsköpunar og fjárfestinga. Til þess að vinna að þessum markmiðum var lagt upp með 22 svokölluð hnattvæðingarverkefni. Mörg þeirra runnu sitt skeið í árslok 2012 og nokkrum þeirra verður lokið 2013. Stærst þessara verkefna er áætlunin um öndvegisrannsóknir á sviði loftslags-, umhverfis- og orkumála en hún er eitt stærsta verkefnið sem ráðist hefur verið í á norrænum vettvangi. Innan áætlunarinnar rúmuðust 33 afmörkuð verkefni og verðmæti þeirra var samanlagt 700 milljónir norskra króna. Liður í hnattvæðingaráherslunni var að kynna Norðurlönd sem skapandi og framsækið svæði og var það m.a.

<sup>3</sup> Sjá einnig bls. 10–11 í skýrslu samstarfsráðherra 2011.

gert með margvíslegum menningarkynningum víða um heim. Enda þótt upphaflegu hnattvæðingarverkefnunum sé nú að ljúka má reikna með að ný verkefni verði þróuð á grunni þeirra.

Almennt má segja að hnattvæðingaráherslan hafi kallað á breytingar í starfsháttum á vettvangi hins norræna samstarfs. Verkefni eru nú í meira mæli en áður þverfagleg, þ.e. nokkrar ráðherranefndir sameinast um þau og með því móti nýtast norrænir fjármunir betur. Það hefur einnig leitt til aukins samstarfs um norræn málefni milli ráðuneyta í löndunum. Vísinda- og nýsköpunarsamstarf er nú meira en áður og myndast hafa öflug tengslanet sem eru komin til að vera. Loks má benda á að með því norræna fjármagni sem lagt var í hnattvæðingarverkefnið reyndist unnt að ná fram umtalsverðum mótframlögum – á það ekki hvað síst við um áætlunina um öndvegissróknir.

### *Vettvangur um afnám landamæra- og stjórnsýsluhindrana*

Afnám stjórnsýsluhindrana er eitt forgangsverkefna í opinberu norrænu samstarfi þar sem leitast er við að ryðja úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir frjálsa för norrænna borgara til náms eða starfs í öðru norrænu landi en heimalandinu. Norrænn vettvangur um afnám landamæra- og stjórnsýsluhindrana (Grænsehindringsforum), sem starfar í umboði MR-SAM, hvatti til þess í samvinnu við forseta þjóðþinganna og NR að efnt yrði til þemaumræðu um stjórnsýsluhindranir í norrænu þjóðþingunum. Með sameiginlegu bréfi vettvangs um afnám stjórnsýsluhindrana og NR til forseta þjóðþinganna og samstarfsráðherra landanna var látin í ljós sú von að með þemaumræðum í þjóðþingunum gæfist einstakt tækifæri til að áréttta mikilvægi þess að ekki sköpuðust nýjar hindranir við undirbúning nýrrar löggjafar í löndunum. Einnig væri þess vænst að nánara samráð verði milli landanna við innleiðingu tilskipana og annarra aðgerða ESB í hverju landi til að forðast landamæra- og stjórnsýsluhindranir. Þemaumræðurnar voru haldnar á Alþingi 20. apríl og fóru fram nær samtímis í öllum norrænu þjóðþingunum. Voru þær af svipuðum toga í öllum þingunum og báru þess vitni að aukinn skilningur ríkir á því að ýmis vandkvæði hefja frjálsa för borgara og fyrirtækja á Norðurlöndum. Augljóslega blasa landamæra- og stjórnsýsluhindranir betur við nú en áður en norrænn vettvangur um afnám stjórnsýsluhindrana var settur á laggirnar árið 2007.

Fjöldi erinda frá einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum eru til umfjöllunar á vettvangi um afnám stjórnsýsluhindrana, mörg af sama toga og fram komu í fyrrnefndum þemaumræðum. Þeim er komið á framfæri við stofnanir, stjórnvöld og þingmenn eftir því sem við á. Leyst hefur verið úr nokkrum tugum hindrana á undanförunum árum. Mörg þeirra erinda sem berast vettvangi um stjórnsýsluhindranir eru hins vegar stjórnsýslulega flókin, einkum þau sem lúta að almannatryggingum, félagslegri aðstoð og félagslegri þjónustu. Hefur ýmsum þeirra verið vísað til þverfaglegs hóps

sérfræðinga á vegum ráðherranefndanna um félags- og vinnumarkaðsmál (MR-S og MR-A) til að meta hvort um væri að ræða landamæra- eða stjórn-sýsluhindranir með tilliti til laga og reglugerða á Norðurlöndum. Þeim málum mun áfram verða fylgt eftir í samvinnu við viðkomandi embættismannanefndir, NR og aðra viðeigandi aðila og stofnanir.

Eitt þeirra mála sem ítrekað hefur komið til kasta vettvangs um stjórn-sýsluhindranir undanfarin ár er ágreiningur sænskra og íslenskra trygginga-málayfirvalda vegna synjunar umsókna íslenskra námsmanna og fjölskyldna þeirra í Svíþjóð um félagslegar bætur. Meginrök sænskra stjórnvalda byggðust að lokum á því að Ísland hefði ekki innleitt reglugerð ESB nr. 883/2004. Reglugerðin tók gildi á Íslandi 1. júní 2012 en samkvæmt henni gilda sömu samræmingarreglur í öllum norrænu löndunum þegar metinn er réttur til félagslegra trygginga og bóta. Föst búseta og búseturéttur námsmanna skiptir meginmáli. Lagt er mat á það hvort einstaklingur teljist búsettur í landinu og njóti þar af leiðandi félagslegra trygginga og bóta. Löggjöf viðkomandi lands sker úr um hvort um slíka búsetu sé að ræða. Bent er á það í greinargerð<sup>4</sup> að hugsanlega verði kerfið flóknara og að það muni taka lengri tíma að komast að niðurstöðu og fá úrskurð um búsetu en nú er.

Vettvangi um stjórn-sýsluhindranir berast stöðugt ábendingar um erfið-leika fólks sem vegna búsetu í fleiri en einu norrænu landanna fær skertar örorkubætur. Hefur það komið fólki í opna skjöldu þar sem almennt er gengið út frá því að unnt sé að flytja milli Norðurlanda án vandkvæða. Örorkumat á Norðurlöndum byggist hins vegar á mismunandi forsendum. Dæmi eru um íslenska öryrkja sem fá verulega skertar örorku- eða lífeyrisgreiðslur vegna þessa. Um er að ræða margþætt vandamál sem kallar á meira samræmi reglna á Norðurlöndum um úrlausnir vegna skertrar starfsgetu og örorku með tilliti til sameiginlegs vinnumarkaðar.

Ýmis mál sem varða íslenska borgara verða áfram til umfjöllunar á vettvangi um afnám stjórn-sýsluhindrana. Þar á meðal eru vandkvæði vegna við-urkenningar íslenskra starfsréttinda í öðrum norrænum löndum. Fyrirhugað er að halda ráðstefnu vorið 2013 um norræna samvinnu með hliðsjón af þeim málum sem fram koma í fyrrnefndri greinargerð um stjórn-sýsluhindranir á Norðurlöndum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála. Á ráðstefnunni gefst tækifæri til að fjalla um hvernig unnt sé að bregðast við tillögum til úrlausna á landamæra- og stjórn-sýsluhindrunum á Norðurlöndum.

### *Norræn barna- og ungmennanefnd*

Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) heyrir undir MR-SAM en í nefndinni eru fulltrúar menningar- og menntamálaráðuneytisins.<sup>5</sup>

4 Stjórn-sýsluhindranir á Norðurlöndum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála.

5 Sjá nánar um Norræna barna- og ungmennanefndina á bls. 18.

### *Samstarf og samráð við Norðurlandaráð*

NMR og Norðurlandaráð (NR) áttu sem endranær ágætis samstarf enda er það í nokkuð föstum skorðum með reglulegum samráðsfundum um norrænu fjárlögin og fleiri brýn málefni. Það er á ábyrgð samstarfsráðherranna að láta gera norrænu fjárlögin en samkvæmt 64. gr. Helsingfors-samningsins á NR að láta í ljósi álit sitt áður en endanlega er gengið frá þeim. Ályktanir NR sem svara þurfti á árinu og beindust að NMR og ríkisstjórnnum landanna voru 59, af þeim voru 24 frá árinu 2011 en hinar voru frá fyrri árum. Við þær bættust svo 13 nýjar ályktanir sem samþykktar voru á þemafundi NR sem haldinn var í Reykjavík í mars 2012.

Samstarfsráðherra átti fund með Íslandsdeild NR skömmu fyrir þing NR sem var að þessu sinni haldið í Helsinki. Á fundinum var venju samkvæmt farið yfir helstu mál sem voru á dagskrá þingsins. Auk þess hélt ráðherra fund með þingmönnum Íslandsdeildar til þess að kynna fyrir þeim undirbúning vegna formennsku Íslands í NMR 2014.

## **4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins**

Samskipti *norrænu utanríkisráðherranna* einkenndust eins og undanfarin ár af hefðbundnu samráði á sviði utanríkismála og markvissu framhaldi á þeirri vinnu sem fór af stað með tillögum Thorvalds Stoltenberg frá árinu 2009 um dýpra samstarf ríkjanna í utanríkis- og öryggismálum til næsta áratugar. Hefur þetta samstarf verið meginþema á öllum fundum utanríkisráðherranna frá því að tillögur Stoltenberg voru lagðar fram og hefur mikilvægum áföngum verið náð innan settra tímamarka.

Forgangsverkefni utanríkisráðherranna á árinu voru aukið stjórnsýslusamstarf norrænu utanríkisráðuneytanna er varðar rekstur og staðsetningu sendiráða, norræn loftrýmisgæsla við Ísland og sameiginlegar varnir gegn netárásum.

Norrænu utanríkisráðherrarnir fundu reglulega, a.m.k. fjórum sinnum á ári, þar af er einn fundur með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna (NB8) og einn fundur í tengslum við setningu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þar sem öðrum ríkjum eða ríkjahópum er boðin þátttaka eftir atvikum. Noregur var í forsæti ráðherrafundanna á árinu.

Á fundum utanríkisráðherranna í Stavanger í maímánuði var, auk umræðu um helstu málefni á aðjóðavettvangi, stefnt að því að sameiginleg niðurstaða næðist er varðar stjórnsýslusamstarfið og loftrýmisgæslu á seinni fundi ráðherranna sem haldinn var í tengslum við þing NR í Helsinki í lok október. Þá var ályktað að sameiginlegum vörnum gegn netárásum, með nauðsynlegum tækjabúnaði, verði komið á fót eins fljótt og auðið er með samvinnu milli

þeirra fagráðuneyta og stofnana, sem að málinu koma, þegar öllum lagalegum skilyrðum hefur verið fullnægt. Noregi var áfram falið að samhæfa þá vinnu. Á þinginu í Helsinki staðfestu Svíþjóð og Finnland vilja sinn til þess að taka þátt í loftrýmisgæslu við Ísland árið 2014. Í yfirlýsingu utanríkisráðherra landanna af fundinum kemur fram að í þessari ákvörðun felist staðfesting á norrænni samstöðu og þannig rökrétt framhald á því nána samstarfi á sviði æfinga sem Svíþjóð, Noregur og Finnland hafa átt með sér í norðri.

Endanleg ákvörðun verður tekin eftir þinglega meðferð í Finnlandi og Svíþjóð og umfjöllun í fastaráði NATO. Er hér um að ræða sögulega ákvörðun í norrænu samstarfi.

Ákveðin tímamót í stjórnsýslusamstarfi utanríkisráðuneytanna voru einnig mörkuð í Helsinki en á undanförunum árum hefur verið rætt samráð þeirra um að efla enn frekar samstarf norrænna sendiráða erlendis til að ná fram sparnaði, hagræðingu og til að styrkja sameiginlega ímynd Norðurlanda í þriðju ríkjum. Á undanförunum árum hafa sendiráð tveggja eða fleiri norrænna landa komið sér fyrir í sameiginlegu húsnæði en sameiginlegar byggingar norrænu sendiráðanna í Berlín er þekktasta dæmið. Í Helsinki var lögð fram áætlun um sameiginlega aðstöðu sendiráðanna í fjarlægum löndum, til að byrja með í Búrma, Pakistan, Víetnam og Bangladess. Til lengri tíma verður einnig hugað að samstarfi í Genf og Ottawa. Ísland deilir nú þegar sendiráðshúsnæði með Danmörku í London og með Svíþjóð í Washington D.C. Þá ráðgera norræn lönd að koma sér fyrir undir sama þaki í fleiri evrópskum höfuðborgum. Um þessar mundir íhuga hin norrænu löndin einnig að sameina skrifstofur sínar í Reykjavík.

Á árinu 2011 undirrituðu utanríkisráðherrarnir minnisblað ásamt utanríkisráðherrum Eustrasaltríkjanna þriggja um samstarf sendiráða og möguleika á tímabundinni gagnkvæmri aðstöðu í sendiskrifstofum ríkjanna átta erlendis. Áhersla er lögð á sveigjanleika og hagkvæmni í þessu samstarfi.

## 5. Menningarmál

*Norræn ráðherranefnd um menningarmál (MR-K)* hélt tvo fundi á árinu. Sótti mennta- og menningarmálaráðherra Íslands báða fundina og mælti auk þess fyrir tillögum menningarmálaráðherranna um barnabókaverðlaun og menningarstefnu á þingi NR. Haldnir voru fjórir fundir í *norrænu embættismannanefndinni um menningarmál (EK-K)*.

### *Aukinn stuðningur við bókmenntir barna og ungmenna*

Eftir áralanga umræðu innan ráðherranefndarinnar var tekin ákvörðun um norræn barnabókaverðlaun sem afhent verða í tengslum við þing NR á

ári hverju. Jafnframt var ákveðið að auka verulega stuðning við bókmenntir barna, bæði í formi þýðingarstyrkja til barna- og unglingsbókmennta og til rithöfundanámskeiða. Norræna húsinu í Reykjavík hefur verið falin umsýsla verkefnisins.<sup>6</sup>

### *Menningarstefna 2013–2020*

Samþykkt var stefna í menningarmálum til næstu sjö ára. Skiptist stefnan í fimm kafla, sjálfbær Norðurlönd, skapandi Norðurlönd, fjölmenningarleg Norðurlönd, Norðurlönd fyrir ungu kynslóðina og stafræn Norðurlönd. Stefnuna á að framkvæma innan stofnana og á hún að vera leiðarljós í formennskuáætlunum landanna næstu árin. Unnið verður að framkvæmd hennar m.a. með tilliti til áherslna NR í menningarmálum sem og með norrænum menningarstofnunum og menningarráðum.

Fjárveitingar eiga einnig að endurspeglar þessar áherslur. Stefnan hefur verið gefin út á norsku auk íslensku, finnsku og ensku.

### *Norræn bókamessa í Gautaborg*

Á bókamessunni, sem haldin er í september á ári hverju, voru Norðurlönd í brennidepli. Af því tilefni sótti samstarfs- og menningarmálaráðherra Íslands bókamessuna heim og tók þátt í umræðum og málþingum ásamt öðrum ráðherrum, þingmönnum og rithöfundum frá öllum norrænu löndunum.

### *Norræn listahátíð „Nordic Cool“ í Kennedy Center í Washington árið 2013*

Á árinu var unnið að undirbúningi að norrænni menningarhátíð sem menningarstofnunin Kennedy Center í Washington DC stendur fyrir dagana 19. febrúar til 17. mars 2013 með fjölda menningarviðburða frá löndunum og sjálfstjórnarsvæðunum. Hér er á ferðinni stærsta tækifæri sem Norðurlönd og þar með talið Ísland hafa fengið um árabíl til að koma á framfæri menningu sinni, listum og skapandi greinum en hátíðin mun fá mikla kynningu í Washington DC og um öll Bandaríkin.

Kennedy Center er ein virtasta og öflugasta menningarstofnun Bandaríkjanna. Í henni eru leikhús, tónleikasalir og danssvið sem henta stórum og smáum viðburðum og verður höfuðáhersla hátíðarinnar á leiklist, tónlist og dans. Á göngum og í ýmsum rýmum hússins verður komið fyrir norrænni myndlist, norrænni hönnunarsýningu og aðstaða verður fyrir tölvuleiki og ýmsa fræðslu fyrir börn. Einnig verða á hátíðinni sýndar norrænar kvikmyndir og norrænar bókmenntir kynntar. Á veitingastöðum hússins verður matur frá Norðurlöndum á boðstólum.

<sup>6</sup> Sjá nánar um verkefnið á bls. 76.

Kennedy Center skipuleggur hátíðina, sem stendur í fjórar vikur, og valdi dagskrárliði Norðurlanda. Stofnunin stendur jafnframt straum af stórum hluta kostnaðar. Fulltrúar Íslands verða Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenski dansflokkurinn, leikhópurinn Vesturport, Maxímús Músíkús, Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari, hljómsveit Sunnu Gunnlaugsdóttur djasspíanóleikara og Duo Harpverk. Einnig verða á dagskránni íslenskar kvikmyndir, hönnun, bókmenntir, matargerð og tölvuleikir sem kynnt verða sem hluti af norrænum sýningum og viðburðum og er sá hluti greiddur að hluta af norrænu fé. Ríkisstjórn Íslands lagði fram 25 milljónir íslenskra króna til stuðnings íslensku þátttökunni.

### *Norræna hátíðin „Ting“*

Síðastliðin fjögur ár hefur ráðherranefndin, að frumkvæði menningarnefndar NR, veitt fjárstuðning til menningarhátíðar sem haldin hefur verið í tengslum við þing NR. Á grundvelli niðurstöðu úttektar sem gerð var á árinu var ákveðið að leggja þessa hátíð af í núverandi mynd, þar sem sýnt þykir að aðrar leiðir gagnist betur til að kynna norræna menningu og gera norrænu menningarverðlaunin sýnileg.

### *Norræn menningargátt*

Nýr forstöðumaður Norrænu menningargáttarinnar tók við starfi á árinu en stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm aðalfulltrúum og þremur til vara. Gefin var út handbók fyrir styrkjaverkefni til ársins 2016. Þá hefur verið gefinn út upplýsingabæklingur, m.a. á íslensku, fyrir samstarfið sem nefnist „Vettvangur menningarstarfs á Norðurlöndum og í nágrenni þeirra“. Á vegum Menningargáttarinnar eru rekin tvö styrktarverkefni.

Í fagraði ferða- og dvalarstyrkjaverkefnis innan menningargáttarinnar eru fulltrúar frá Eistlandi, Noregi, Danmörku og Íslandi. Dvalarstyrkjakerfið er á margan hátt einstakt innan norræna styrkjakerfisins að því leyti að ekki eru veittir beinir styrkir til einstakra listamanna. Stuðningurinn fer til stofnana og félagasamtaka sem sérhæfa sig í að skapa aðstæður fyrir listamenn til að vinna sjálfstætt að þróun sinnar listar fjarri heimabyggð. Hér er því verið að treysta þriðja aðila fyrir að velja hæfustu listamennina til að ná fram markmiðum sínum án beinnar aðkomu fagraðsins. Þetta traust er hornsteinn að reglu hæfilegrar fjarlægðar. Kerfið er því mikilvægt til sjálfstæðrar uppbyggingar á tengslaneti listafólks sem skilar sér margfalt til samfélagsins og inn í nærumhverfið sem oft á tíðum er utan stórborga og stærri þéttbýliskjarna. Sem dæmi um slíkt má nefna Skaftfell á Seyðisfirði sem hlaut styrk úr síðustu tveim úthlutunum.

Verkefni fagraðsins á árinu var að úthluta tvisvar ferða- og dvalarstyrkjum fyrir 2012–2013 og 2013–2014. Við mat á umsóknum var stuðst við þau markmið og áherslur sem lagðar voru til grundvallar við úthlutun, m.a.



um fjölbreytileika og nýsköpun ásamt möguleika til þróunar og þátttöku í samfélagsverkefnum tengdum dvöl viðkomandi listamanns. Af úthlutuðum styrkjum fengu þrír aðilar frá Íslandi styrk. Fagráðið hélt fund með styrkþegum í þeim tilgangi að efla tengslanet þeirra sem hlutu styrk, hvetja til frekara samstarfs sem og að miðla upplýsingum, reynslu og þekkingu.

Fagråd lista- og menningarverkefnisins skipa sérfræðingar hvaðanæva af Norðurlöndum. Íslensk verkefni hafa jafnan fengið góðan hljómgrunn hjá sjóðnum og hlutfall íslenskra verkefna sem hljóta styrki er hátt. Á síðasta ári má nefna verkefni svo sem „(I)ndependent people“ á Listahátíð í Reykjavík, „Bastarða“ Vesturports, „Sequences“-hátíðina, myndlistarhátíðina „Æring“ og „Reykjavík Dance Festival“.

### *Norræni menningarsjóðurinn*

Starfsemi Norræna menningarsjóðsins var með hefðbundnu sniði á árinu og litlar breytingar á starfsháttum. Stjórn sjóðsins er skipuð þrettán fulltrúum, þar af tveimur frá Íslandi. Stjórnin hittist á þremur fundum á árinu m.a. á Grænlandi þar sem hún kynnti sér menningarstarfsemi þar í landi. Í hagræðingarskyini var um áramótin hætt að senda út pappír og stjórnarmenn fengu til afnota spjaldtölvur. Með því hafa þegar sparast 6 þúsund danskar krónur og áætlað er að árlegur sparnaður muni nema um 45 þúsundum danskra króna.

Meginverkefni stjórnar er að taka afstöðu til umsókna. Á árinu var fyrirkomulagi breytt á umsóknaferli í þeim tilgangi að gera það skilvirkara, bæta þar með þjónustu við umsækjendur og gefa stjórn sjóðsins betri yfirsýn. Þá er breytingunum ætlað að stuðla að faglegru vinnubrögðum og betri umsóknum um verkefni. Umsóknum fækkaði lítilsháttar milli ára. Af íslenskum verkefnum sem hlutu styrk má nefna „Volcanic Circus project“ (Norræna húsið), „Wilderness“ (dansverkefni), Norræna ljósmyndasýningu (Ljósmyndasafn Reykjavíkur) og Nadyta, leikhóp daufblindra (Draumasmíðjan). Með hliðsjón af áherslum ráðherranefndarinnar um menningarmál hefur Norræni menningarsjóðurinn sett í forgang: Verkefni sem með beinum hætti virkja börn og ungmenni til þátttöku í norrænni samvinnu; sem stuðla að auknum skilningi á norrænum tungumálum og vinna þannig að aukinni þekkingu á tungumálum Norðurlanda sem burðarvirkjum menningar; sem efla þátttöku norrænna nýbúa í norrænni menningarsamvinnu; á dreifbýlum svæðum á Norðurlöndum og verkefnum sem ætlað er að efla vestnorræna samvinnu í norrænu samstarfi.

Stjórnin tilkynnti á árinu hvaða verkefni hafi verið valið sem Norræna menningarverkefnið 2013/2014. Yfirskriftin að þessu sinni er „Hátíð barna og ungmenna“ og styrkurinn nam 3 milljónum danskra króna. Fyrir valinu varð verkefnið „Norðlægt ljós – farandlistahátíð ungmenna“. Að umsókninni stóðu Satama leikhúsið í Finnlandi, Tornedalsleikhúsið í Svíþjóð og kvik-

myndafyrirtækið Ursus Parvus frá Íslandi. Á Listahátíð í Reykjavík 2012 frumsýndi Vesturport í samstarfi við Borgarleikhúsið í Málmey og Teater Får302 í Danmörku leiksýninguna „Bastarða“ en sú sýning hlaut samsvarandi styrk frá sjóðnum árið 2010. Næsta stóra verkefnið er áætlað að verði norrænn stafrænn menningarviðburður 2015/2016.

### *Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn*

Starfsemi Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu en alls voru veittar um 59,9 milljónir íslenskra króna eða um 2,58 milljónir norskra króna í styrki til íslenskra verkefna. Fyrirtækið Mystery Island hlaut framleiðslustyrk til að vinna að gerð leiknu kvikmyndarinnar „Málmhaus“ undir leikstjórn Ragnars Bragasonar en árið 2011 hlaut fyrirtækið þróunarstyrk til að fullgera handrit myndarinnar. Sagafilm og leikstjórinn Óskar Jónasson fengu framleiðslustyrk til að framleiða leiknu sjónvarpsþáttaröðina „Pressa III“ sem sýnd var á Stöð 2. Fyrirtækið Zik Zak hlaut framleiðslustyrk vegna leiknu kvikmyndarinnar „Svartur á leik“ sem Óskar Þór Axelsson leikstýrir en framleiðendur eru Þórir Snær Sigurjónsson og Skúli Malmquist. Fyrirtækið Edison lifandi ljósmyndir hlaut framleiðslustyrk vegna heimildamyndarinnar „Aska“ í leikstjórn Herberts Sveinbjörnssonar. Myndin fjallar um eldgosið í Eyjafjallajökli og áhrif þess á þrjár fjölskyldur. Fyrirtækið LoFi Production hlaut framleiðslustyrk vegna heimildamyndarinnar „Um stund“ sem Markús Þór Andrésson og Ragnheiður Gestsdóttir leikstýra. Myndin fjallar um líf og starf listamannsins Hreins Friðfinnssonar. Veittur var menningarstyrkur til Reykjavík International Film Festival (RIFF) sem tengist verkefninu „New landscapes – Terra Nowa“. Hrönn Marinósdóttir er framkvæmdastjóri RIFF. Veittir voru dreifingarstyrkir vegna verkefna sem tengjast „Nordic High Five 2012“. Fyrirtækið Græna ljósið, sem sérhæfir sig í dreifingu óháðra mynda, stóð að sýningu norrænna kvikmynda og fékk til þess styrk. Auk þess veitti sjóðurinn samnorræna kvikmyndastyrki og loks má nefna að veittur var styrkur til að dreifa norrænum myndum í Bandaríkjunum. Þessir styrkir gagnast öllum sem aðild eiga að sjóðnum en mennta- og menningarmálaráðuneytið, Stöð 2 og Ríkisútvarpið greiddu samtals 8,8 milljónir króna í aðildargjöld á liðnu ári.

### *Norræn barna- og ungmennanefnd*

Störf Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK) voru með hefðbundnum hætti. Nefndin heyrir undir MR-SAM og vinnur eftir stefnumótun og reglum sem MR-SAM hefur samþykkt.

Nefndin veitir styrki til verkefna á vegum norrænna æskulýðssamtaka. Starfsemin felst aðallega í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og verkefnum

tengdum formennskuáætlunum norrænu landanna en auk þess hafa síðustu framkvæmdáætlanir lagt áherslu á hnattvæðingarverkefni og þverfagleg verkefni. NORDBUK mun taka þátt á Norrænu listahátíðinni „Nordic Cool“ í Kennedy Center, í samstarfi við norrænu embættismannanefndina um jafnrétti (EK-JÁM), með málstofu sem ber heitið „Youth, internet and gender“.

NORDBUK úthlutaði á árinu um 3,7 milljónum danskra króna til verkefna á vegum norrænna æskulýðssamtaka. Alls bárust 101 umsókn og þar af fengu 29 verkefni styrk. Nefndin úthlutar einnig styrkjum til starfsemi og félagstengsla æskulýðssamtaka á Norðurlöndum en alls var úthlutað um 1,4 milljónum danskra króna til ellefu samtaka.

### *Stjórnarnefnd um skapandi greinar*

Stjórnarnefnd um skapandi greinar (KreaNord) vinnur að því að efla Norðurlönd á sviði skapandi greina með því að leggja áherslu á að skapa tengslanet, stuðla að þróun og kynningu og leggja fram tillögur til stjórn-málamanna á grundvelli verkefna í löndunum.

Fyrir liggur nýleg úttekt sem gerð hefur verið á stöðu höfundaréttarmála hvað snertir skapandi atvinnugreinar. Nokkur munur er milli norrænu landanna á þessu sviði og hefur reynst ýmsum erfiðleikum bundið að gera samninga sem ná til allra landanna þó að löggjöfin sé svipuð. Stendur þetta sameiginlegum norrænum markaði á þessu sviði fyrir þrifum en ryðja þarf úr vegi viðskiptahindrunum á Norðurlöndum þannig að svæðið geti orðið einn markaður. Einnig hefur verið unnin skýrsla um fjárfestingarmöguleika fyrir skapandi atvinnugreinar. Í henni er lagt til að stofnaður verði Norrænn nýsköpunarsjóður með svipuðu sniði og ESB stefnir að innan vébanda nýju áætlunarinnar „Creative Europe“. Ítarleg skýrsla liggur fyrir um frumkvöðlafræðslu í listnámi á háskólastigi. Á árinu var „Center for Kultur og Oplevelsesøkonomi“ falið að taka saman skýrslu um verkefni KreaNord til þessa og leggja mat á árangurinn. Úttektin og greining birtist í skýrslunni „Kreative Norden 2012 – KreaNords virke og resultater til fremme for de kulturelle og kreative erhverv i Norden“. Verkefnin eru flokkuð á grundvelli stefnuyfirlýsingar sem MR-K og ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER) samþykktu haustið 2010. Fyrr á árinu kom út skýrslan „Vækst, kreativitet og innovation i Norden“ sem segir frá átján verkefnum á Norðurlöndum á sviði skapandi greina. Tilgangurinn var að draga fram dæmi um þá grósku sem er á Norðurlöndum. Nýsköpunarmiðstöð Íslands tók þátt af hálfu Íslands. KreaNord stóð fyrir úttekt á þeim stefnum fyrir skapandi greinar sem til eru á Norðurlöndum og birtist hún í skýrslunni „Store Forandringer - Store Muligheder: Analyse af policyudviklingen til fremme af de kulturelle og kreative erhverv i Norden 2007–2012“. Undir lok ársins kom út skýrsla frá dönsku hagstofunni um tölfræðiúttekt á skapandi greinum á Norðurlöndum.

MR-K og MR-NER hafa ákveðið að KreaNord haldi áfram næstu þrjú ár 2013–2015 og vinnur stjórnarnefndin nú að stefnumótun fyrir næstu árin.

### *Norrænt leikjaverkefni*

Ísland tekur þátt í norræna leikjaverkefninu sem starfrækt hefur verið frá árinu 2006 og hefur nú verið framlengt til 2016. Markmið þess er að styrkja menningartengda leikjagerð, þá sérstaklega með áherslu á leiki fyrir yngra fólk og uppbyggjandi hlutverk leikja við kennslu. Frá því verkefnið hófst hefur orðið vakning í norrænu löndunum í leikjaframleiðslu og hafa þau skapað sér sess á heimsmarkaði með framlagi sínu. Til marks um þennan árangur eru finnsku leikirnir Angry Birds og Max Payne, norsku leikirnir Wordfeud, Anarchy Online og The Longest Journey, sænsku leikirnir Minecraft, Battlefield og Just Cause, dönsku leikirnir Hitman og Kane and Lynch og leikurinn Eve Online sem framleiddur er á Íslandi. Þessir leikir eru þekktir á heimsvísu og spilaðir af hundruðum milljóna manna. Leikjageirinn er því orðinn mjög stór í útflutningi Norðurlanda á sviði lista og skapandi greina.

Verkefnið er þrjúþætt. Í fyrsta lagi eru veittir þróunarstyrkir sem leikjaframleiðendur á Norðurlöndum geta sótt um. Skilyrði eru að leikir uppfylli skilgreind markmið leikjaverkefnisins sem er að þemu leiksins tengist á einhvern máta norrænni menningu. Umsóknir á árinu voru 159, þar af tíu frá íslenskum fyrirtækjum, sem er svipað og tvö árin þar á undan. Ljóst er að vakning varð meðal leikjaframleiðenda árið 2010 því árin þar á undan sóttu aðeins eitt til þrjú fyrirtæki um styrk. Íslensk fyrirtæki hafa sent inn 46 umsóknir frá því verkefnið hófst og alls hafa fimm íslensk fyrirtæki fengið styrki upp á alls 2,2 milljónir danskra króna eða 11% umsókna sem er svipað hlutfall og Noregur en aðeins minna en Danmörk. Engri umsókn frá Íslandi var þó veittur styrkur á árinu.

Í öðru lagi er lögð áhersla á að tengja norræna leikjageirann við alþjóðamarkaðinn. Því er náð fram með því að stuðla að ferðum á sýningar í Evrópu og Bandaríkjunum sem og í Asíu. Áhugi er á norrænum leikjum víða um heim.

Í þriðja lagi er norræna leikjaráðstefnan „Nordic game“ mikilvægur vettvangur fyrir leikjafyrirtækin á Norðurlöndum. Ráðstefnan gefur leikjahönnuðum tækifæri á að skiptast á skoðunum og efla tengslanetið, auk þess að hlýða á fyrirlestra helstu sérfræðinga í leikjagerð. Ráðstefnan er lítil miðað við sambærilegar ráðstefnur en fjöldi þátttakenda hefur vaxið jafnt og þétt. Voru um 1500 þátttakendur á ráðstefnunni sem fram fór í Málmei í maí. Samtök íslenskra leikjaframleiðenda (IGI) voru með bás en fyrirtæki sem voru með fulltrúa á ráðstefnunni að þessu sinni voru CCP, Fancy Pants Global, Clara og Locatify. Íslandsstofa sá um skipulagningu, bás og kynn-

ingarbækling. Fyrirtækið PlainVanilla hlaut verðlaun á ráðstefnunni fyrir besta barnaleikinn, The Moogies.

Norræna leikjaverkefnið hófst árið 2004 að tilstuðlan Íslands og hefur haft jákvæð áhrif á þróun leikjaiðnaðarins á Norðurlöndum. Á Íslandi hafa komið fram nýsköpunarfyrirtæki í leikjagerð og hefur norræna leikjaverkefnið átt þátt í þróun þeirra fyrirtækja. Árið 2009 stofnuðu leikjaframleiðendur samtök, Icelandic Game Industry eða IGI, undir merkjum samtaka iðnaðarins. Leikjaiðnaðurinn á Norðurlöndum telur meira en 350 fyrirtæki sem hafa yfir 4.500 starfsmenn og eru með samanlagða veltu upp á 500 milljónir evra. Innan samtaka íslenskra leikjaframleiðenda eru níu félög en gera má ráð fyrir að í heildina séu um 15–20 félög sem koma að leikjagerð. Félögin innan samtakanna hafa um 620 starfsmenn og veltu 62 milljörðum evra árið 2011 en CCP er þar langstærst. Á haustmánuðum stofnuðu Samtök leikjaframleiðenda á Norðurlöndum „Nordic Game Institute“ (NGI).

### *Norræn tónlistarkynningarmiðstöð*

Nomex er norræn kynningarmiðstöð tónlistar sem vinnur að verkefnum sem eiga að auka samstarf tónlistargeirans á Norðurlöndum.

Meginverkefni Nomex á árinu voru annars vegar að þróa norrænan spilunarlista sem verður kynntur og leikinn í ríkisútvörpum landanna og á netinu. Stefnt er að því að spilunarlistinn verði tilbúinn til spilunar síðla árs 2013. Markmið þessa verkefnis er að kynna nýja norræna tónlist betur en nú er gert og auka þar með eftirspurn eftir tónleikum og tónlist á Norðurlöndum. Fimm lög frá hverju landi verða valin á listann sem kynntur verður vikulega. Byrjað er á popptónlist en ætlunin er að þróaður verði spilunarlisti fyrir djass og klassíska tónlist. Nomex stendur einnig að því að koma á samstarfi við flugfélög og lestarfélög á Norðurlöndum um greiðari leið tónlistarfólks að norrænum mörkuðum fyrir tónleikahald, upptökur og markaðsvinnu. Önnur verkefni kynningarmiðstöðvarinnar eru m.a. „JAJAJA“, tónleikakvöld í London með norrænum tónlistarmönnum, „HOKOU NIGHT“, norrænir raftónleikar og kynningarkvöld sem haldið er árlega í Tókýó, og „DIAS NORDICOS“, tónleikaröð í Madrid. Þá hefur Útón kynningarmiðstöð íslenskrar tónlistar verið falið að sinna fræðslu á Norðurlöndum um markaðssetningu á netinu og samskipti fyrir hönd landanna um þátttöku á Midem tónlistarhátíðinni í Cannes.

### *Norræn þekkingarmiðstöð á sviði fjölmiðla- og boðskiptafræða*

Starfsemi Norrænu þekkingarmiðstöðvarinnar á sviði fjölmiðla- og boðskiptafræða (Nordicom) er umfangsmikil. Meginverkefni hennar er að standa að, safna og miðla rannsóknum á sviði fjölmiðla og boðskipta til ólíkra notenda á Norðurlöndum og víðar. Miðstöðin safnar, greinir og miðlar upp-

lýsingum um stöðu og þróun fjölmiðla á Norðurlöndum. Hlutverk stjórnar er að skipuleggja og hafa yfirumsjón með starfi miðstöðvarinnar og rekstri. Í haust skilaði Nordicom eftirlitsnefnd NR skýrslu um starfsemina.

Þekkingarmiðstöðin heldur úti vef og gefur út tímaritin „Nordic Information, Nordicom Review og Nordic Media Trends“. Einnig eru gefin út sérrit, t.d. kom á árinu út rit með erindum af ráðstefnu norrænna fjölmiðlafræðinga sem haldin var á Akureyri 2011. Nordicom stendur einnig að þekkingarsetri um börn og fjölmiðla í samstarfi við UNESCO (The International Clearinghouse on Children, Youth and Media) og hefur staðið fyrir rannsóknnum, ráðstefnum og samstarfi af ýmsu tagi á því sviði. Þá var gefið út sérritið „Youth have Their Say on Internet Governance“ (Nordic Youth Forum at EuroDIG Stockholm June 2012).

Höfuðstöðvarnar eru við háskólann í Gautaborg en í öðrum norrænum löndum eru Nordicom starfsstöðvar eða fulltrúar. Nordicom veitir aðgang að þekkingu, upplýsingum og tengslaneti sem nýtist íslenskum fræðimönnum og stjórnkerfinu, m.a. við rannsóknir, kennslu, stefnumótun og þróun á sviði fjölmiðlunar og boðskipta.

#### *Norðlæga víddin um menningarsamstarf*

Ísland og Noregur, Eystrasaltsríkin, Rússland og ESB standa sameiginlega að áætlun sem ætlað er að skapa vettvang fyrir tengslanet innan Norðlægu víddarinnar með það að meginmarkmiði að ná fjárhagslegum árangri með þróun og kynningu á menningarverðmætum og virðisaukandi þjónustu. Verkefni Norðlægu víddarinnar (NDPC) eiga að stuðla að því að auka hæfi menningar og skapandi greina í gegnum samskipti með því að skapa ný tækifæri í sameiginlegum menningarverðmætum og þjónustu, byggja upp viðskiptasambönd, koma á alþjóðlegu tengslaneti og uppbyggingu skapandi samfélaga.

#### *Norræna húsið í Reykjavík*

Norræna húsið í Reykjavík heyrir undir MR-K<sup>7</sup>.

#### *Norræna stofnunin í Álandseyjum*

Norræna stofnunin í Álandseyjum (NIPÅ) sinnir jafnt á hverju ári hinum ýmsu deildum menningar, tónlist, dansi, börnum og unglíngum, bókmenntum, myndlist og hönnun, leiklist og þjóðfélagsumræðu í samræmi við stefnu ráðherranefndarinnar. Ekki síst stendur stofnunin framarlega í verkefnum tengdum barnamenningu. Skólabörn eru virkjuð til þess að sinna ritlist og árlega er haldin keppni nemenda í ritlist og upplestrum í þeim tilgangi að

<sup>7</sup> Sjá nánar um Norræna húsið á bls. 74.

hvetja og rækta unga og verðandi rithöfunda. Verkefninu er fylgt úr hlaði með verðlaunahátíð og útgáfu á bestu textunum.

Á árinu sóttu íslenskir listamenn Álandseyjar heim í boði NIPÁ. Sendiherra Íslands í Finnlandi flutti erindi og sýndi fræðslumynd um Ísland, Rikke Pedersen sagði frá gosvirkni Eyjafjallajökuls, Steinar Bragi rithöfundur og Einar Már Guðmundsson greindu frá hruninu á Íslandi og kynntu Hvidbogen. Þá sótti dúkkuleikhús Helgu Arnalds, „Skrímslið litla systir mín“, eyjuna heim. Páll Guðmundsson á Húsafelli gerði leikmynd, Eivør Pálsdóttir tónlistina og Charlotte Bøving leikstýrði. Á árinu 2013 er gert ráð fyrir að leikverkið Fönixinn verði sýnt. Verkið er unnið í samvinnu Íslendinga (María Ellingsen leikkona), Færeyinga (Eivør Pálsdóttir söngkona) og Finna (Reijo Kela). Ísland á einnig fulltrúa í kvikmynda/leikhúsverkefninu Gerplu, leikkonuna Þóreyju Sigþórsdóttur. Hópurinn fór um Norðurlönd með kvikmyndatökuvél og samdi leikverk fyrir leiksvið í sameiningu. Verkið verður sýnt víða.

### *Norðurlandahúsið í Færeyjum*

Norðurlandahúsið er stærsta og fjölsóttasta menningarhús Færeyja og hefur jafnmikla þýðingu sem miðill innlendrar og erlendrar menningar. Yfir 300 viðburðir eru í húsinu árlega og það sækja um fimmtíu þúsund gestir sem er ríflega tala íbúa eyjanna. Það hefur fyrir löngu unnið sér sess sem kjölfesta í færeysku menningarlífi. Húsið á samstarf við margar aðrar stofnanir í Færeyjum um fjölbreytt verkefni á norrænum, alþjóðlegum og innlendum grundvelli. Viðburðir Norðurlandahússins eru einnig á dagskrá í nokkrum öðrum bæjum á eyjunum. Á hverju ári kemur allnokkur fjöldi Íslendinga fram í húsinu. Tónlistarfólk er þar í meirihluta en íslenskir myndlistarmenn taka þátt í norrænum samsýningum. Íslenskar kvikmyndir eru hluti af Filmfestivalnum og íslenskir rithöfundar koma fram í húsinu og lesa upp og ræða verk sín. Sjaldnar sjást þar íslenskar leiksýningar. Þá stendur Norðurlandahúsið fyrir menningarverkefninu „Listasarpurinn“ (Listaleyapurin) í samstarfi við sveitarfélög og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

### *Vestnorrænt samstarf*

Árið 2008 samþykkti Vestnorræna ráðið ályktun um árlegan vestnorrænan dag í vestnorrænu löndunum. Norræna húsið í Reykjavík tók að sér framkvæmdina hér á landi að ósk mennta- og menningarmálaráðherra. Hátíðin „Nýjar slóðir“ fór fram víða í Reykjavík dagana 7.–9. september 2012.<sup>8</sup> Meðal viðburða var ráðstefna um málefni hafsins og kvikmyndaveisla í Bíó Paradís, stórtónleikar í flugskýlinu við Reykjavíkflugvöll, bókmenntaverðlaun

<sup>8</sup> Sjá nánar um hátíðina „Nýjar slóðir“ á bls. 76.

Vestnorræna ráðsins, listsýningar, smiðjur fyrir börn og matarmarkaður við höfnina. Meðal þeirra sem veittu fjárstuðning til hátíðarinnar voru mennta- og menningarmálaráðuneytið og NMR. Til samskonar hátíðar verður efnt á Grænlandi árið 2013 og í Færeyjum árið 2014. Stefnt er að því að hátíðin fari fram árlega til skiptis í löndunum þremur.

## 6. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt

Starfið innan *norrænu ráðherranefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)* á árinu fylgdi þeim áherslum sem mótaðar eru í starfsáætlun fyrir árin 2009–2012 og eru í samræmi við verkefnalýsingar sem þar eru markaðar fyrir umrædd svið. Starfsemi EK-FJLS einkennist af nánum og sterkum tengslum við atvinnuvegi, rannsóknastarfsemi og stjórnáætlun. Af þeim ástæðum starfar *embættismannanefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt (EK-FJLS)* í fjórum deildum, EK-FJLS/fiskveiðar og fiskeldi, EK-FJLS/landbúnaður, EK-FJLS/matvæli og EK-FJLS/skógrækt. Samræmingu á starfsemi deildanna annast EK-FJLS/stjórnarnefnd. Starfsáætlunin er í samræmi við heildarstefnumörkun norræns samstarfs og leggur megináherslu á verkefni á sviðum þar sem samkeppnisstaða Norðurlanda er góð í alþjóðlegu samhengi og þar sem samstarfið skapar mikinn virðisauka. Það er leiðarstefið í starfsemi sem skiptist í nokkra meginþætti svo sem hagsæld og velferð, matvæli og heilsu, veðurfarsbreytingar, sjálfbæra notkun erfðalinda og alþjóðastarf. Á árinu stýrði stjórnarnefndin gerð nýrrar fjögurra ára áætlunar fyrir sviðið í heild sem nær til árana 2013–2016.

Ráðherrafundur var haldinn í Þrándheimi í lok júní. Þar var að nokkru horfið til fyrri starfshátta með margvíslegum málstofum í aðdraganda ráðherrafundarins og stóð hann því í raun frá 25.–29. júní.

Ráðherranefndin samþykkti svonefnda Niðarós-yfirlýsingu en hún leggur áherslu á miðlæga þýðingu FJLS-samstarfsins þegar kemur að þróun græns hagkerfis. Markmið yfirlýsingarinnar er að renna styrkum stöðum undir sjálfbæra og samkeppnisbæra framleiðslu frumatvinnugreinanna og tengdra úrvinnslugreina í matvæla- og fæðuframleiðslu af landi og úr sjó, burðarvirki og orkuvinnslu úr skógi og annarri ræktun svo og nýsköpun í þróun nýrrar markaðsvöru í krafti þekkingar og nýsköpunarstarfs. Áhersla er m.a. lögð á að styrkja samstarfið milli fagsviða sem fellur vel að breyttum áherslum og breyttu verklagi innan NMR þar sem forgangsverkefni eru valin þvert á fagsvið. Ríða Svíar fyrstir á vaðið samkvæmt þessu verklagi á árinu 2013. Störf FJSL-deildanna fjögurra mótuðust mjög af þessum áherslum og af nauðsyn þess að hefja undirbúning formennskunnar fyrr en áður eins og fram kemur hér að neðan. Gott dæmi um slíkt verklag felst í starfsáætluninni „Nordic Bioeconomy Initiative“ sem kynnt var á ráðherrafundinum í



Þrándheimi og endurspeglast í Niðarós-yfirlýsingu ráðherranna. Samráð er með fulltrúunum í FJLS-nefndunum fimm og á árinu var unnið að sameiginlegri tillögu að forgangsverkefni á formennskuári Íslands árið 2014. Sameinast var um verkefnið „Norræna lífhagkerfið“ sem þegar nýtur góðs stuðnings meðal samstarfsþjóðanna.

### ***Sjávarútvegur***

Á árinu voru haldnir tveir fundir í embættismannanefndinni EK-FJLS/ fiskveiðar og fiskeldi. Sá fyrri í Henningsvær í Lóföten í maí og hinn síðari í Ósló í nóvember. Í báðum tilvikum var fundað í vinnuhópi (AG-fisk) og í tengslum við seinni fundinn var haldinn árlegur fundur með norrænum aðilum sem starfa hjá hinum ýmsu alþjóðlegu stofnunum sem þessu tengjast. Þá voru á árinu fundir í hinum ýmsu vinnu- og verkefnahópum sem nefndin kemur að.

Haldnar voru nokkrar ráðstefnur með áherslu á sjávarútveg og fiskeldi eða tengd málefni. Þar ber hæst ráðstefnu um grænan vöxt sem var haldinn 26.–27. júní í Þrándheimi, ráðstefnu um sjómat og menningararf í Bergen 6.–8. júní, ráðstefnu um hafrannsóknir í Bergen 17.–18. september og ráðstefnu um fiskveiðar í pólitísku ljósi í Tromsø 23.–24. október. Þá studdi sjávarútvegsdeildin við starf norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (Nordic Innovation) að áhersluverkefnum á sviðinu. Er þar um mörg verkefni að ræða, t.d. um sjávarútveg almennt, fiskeldi og líftækni. Þessum verkefnum var fylgt úr hlaði með ráðstefnu sem fór fram í Ósló þann 25. janúar 2012. Á árinu var því starfi deildarinnar fram haldið að efla samstarf við ýmsar alþjóðlegar stofnanir á sviðinu svo sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).

Ráðherranefndin studdi við norræna hugveitu um fiskveiðar (Nordisk Marin Tænketauk) sem sett var á fót á fundi í Kaupmannahöfn 30. janúar 2012. Markmið hennar er að tryggja gæðaumræðu um sjávarútvegsstefnu á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi. Hugveitan er sjálfstæð og heyrir ekki undir stjórnvöld né hagsmunasamtök en stofnendur hvetja til samstarfs við frjáls félagasamtök sem áhuga hafa á málefnum.

### ***Landbúnaður***

Undir MR-FJLS heyra öflugar norrænar stofnanir sem sannað hafa gildi sitt um langt skeið. Sjálfbær notkun erfðalinda í landbúnaði, skógrækt og búfjárrækt er samræmt í norræna erfðalindasetrinu NordGen og gegnir stofnunin veigamiklu hlutverki í starfsáætlun deildarinnar FJLS/landbúnaður. Stofnunin nýtist vel til að samræma aðkomu norrænu landanna að öðru alþjóðlegu starfi svo sem á vegum FAO og Evrópusamstarfsins. Innan NordGen þróaðist sú hugmyndafræði að nýta sér sérstöðu norðursins hvað varðar lágt hitastig í varðveislu erfðalinda í landbúnaðarplöntum.

Um miðjan níunda áratuginn samdi stofnunin við kolanámufyrirtæki og yfirvöld á Svalbarða um notkun á gamalli kolanámu, þar sem hitinn er að jafnaði 4 gráður undir frostmarki allt árið, til að varðveita öryggisbirgðir af norrænum fræsýnum. Norðmenn tóku þessa hugmynd lengra og nýttu hana í þróunarhjálp sinni með byggingu frægeymslu í sama fjalli en þar er nú rekin alþjóðleg öryggisgeymsla í samstarfi Norðmanna, NordGen og FAO sem nýtist þeim þjóðum sem á því hafa áhuga. Hefur þessi fræhvefing notið athygli og Norðmenn beint allmörgum fundum sínum að Svalbarða til að kynna starfsemina sem best.

Ljóst er að erfðalindasamstarfið mun þróast áfram og jafnframt að því kunni að vera of þröngur stakkur skorinn ef það er einvörðungu rekið innan hins formlega norræna samstarfs. Því er skoðað með hvaða hætti megi draga fleiri aðila að málinu og efla starfsemina. Er þá athyglinni einkum beint að sjálfbærri hagnýtingu erfðaefnisins í þróunar- og nýsköpunarstarfi. Unnið er að samnorrænu átaki í plöntukynbótum sem er nátengt starfsemi NordGen en það verkefni nefnist „PPP vaxtförædling“ (Public Private Partnership). Kemur hér til beint fjárframlag frá löndunum fimm auk framlags úr sameiginlegum sjóðum. Ljóst er að mikið mun reyna á þessa starfsemi í tengslum við veðurfarsbreytingar sem eru það hraðfara að mikið þarf til að aðlaga erfðaefni að nýjum ræktunarskilyrðum sem þeim fylgja. Í framhaldi af ráðstefnu um þekkingarleit í lífhagkerfinu (Nordisk Forskning i den bio-baserede videns-økonomi) hefur orðið vitundarvakning og aukinn skilningur er á því að styrkja þurfi faglegar undirstöður í starfi FJLS til að tryggja sem best sjálfbæran rekstur landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs.

Unnið er að öðrum áfanga í verkefninu „Ný norræn matargerð“ (NNM) en það er til þriggja ára og lýkur á formennskuári Íslands 2014. Er unnið að stöðumati á verkefninu. Verkefnið byggist á því að markaðssetja norrænar matarhefðir með skírskotun til þess hráefnis sem er að finna í löndunum. Verkefnið tengir saman mörg svið svo sem erfðaefni, framleiðsluhætti, þjóðmenningu og matarmenningu við markaðsfærslu, svo eitthvað sé nefnt.

Skrifstofa Norrænu nefndarinnar um landbúnaðarrannsóknir (NKJ) hefur verið flutt til Ósló í sömu húsakynni og norræna rannsóknaráðið NordForsk, sem er liður í að auka samþættingu í stjórnun norræns rannsóknasamstarfs á verkefnasviði MR-FJLS. Mikil virkni hefur verið í starfinu og veruleg aðkoma af Íslands hálfu. Á vegum NKJ var unnið að verkefninum „Nordic Bioeconomy Initiative“ og „Arctic Bioeconomy“. Bæði verkefnin voru kynnt á ráðherrafundinum í Þrándheimi og falla vel að stefnumörkuninni sem sett er fram í Niðarós-samþykktinni. Norðurskautsverkefnið hefur þegar verið styrkt af norrænum sjóðum og hefur Íslendingum verið falið að veita því forystu. Hitt verkefnið er rammaáætlun sem nær til margra þátta norræns samstarfs og er viðamikil. Rammaáætlunin fellur vel að hagsmunum og vilja Íslendinga til að efla norrænt samstarf í útnorðri. Þættir úr áætluninni leggja grunninn að tillögu frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu ásamt

umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að forgangsverkefni Íslands í tengslum við formennskuna árið 2014. Verkefnið nefnist Norræna lífhagkerfið og fellur mjög vel að hagsmunum Íslands auk þess sem það styrkir vestnorrænar áherslur Íslands í norrænu samstarfi.

### ***Matvæli***

Embættismannanefnd matvælaeildar, EK-FJLS/matvæli, hélt tvo fundi á árinu, í apríl í Kaupmannahöfn og í nóvember í Noregi. Einnig voru haldnir fundir og ráðstefnur í eða á vegum sérfræðingahópa deildarinnar, þ.e. vinnuhóps um matvælaeftirlit og neytendafræðslu (NMF), vinnuhóps um næringu, mat og eiturefnafræði (NKMT) og vinnuhóps um örverufræði, dýraheilbrigði og dýravelferð (NMDD). Auk þess starfaði samráðsnefnd forstjóra matvælastofnana á Norðurlöndum venju samkvæmt. Þá styrkti matvælaeildin eins og áður starfsemi norrænu matvælarannsóknarnefndarinnar (NMKL). Endurskoðun á norrænum ráðleggingum um næringarefni (NNR) lauk á árinu og eru niðurstöðurnar nú í kynningarferli. Annað stórt verkefni matvælaeildarinnar af sama meiði er framkvæmd norrænnar áætlunar um betri heilsu og lífsgæði. Þá kemur matvælaeildin með öðrum deildum ráðherranefndarinnar að verkefninu „Ný norræn matargerð II“ (NNM2) sem er framhald verkefnisins „Ný norræn matargerð“. Inntak verkefnisins er að halda áfram þar sem frá var horfið við að koma á framfæri, á Norðurlöndum og utan þeirra, þekkingu á tengslum matvæla við uppruna, menningu og matarhefðir í einstökum löndum og landsvæðum, þróa verkefnið áfram og koma því á framfæri við umheiminn. Framkvæmdin gekk vel á árinu og koma Íslendingar með auknum krafti inn í ýmis verkefni innan NNM2. Stýrihópur verkefnisins hélt stjórnarfund í Kaupmannahöfn í apríl og fjarfund í nóvember, auk vinnufundar og kynnisferðar til úthéraðs í grennd við Þrándheim í Noregi í september. Dýravelferð, sem er eitt af málefnasviðum embættismannanefndarinnar, nýtur nú hvarvetna aukinnar athygli og var haldin ráðstefna í október um þau mál.

### ***Skógrækt***

Skógræktardeildin EK-FJLS/skógrækt hélt þrjá embættismannafundi á árinu, sameiginlega með landbúnaðardeildinni eins og venja er.

Ísland tók virkan þátt í starfi innan Norrænna skógræktarrannsókna (SNS) en það starf hefur verið mjög virkt og vel kynnt innan skógræktar-geirans á Norðurlöndum. SNS hefur að undanfögnu aukið mjög vægi sk. öndvegissetra í sínu starfi. Íslenskir skógvísindamenn hafa verið virkir þátttakendur í þeim verkefnum svo og ýmsum öðrum verkefnum á vegum SNS. Þetta starf hefur styrkt stöðu skógræktarrannsókna verulega hér á landi. SNS hélt uppá 40 ára afmæli samstarfsins dagana 3.–4. júlí með hátíðarráðstefnu í Kaupmannahöfn.

Skógræktardeildin hélt ráðstefnu í Þrándheimi í Noregi 26. júní í tengslum við sumarfund MR-FJLS þar sem áhersla var á skógrækt og loftslagsbreytingar á Norðurlöndum.

Áfram hefur verið unnið að því að móta og efla samstarf við evrópsku skógræktarrannsóknastofnunina (EFI) en skrifstofa SNS og EFI-Nord er rekin sameiginlega.

Skógræktardeildin tók virkan þátt í undirbúningi nýrrar starfsáætlunar „Nordic Bioeconomy Initiative“ sem deildir EK-FJLS hafa unnið að sameiginlega, m.a. með þátttöku í fjölsóttum norrænum undirbúningsfundi um verkefnið hérlandis í lok ágúst. Komu þar einnig að verki fulltrúar annarra embættismannanefnda svo og norrænna stofnana.

Stefnumörkunin á grunni Selfoss-yfirlýsingar skógarmálaráðherranna frá árinu 2008 er enn leiðbeinandi um starf skógræktardeildarinnar en Ísland leiddi þá stefnumótun. Á árinu hófust umræður í deildinni um hvernig standa eigi að mati á framgangi Selfoss-tillagnanna og því hvernig eigi að standa að sambærilegri stefnumörkun í framtíðinni.

## 7. Jafnréttismál

Á vegum *norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál (MR-JÄM)* er unnið í samræmi við samstarfsáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2011–2014 sem ber heitið „Jafnrétti skapar sjálfbært þjóðfélag“. Í áætluninni er fjallað um nauðsyn þess að karlmenn taki þátt í jafnréttisstarfi og umræðum um jafnréttismál og að tekið sé tillit til jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins. Með þetta að leiðarljósi er áhersla á virka þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi og samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða fléttuð inn í öll verkefni sem kveðið er á um í samstarfsáætluninni.

Almenn forgangsmál í norrænu jafnréttisstarfi snúast um jafnrétti á vinnumarkaði, jafnrétti og menntun, jafnrétti og uppruna og leiðir til að útrýma kynbundnu ofbeldi. Í norrænu jafnréttissamstarfi við Eystrasaltsríkin er áhersla lögð á jafnrétti á vinnumarkaði, jafnréttisfræðslu, jafnrétti og jöfnuð og jafnrétti í fjölmiðlun. Forgangsmál í norrænu jafnréttissamstarfi við Norðvestur-Rússland varða jafnréttisfræðslu og verkefni sem snúa að því að útrýma kynbundnu ofbeldi.

Norrænu jafnréttisráðherrarnir komu saman til fundar í Ósló í október. Meginstef formennskuáætlunar Norðmanna var þróun fjölbreytnistefnu í jafnréttismálum til að koma í veg fyrir mismunun á öllum sviðum mannlífsins en Norðmenn hafa samþætt aðgerðir á vegum hins opinbera gegn mismunun, hvort sem hún snýr að kynjajafnrétti, réttindamálum fatlaðra, aldri, kynhneigð, trúarbrögðum eða uppruna.

Þessi mál voru rædd á fundi norrænu jafnréttisráðherranna en jafnréttisráðherra Noregs greindi frá reynslu Norðmanna af sameiningu alls starfs sem tengist mismunun einstaklinga. Stofnunin LDO (Likestillings- og diskrimineringsombudet) annast kærúmal vegna mismununar en vinnur á grundvelli nokkurra lagabálka. Norðmenn telja skilvirkt að sameina alla stjórnsýslu sem tengist jafnréttisstarfinu.

Jafnréttisráðherrarnir samþykktu tillögu Norðmanna um að vinna að samþættingu jafnréttisstarfs á vettvangi NMR en voru jafnframt sammála um að á engan hátt megi veikja það starf sem miðar að því að jafna stöðu kynjanna. Endanleg afstaða til fjölbreytniáætlunar NMR verður tekin þegar mat á áhrifum þessara breytinga liggur fyrir.

Á ráðherrafundinum sagði velferðarráðherra frá stöðu jafnréttismála á Íslandi og nefndi ýmis verkefni sem unnið hefur verið að til þess að jafna stöðu kvenna og karla. Hann sagði erfiðlega ganga að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og að það eigi einkum við um kynbundinn launamun. Unnið sé að aðgerðaáætlun sem kunngerð verði á næstunni en lykilatriði sé að skapa forsendur fyrir öfluglu samstarfi samtaka aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti kynjanna. Aftur á móti hafi fyrirkomulag fæðingarorlofs hér á landi reynst áhrifaríkt og leitt til þess að báðir foreldrar komi að umönnun barna í auknum mæli. Velferðarráðherra sagðist binda vonir við lagasetningu til að auka hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja en í september 2013 taka gildi lög sem kveða á um að hlutfall hvors kyns verði aldrei lægra en 40% í stjórnnum stærri fyrirtækja.

Loks sagði velferðarráðherra frá vinnu við gerð jafnlaunastaðals sem staðið hefur yfir í nokkur ár í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Jafnlaunastaðallinn á að vera hagnýtt tæki fyrir atvinnurekendur sem nýtist þeim við endurskoðun launastefnu þannig að þeir sjálfir og starfsmenn þeirra geti treyst því að réttur kvenna og karla til launajafnréttis sé virtur.

#### *Norræn embættismannanefnd um jafnréttismál (EK-JÄM)*

Embættismannanefndin hélt fjóra fundi á árinu. Eitt af stóru verkefnum var að ýta úr vör nýju fyrirkomulagi varðandi norrænar rannsóknir og upplýsingamiðlun um jafnréttismál. Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin NIKK, sem var stofnuð 1995, var lögð niður 31. desember 2011. Fyrirkomulagi starfseminnar var breytt í samstarfsverkefni undir heitinu „Nordisk information för kunskap om kön“ og verður stuðst við sömu skammstöfun á heitinu og áður. Meginbreytingin verður sú að rannsóknarstarf á vegum norræna jafnréttissamstarfsins verður boðið út meðal allra háskóla og rannsóknastofnana á Norðurlöndum. Hlutverk nýja samstarfsverkefnisins verður að annast opið útboðsferli og samræma rannsóknarstarfið ásamt því að safna og miðla upplýsingum um rannsóknir, stefnumótun og aðgerðir landanna til að vinna að jafnrétti kynjanna. Umsýsla með verkefninu

var boðin út í norrænu löndunum og gerður var samningur við „Nationella sekretariatet för genusforskning“ hjá Gautaborgarháskóla fyrir tímabilið 1. október 2012 til 2015.

### *Samþætting jafnréttissjónarmiða*

Samþætting jafnréttissjónarmiða er annað af tveimur þverfaglegum þemum samstarfstímabilsins. Unnið var að undirbúningi fyrir rannsóknarverkefni um árangur af samþættingarverkefnum á Norðurlöndum og kynningu á bestu lausnum. Rannsóknarverkefnið sem heitir „Nordic project on gender mainstreaming at National and a Regional level – best practises and effects“ hefur einnig markmið um að tengjast rannsóknum í Evrópu á samþættingu jafnréttissjónarmiða. Á árinu var lögð áhersla á að innleiða samþættingu í öllu starfi skrifstofu og fagnefnda NMR. Ráðinn hefur verið verkefnistjóri til að fylgja verkefninu eftir.

### *Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna*

Á vegum norræna jafnréttissamstarfsins var undirbúin þátttaka í árlegum fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna sem hófst í New York 27. febrúar og stóð til 9. mars. Að þessu sinni var aðalumræðuefnið valdefling kvenna í dreifbýli og útrýming hungurs og fátæktar. Önnur umræðuefni voru fjármögnun jafnréttisbaráttunnar og hvernig hægt væri að auka þátttöku drengja og karla í jafnréttisbaráttu. NMR hefur skipulagt tvo hliðarviðburði undanfarin ár. Að þessu sinni voru þeir annars vegar fundur með þátttöku norrænu jafnréttisráðherranna og hins vegar með sérfræðingum. Ráðherrafundurinn fjallaði um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á Norðurlöndum undanfarin ár til að auka jafnrétti kynjanna en sérfræðingafundurinn fjallaði um stöðu kvenna í dreifbýli. Norrænu fundirnir voru vel sóttir og umræður gagnlegar.

### *Launajafnrétti kynjanna*

Á jafnréttisráðherrafundinum 2011 var tilmælum beint til EK-JÄM um að efla samstarf um launajafnrétti kynjanna. Í upphafi ársins 2012 var settur á laggirnar starfshópur um jafnlaunamál. Markmiðið er að mynda tengslanet sérfræðinga norrænna fagráðuneyta sem fara með jafnlaunamál. Hlutverk hópsins er að kortleggja og skiptast á upplýsingum um löggjöf, rannsóknir, aðgerðir og samstarf aðila vinnumarkaðarins varðandi launajafnrétti í hverju landi fyrir sig. Starfshópurinn, sem fundaði fjórum sinnum, hefur safnað og miðlað upplýsingum um stöðu mála í löndunum ásamt því að koma að mótun rannsóknarverkefnis um fjárhagslegar afleiðingar þess að konur eru oftast en karlar í hlutastörfum. Hlutastörf, kyn og dreifing tekna er vinnuheiti rannsóknarinnar og stefnt er að því að hún verði í tveimur hlutum sem nái yfir formennskutíð Svíþjóðar og Íslands. Ákveðið var að starfshópurinn starfi áfram á árinu 2013.

### *Vestur-Norðurlönd*

Að frumkvæði Grænlandinga var opnuð vefsíða um jafnrétti kynjanna á Grænlandi, í Færeyjum og á Íslandi. Vefsíðan mun bjóða norrænum samtökum sem starfa að jafnréttismálum í þessum löndum upp á samskiptavettvang og aukin tækifæri til samvinnu. Þegar Ísland fór með formennsku í NMR árið 2009 var lögð mikil áhersla á kynjajafnrétti í vestnorrænu löndunum með ráðstefnu, sem haldin var í Færeyjum, þar sem fjallað var um ýmsar hliðar jafnréttismála í þessum löndum. Þegar Danir tóku við formennsku ári seinna var ákveðið að halda þessari stefnu með ráðstefnu á Grænlandi um vestnorrænt kynjajafnrétti. Ráðstefnan markaði ákveðið upphaf samskipta og samvinnu um jafnréttismál á Grænlandi en hana sóttu stjórnámálamenn, opinberir starfsmenn og samtök frá vestnorrænu löndunum sem vinna að jafnrétti kynjanna. Vefsíðan verður virk í tvö ár en síðan verður tekin ákvörðun um framhaldið.<sup>9</sup>

### *Jafnrétti, loftslag og sjálfbær þróun*

Á árinu 2011 var byrjað á verkefni um kyn og loftslagsbreytingar. Haldinn var hliðarviðburður á þingi NR undir heitinu „Græn Norðurlönd – þátttaka á jafnréttisgrundvelli“. Lögð var áhersla á að draga fram samhengi kynferðis, jafnréttis og loftslagsbreytinga og opnaður norrænn upplýsingabanki undir heitinu „Equal climate – kön och klimatförändring ur ett nordiskt perspektiv“. Þessu verkefni var framhaldið á árinu með þátttöku í alþjóðlegu umhverfisráðstefnunni „Rio+20“ með aðild að framlagi NMR undir heitinu „The Nordic WAY at Rio+20“ en heiti ráðstefnunnar var „Gender Equality is Sustainability“. Markmiðið var að draga fram að konur og karlar verða fyrir og hafa mismunandi áhrif á loftslagsbreytingar með hegðun sinni. Hliðarviðburðurinn var fjölsóttur með þátttöku vísindamanna, embættismanna víða að úr heiminum og ráðherra frá Norðurlöndum auk fyrrverandi forseta Finnlands.

### *Samstarf við Eystrasaltsríkin*

Í tengslum við árlegan samstarfsfund með fulltrúum frá Eystrasaltsríkj-unum (NB8) var í umsjá Nordicom haldin ráðstefna í Víníus um jafnrétti og fjölmiðla undir heitinu „Nordic Baltic Round Table Meeting on Gender and Media“. Fjallað var um hvernig norrænu löndin ættu að auka jafnrétti kynjanna í fjölmiðlum og fjölmiðlaumfjöllun. Jafnframt var fjallað um hindranir og möguleika til að auka hlut kvenna í fjölmiðlum. Gerð var grein fyrir stöðu mála í Evrópu. Ákveðið var að kanna möguleika á að fylgja umræðunni eftir með nánari úttekt á stöðu mála með það að markmiði að styrkja umræðuna og vinna að tillögum um úrbætur.

<sup>9</sup> Sjá vefsíðuna: [www.westnordic-equality.org](http://www.westnordic-equality.org).

### *Karlar og jafnrétti*

Í formennskuáætlun Norðmanna á sviði jafnréttismála var lögð áhersla á tengsl karla við umræðuna um jafnréttismál. Samnorrænn starfshópur um karla og jafnrétti, sem skipaður var haustið 2011, lauk störfum á árinu. Undir formennsku barna-, jafnréttis- og aðlögunarráðuneytis Noregs stóð starfshópurinn að gerð rannsóknar á stöðu málaflokksins á Norðurlöndum. Niðurstöður þeirrar vinnu voru lagðar fram til umræðu á ráðstefnu háskólans í Ósló í lok maí mánaðar sem bar yfirskriftina „Maskuliniteter i bevegelse - menn, likestilling og livskvalitet“. Niðurstöðum var skilað í greinargerð.<sup>10</sup> Jafnréttisstofa átti fulltrúa í starfshópnum sem kom að ráðgjöf og sat fundi.

Haldnar voru þrjár ráðstefnur á mismunandi sviðum málaflokks karla og jafnréttis. Á fyrrnefndri ráðstefnu háskólans í Ósló var fjallað um stefnur og strauma í karlafræðum kynjafræðinnar og fram fór umræða um stefnuáherslur landanna. Aðstoðarmaður velferðarráðherra tók þátt í pallborðsumræðum fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Á ráðstefnunni gerðu íslenskir fræðimenn grein fyrir niðurstöðum ýmissa rannsókna á sviðinu. Fjallað var um áhrif efnahagskreppunnar á Íslandi á barnaumhyggju og jafnréttismál, skaðlega karlmennsku eins og hún birtist í bókmenntagreiningu og rannsóknir á tengslum karlmennskuhugmynda í starfsemi íslenskra bankastofnanna.

Í lok nóvember var í Ósló haldin ráðstefna með samræðusniði um karla í umönnunarstörfum þar sem sérfræðingur Jafnréttisstofu kynnti rannsóknir á viðhorfum til karla í leikskólastarfi á Íslandi.

Þriðja og síðasta ráðstefnan á árinu um karla og jafnréttismál fór fram í lok nóvember þegar fjallað var um andfemínísk viðhorf karla og útlendinga-hatur.

## **8. Menntun og rannsóknir**

*Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U)* starfaði á árinu samkvæmt áætlun um stefnu á sviði menntunar og rannsókna 2011–2013, „Þekking í þágu græns hagvaxtar og velferðar“, sem samþykkt var árið 2010.

Samstarf á vegum MR-U tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, full-orðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í samráði og samanburði milli landanna á sviði stefnumótunar, sem fram fer með úttektum og ráðstefnum svo og samvinnuverkefnum sem miða að því að hrinda stefnumótun í framkvæmd.

<sup>10</sup> Nordisk Jämställdhetspolitik med fokus på män – en policyöversikt.



Ráðherranefndin hélt fundi í apríl og í október. Á fyrri fundinum var m.a. fjallað um samstarf og verkaskiptingu háskóla, breytingar á skipulagi norræns vísindasamstarfs og mentun heilbrigðisstétta. Á fundinn komu rektorar frá samtökum háskóla á Norðurlöndum (NUS) og tóku þátt í umræðum. Á síðari fundinum, sem fram fór í tengslum við þing NR í Helsinki, var samþykkt að framlengja Norðurlandasamning um jafnan aðgang að háskólum til loka árs 2015. Þar var einnig rætt um fyrirkomulag norræna vísindasamstarfsins og tóku fulltrúar rannsóknarráða landanna þátt í þeim. Jafnframt voru samþykktar umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi samstarfsins á vegum ráðherranefndarinnar sem vikið er að síðar í þessum kafla. Á þingi NR mælti mennta- og menningarmálaráðherra Íslands fyrir framvinduskýrslu um áætlun ráðherranefndarinnar (MR-U) á sviði menntunar og rannsókna.

*Norræn embættismannanefnd um menntamál og rannsóknir (EK-U)* undirbýr ráðherra fundi auk annarra verkefna sem henni eru falin. Nefndin hélt fimm fundi á árinu.

Á vegum EK-U var ákveðið árið 2010 að stofna sk. þrífork (trojka hóp) þriggja landa, þ.e. formennskulandsins og tveggja verðandi formennskulanda. Hópurinn hélt þrjá fundi árið 2012 og fjallaði m.a. um samþættingu formennskuáætlana landanna auk þess að undirbúa fundi EK-U og MR-U. Ísland hóf þátttöku í þessum hópi á árinu og undir árslok var ákveðið að breyta samsetningu hópsins þannig að í framtíðinni eiga í honum sæti fyrrverandi formennskuland, formennskulandið og verðandi formennskuland. Í samræmi við þetta mun Ísland eiga fulltrúa í hópnum næstu þrjú ár.

Að frumkvæði norsku formennskunnar var snemma árs skipaður vinnuhópur til að fara yfir skipulag og vinnubrögð á vegum MR-U. Ísland átti fulltrúa í hópnum sem skilaði skýrslu í maí sl. Megintillögur hópsins voru samþykktar af MR-U og EK-U fyrir árslok og komu til framkvæmda 1. janúar 2013. Breytingarnar miða m.a. að því að gera ákvarðanatöku gagnsærri og skilvirkari, auka sveigjanleika og viðbragðsflýti í samstarfinu. Þær felast m.a. í því að augin áhersla verður lögð á pólitískar umræður og skoðanaskipti ráðherranna á fundum MR-U og til að liðka fyrir því munu ýmis afgreiðslumál og ákvarðanir flytjast frá MR-U til EK-U. Jafnframt verða fastar ráðgjafanefndir lagðar niður og í stað þeirra verða skipaðir hópar til að vinna tímabundin og afmörkuð verk.

#### *Fastar ráðgjafanefndir*

Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir störfuðu þrjár ráðgjafanefndir, ein um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Eins og að framan greinir var ákveðið að leggja þessar nefndir niður frá 1. janúar 2013 og verða í stað þeirra skipaðir hópar til að vinna tímabundin og afmörkuð verk eftir því sem ástæða þykir til. Vorið 2008 var tímabundið skipaður starfshópur til

að fjalla um rannsóknir en hann er enn að störfum og hefur fengið umboð til að starfa áfram tímabundið. Auk stjórnarnefndanna hafa ýmsir vinnuhópar starfað að tilteknum tímabundnum verkefnum.

### *Samstarf um skólamál*

Verksvið ráðgjafanefndarinnar um samstarf um skólamál (NSS) náði til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar hefur verið að stuðla að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og því hefur nefndin tekið til umfjöllunar þau mál sem efst hafa verið á baugi á hverjum tíma og miðlað upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem í hlut eiga.

Á árinu fjallaði NSS m.a. um lýðræði og þegnskap á öllum stigum skólakerfisins. Í störfum NSS var einnig lögð áhersla á menntun í leikskólum, kennaramenntun, jafnrétti, gagnabanka um brottfall og óhefðbundnar iðngreinar. Jafnframt var haldið áfram með nokkur verkefni sem höfðu verið í gangi árin á undan, svo sem um norræna málstefnu og málskilning, PISA og fleiri. Nokkrar ráðstefnur voru haldnar svo sem um lýðræði í kennaramenntun, iðnmenntun og PISA Norðurljós 4 (Northern Lights 4). Nefndin hélt þrjá fundi á árinu.

### *Fullorðinsfræðsla*

Ráðgjafanefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) hefur m.a. haft yfirumsjón með störfum samstarfsnets um nám fullorðinna (NVL) og fjallað um áherslur og forgangsröðun verkefna þess. Á undanförunum árum hefur SVL lagt megináherslu á starf er tengist færniþróun fullorðinna og gæðum í fullorðinsfræðslu, þ.m.t. ráðgjöf og þróun aðferða í námi og kennslu fullorðinna. Ennfremur verkefni er varða nám fullorðinna í atvinnulífinu, greiningu og úrræði er snerta lestrar- og skriftarörðugleika meðal fullorðinna og aðlögun innflytjenda. Þá hefur verið unnið áfram að þróun raunfærnimats.

SVL setti á laggirnar vinnuhóp til að skilgreina sameiginlegar mælistikur fyrir tölfraði um nám fullorðinna á Norðurlöndum og mun hann skila niðurstöðum haustið 2013. Þá stóð SVL fyrir því að láta meta virkni og árangur af starfi NVL á árunum 2009–2012. Niðurstöður matsins voru í meginráttum jákvæðar og hefur verið ákveðið að samstarfsnetið starfi áfram á sama grundvelli og heyri beint undir EK-U.<sup>11</sup>

### *Hæfniramma fyrir námslok á framhaldsskólastigi*

Ísland hefur tekið þátt í norrænu samstarfi um gerð hæfniramma fyrir námslok á framhaldsskólastigi (NQF) og tengingu þeirra við evrópskan hæfniramma (EQF). Í samstarfinu hefur verið rætt um aðferðafræði og

<sup>11</sup> Sjá nánar um starfsemi á vegum NVL á [www.nordvux.net](http://www.nordvux.net)

meginsjónarmið um gerð rammanna með tilliti til hlutverks þeirra, samfelli, hlutverks þátttakenda og hvernig þeir endurspegla menntakerfin á Norðurlöndum. Skoðuð hafa verið tengsl einstakra ramma við þann evrópska og hvernig einstökum námslokum er markaður bás innan hæfniramma. Rætt hefur verið um veikleika og styrkleika við ákvarðanir um tenginguna við evrópska rammann. Loks hefur verið fjallað um læsileika, skýrleika og gagnsæi tengivinnunnar.

Jafnframt tekur Ísland þátt í vinnuhópi um viðurkenningu erlendar starfsmenntunar. Vinnuhópurinn hefur hist tvisvar á ári undanfarin tvö ár til þess að ræða um mat á erlendri starfsmenntun, um vandkvæði sem kunna að koma upp við matið og hvernig unnt er að ryðja burt hindrunum í viðurkenningu starfsmenntunar milli norrænu landanna.

### *Háskólasamstarf*

Ráðgjafanefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur haft umsjón með samstarfi á því sviði með það að leiðarljósi að efla norrænt samstarf um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Nefndin hélt þrjá fundi á árinu.

HÖGUT skipaði á árinu nefnd til að fjalla um norræna meistaranámið (Nordic Master's Programme) sem hefur verið starfrækt í fimm ár. Í nefndinni sátu fulltrúar frá hverju aðildarlandanna og var henni falið að fara yfir hvernig til hefði tekist með rekstur menntaáætlunarinnar síðastliðin ár og koma með tillögur um framtíðarfyrirkomulag námsins. HÖGUT fól fyrirtækinu Oxford Research að vinna skýrslu um innheimtu skólagjalda á háskólastigi á Norðurlöndum. Mun lengri tíma tók að vinna skýrsluna en við var búist, ekki síst vegna umfangsmikilla athugasemda HÖGUT við skýrsludrög sem ekki tóku nema að hluta á því efni sem var til athugar. Þá fól HÖGUT fyrirtækinu Epinion að vinna kortlagningu á norrænu háskólanámi í anda skýrslu OECD, „Education at a Glance“. Skýrslan er viðamikil greining á háskólastiginu á Norðurlöndum.

Samráðshópur um málefni norrænna lánasjóða stúdenta (Studiestödsgruppe) starfaði á vegum HÖGUT eins og áður. Er hópnunum ætlað að ýta undir og kortleggja starf lánasjóða stúdenta á Norðurlöndum. Einnig starfaði á vegum HÖGUT hópur sérfræðinga við að kortleggja háskólastofnanir á Norðurlöndum undir merkjum svokallaðs U-Map verkefnis. Í verkefninu felst kortlagning háskólastofnana eftir ákveðnu kerfi sem felur í sér skilgreiningu á þeirri þjónustu sem þeir bjóða.

NORDPLUS er heitið á áætlun sem tekur til styrkveitinga til norræns samstarfs á sviði menntamála. Heitið er stytting á „Nordiskt Program for Lærere, Uddannelsessøgende og Studerende“ og kemur fyrir í fyrstu áætluninni sem samþykkt var á þingi NR árið 1988. Nýtt skipulag kom til framkvæmda fyrir tímabilið 2012–2015. Einstakar undirátlanir, sem

áður höfðu haft sjálfstæða stjórnarnefnd, heyra nú allar undir eina allsherjarnefnd sem skipuð er tveimur fulltrúum frá norrænu löndunum fimm og Eystrasaltsríkjunum þremur. Auk þess eru áheyrnarfulltrúar frá sjálfstjórnarlöndunum Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum. Um er að ræða Nordplus Junior, Nordplus Voksen, Nordplus Higher Education, Nordplus Horizontal og Nordplus Sprog. Stjórnsýsla NORDPLUS er vistuð í Noregi, hjá „Senter for internasjonalisering av utdanning“ í Bergen. Stjórnarnefndin mótar meginlínur fyrir starfið í heild og ber ábyrgð á úthlutunum en norrænu löndin fimm skipta með sér umsýslu um undirátlanir og mynda tengiliðir landanna vinnuteymi sem gerir tillögur til nefndarinnar um afgreiðslu mála. Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands (HÍ) hefur annast umsýslu með Nordplus Horizontal og Nordplus Sprog. Síðari hluta árs 2012 ákvað mennta- og menningarmálaráðuneytið að frá 1. janúar 2013 flyttist umsýsla með NORDPLUS verkefnum á Íslandi til RANNÍS.<sup>12</sup>

### *Vísindasamstarf*

Þann 16. apríl vígði mennta- og menningarmálaráðherra Íslands norræna háhraðatölvu (NHPC) sem komið hefur verið upp hér á landi í samstarfi HÍ og þriggja norrænna rannsóknastofnana. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við gagnaverið Advania Thor Data Center í Hafnarfirði sem hýsir háhraðatölvuna. Norræna háhraðatölvun er hluti af tilraunaverkefni til þriggja ára og munu háskólar og rannsóknastofnanir á Norðurlöndum samnýta tölvuverið sem hýsir reiknifreka tölvuvinnslu til vísindarannsókna. Heildarfjárfesting í verkefninu nemur rúmlega einni milljón evra eða um 160 milljónum króna. HÍ varð hlutskarpastur þriggja norrænna háskóla í útboði um rekstur háhraðatölvunnar. Ísland er kjörin staðsetning fyrir slíkar tölvur vegna umhverfisvænna orkulinda sem geta veitt aðgang að orku á lágu verði og hagkvæmri kælingu. Þátttaka Íslands í verkefninu felur ótvírætt í sér aukin tækifæri til samstarfs um vísindarannsóknir. Það felur einnig í sér möguleika á markaðssetningu Íslands sem ákjósanlegs staðar fyrir orkufreka samhliða tölvuvinnslu og er fordæmisgefandi fyrir verkefni af sama toga.

Að frumkvæði MR-U var ýtt úr vör samnorrænu verkefni í menntunarannsóknnum, „Joint Nordic initiative for educational research“, sem öll löndin taka þátt í. Markmið þess er að styrkja stór samstarfsverkefni um menntunarrannsóknir á Norðurlöndum, með þátttöku a.m.k. fjögurra landa og afla þannig nýrrar þekkingar til að geta betur mætt þörfum samfélagsins. Sérstök áhersla var á brottfall. Norræna rannsóknaráðinu NordForsk var falin umsýsla með áætluninni. Auglýst var eftir umsóknnum um verkefni en heildarfjárhagsramminn fyrir árin 2012–2016 nemur um 1,7 milljörðum íslenskra króna.

Öndvegisrannsóknáætlunin (Topforskningssinitiativet) á sviði umhverfis,

<sup>12</sup> Sjá nánar um áætlunina á [www.nordplus.is](http://www.nordplus.is).

loftlags og orku er stærsta samnorræna rannsókn- og nýsköpunaráætlunin sem komið hefur verið á. Markmið hennar er að leiða saman bestu háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki á Norðurlöndum, til að stuðla að öflugum rannsóknum og nýsköpun með því markmiði að Norðurlönd verði leiðandi í lausnum á loftlagsvandnum. Þetta er fimm ára rannsóknáætlun með heildarfjárhagsramma sem nemur um 9 milljörðum íslenskra króna.

MR-U veitti NordForsk umboð til að setja á laggirnar nýja norræna stofnun til að efla samstarf norrænna háskóla og rannsóknastofnana um háhraðatölvur, tölvunet og gagnasöfn í þágu vísindarannsókna. Stofnunin hefur hlotið heitið „NeIC – Nordic e-Infrastructure Collaboration“ og heyrir hún undir stjórn NordForsk. Stjórn stofnunarinnar er skipuð tveimur aðilum frá hverju norrænu landanna.

Áfram var haldið samnorrænu átaksverkefni um uppbyggingu rafrænna innviða (NeGI). Markmið þess er að hvetja til norrænnar samvinnu um rafræna innviði (eScience) með áherslu á rannsóknir og menntun. Vísindamenn frá öllum norrænu löndunum geta sótt um styrki. Heildarfjárhagsrammi fyrir 2011–2015 er um 2,5 milljarðar íslenskra króna.

Nefnd um norræn vísindamálefni vinnur tímabundið að endurskoðun á norrænu samstarfi á sviði vísinda og hefur yfirleitt hist tvisvar á ári. Á árinu var fundum fjölgað en þó eingöngu sem fjarfundum.

Meginviðfangsefni nefndarinnar hefur verið að vinna úr tillögum sk. „Högnivágrupp“ sem birtar voru í skýrslunni „Vilja till forskning“. Verkefni nefndarinnar hafa snúið að því að greina hvaða möguleikar eru fyrir hendi varðandi aukið samstarf norrænna rannsóknasjóða annars vegar en hins vegar að greina hugmyndir „Högnivágruppen“ um breytingar á stjórnarfyrikomulagi NordForsk. Áætlað er að nefndin skili af sér tillögum í lok apríl 2013.

## 9. Félags- og heilbrigðismál

### *Norræn ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)*

Norrænt samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála byggir á sameiginlegum gildum sem eru undirstaða norræna velferðarlíkansins.

Norrænu félags- og heilbrigðisráðherrarnir funduðu í Bergen í Noregi dagana 11.–12. júní. Þeir ræddu hvernig mætti í sameiningu taka á úrlausnar-efnum sem við blasa og tryggja sjálfbæra velferð og heilbrigði. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að jöfnuður og félagslegt réttlæti væru grundvallarfor- sendur hvers samfélags sem vill tryggja almenna velferð og að efnahagslegur ójöfnuður leiði til margþættra félagslegra og heilsufarslegra vandamála og valdi um leið miklum kostnaði fyrir norræn samfélög. Ræddar voru ýmsar

áskoranir sem norrænu samfélögin standa frammi fyrir eins og atvinnuleysi ungs fólks, aukinn fjöldi aldraðra og aukning langvinnra sjúkdóma. Lýstu ráðherrar yfir áhyggjum yfir því að nýgengi örorku fari vaxandi.

Til að viðhalda sjálfbærri velferð og heilbrigði samþykktu ráðherrar markmið nýrrar norrænnar áætlunar um samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála, sem m.a. leggur áherslu á að tryggja félagslegt öryggi á vinnumarkaði, stuðlar að markvissum aðgerðum í forvarnarmálum og eflir gæði og öryggi í félags- og heilbrigðiskerfinu auk þess að efla nýsköpun og rannsóknir.

Á fundinum undirrituðu ráðherrar yfirlýsingu, svokallaða Solstrand-yfirlýsingu, þar sem þeir leggja áherslu á að finna lausnir á stjórnsýsluhindrunum og stuðla að sveigjanlegri og samkeppnishæfari Norðurlöndum með því að auðvelda frjálsa för og varðveita félagslegt öryggisnet þegar flutt er milli landanna.

Þá undirrituðu ráðherrar á fundinum nýjan Norðurlandasamning um almannatryggingar.

#### *Norræn embættismannanefnd um félags- og heilbrigðismál (EK-S)*

Embættismannanefndin fundaði fjórum sinnum á árinu og voru allir fundirnir haldnir í Noregi.

Á fundi í febrúar var m.a. rætt um stöðu Norræna lýðheilsuháskólans og ákveðið að láta gera úttekt á skólanum með það að markmiði að greina hvert hlutverk hans ætti að vera í framtíðinni. Rætt var um tillögu að breytingum á norræna ráðinu um málefni fatlaðs fólks, rætt um samstarf um sérhæfða heilbrigðisþjónustu og samstarf á sviði vísindarannsókna. Þá var samþykkt að formgera betur samstarf landanna varðandi mansal.

Á fundi í apríl var unnið að undirbúningi fyrir ráðherrafundinn í júní. Þá var einnig gengið frá drögum að nýrri norrænni áætlun um samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála, rætt um samning við norrænu tannlækningastofnunina og megináherslur að undanfögnu í norrænu samstarfi um heilbrigðisviðbúnað. Þá var farið yfir niðurstöður sérfræðingahóps um hindranir á sviði almannatrygginga og félagslegs öryggis.

Fundur var haldinn í EK-S í framhaldi af sumarfundum ráðherranna. Þar var farið yfir niðurstöður ráðherrafundarins og rætt hvernig fylgja skyldi eftir ákvörðunum og vinna að því að hrinda áherslum ráðherranna í framkvæmd.

Á fundi EK-S í nóvember var rædd niðurstaða úttektar á Norræna lýðheilsuháskólanum og ákveðið í ljósi hennar að gera aðeins samning við skólann til eins árs en ekki þriggja ára eins og venja er. Rætt var um norrænu tannlækningastofnunina og hvort réttlætlanlegt væri að greiða svo hátt hlutfall fjármagns af ráðstöfunarfé MR-S til þessarar stofnunar þar sem hún er nú aðeins samstarfsstofnun NMR. Ákveðið var að skoða málið nánar og gera

aðeins samning til eins árs við stofnunina. Þá var kynnt ákvörðun MR-SAM um að leggja niður norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks og setja á stofn nýtt samstarfsráð um málefni fólks með skerta getu. Ráðið mun starfa í umboði MR-S.

### *Norrænn lýðheilsuháskóli*

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) er stofnun um æðri menntun og rannsóknir á sviði lýðheilsu og býður grunn-, símenntunar- og rannsókná-námskeið í lýðheilsufræðum fyrir starfsfólk, einkum í heilbrigðisgeiranum, en þaðan er hægt að ljúka meistara- og doktorsgráðu í lýðheilsufræðum.

Gerð var úttekt á rekstri og starfsemi skólans á árinu. Fengnir voru utanaðkomandi ráðgjafar til að framkvæma úttektina en markmiðið var að svara spurningum um hvernig skólinn geti í framtíðinni skapað aukin verðmæti fyrir Norðurlönd á sviði menntunar, rannsókna og þekkingarmiðlunar um lýðheilsu. Þá var einnig spurt um framtíðarhlutverk skólans og hvernig samstarf við aðrar menntastofnanir og stofnanir NMR á sama verkefnasviði geti þróast. Niðurstöðum skýrslunnar var skilað í október og eru þær til umfjöllunar hjá ráðherranefndinni og ráðuneytum landanna. Þess er vænst að tillögur að aðgerðum verði lagðar fram á ráðherrafundi í júní 2013. Í því ljósi var aðeins gerður samningur til eins árs, þ.e. ársins 2013, í stað þriggja ára samnings eins og venja hefur verið.

### *Norræn lýðheilsuverðlaun*

Norrænu lýðheilsuverðlaunin árið 2012 hlaut Haraldur Briem sóttvarnalæknir en þau voru afhent í 23. sinn í Noregi í júní í tengslum við fund MR-S. Haraldur er þriðji Íslendingurinn sem hlýtur verðlaunin.

Haraldur Briem er sóttvarnalæknir hjá Embætti landlæknis á Íslandi og ber ábyrgð á sóttvörnum í landinu, þar á meðal á aðgerðum gegn smitsjúkdómum og þoli við sýklalyfjum. Hann hefur með faglegri þekkingu sinni og metnaði lagt mikið af mörkum til sóttvarna á Íslandi. Jafnframt hefur hann verið öflugur liðsmaður í norrænu samstarfi á þessu sviði. Hann hefur einnig tekið þátt í að setja á stofn meistaranám í lýðheilsuvísindum við HÍ. Vísindastörf Haraldar tengjast smitsjúkdómum almennt og hefur hann stundað mikilvægar rannsóknir á útbreiðslu smitsjúkdóma og barist gegn sýklalyfjaónæmi.

### *Norræn velferðarmiðstöð*

Markmiðin í starfi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) eru að styrkja samþættingu meðal hinna ýmsu hópa í samfélaginu, tryggja jafnrétti, félagslegan jöfnuð, jafnan aðgang og gæði við framkvæmd velferðarþjónustu.

Helstu verkefni á árinu voru:

- 1) Velferðarpólitik, þar sem unnið var að verkefnum um fjölskyldupólitik og uppvaxtarskilyrði, fjármögnun og skipulag velferðarþjónustu, altæka hönnun og stöðu aldraðra. Sett var á laggirnar samstarfsráð um fjölskyldupólitik sem ber nafnið Nofam en hlutverk þess er að skapa vettvang fyrir opinbera starfsmenn á Norðurlöndum til að miðla af reynslu sinni um fjölskyldumál.
- 2) Málefni fatlaðs fólks voru ofarlega á baugi og var sérstaklega horft til verkefna sem snerta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, málefni dauflindra einstaklinga, stöðu Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks og verkefnis sem ætlað er að stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra á vinnumarkaði. Samstarfsráðherrar tóku ákvörðun um að stofna nýtt samstarfsráð um málefni fólks með skerta getu en ráðið mun starfa í umboði MR-S. Unnin var „umhverfisgreining“ á stefnum og straumum í tengslum við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Vinnan við lýsingu á norrænum áætlunum í málefnum fatlaðs fólks heldur áfram.
- 3) Rannsóknir á sviði áfengis- og fíkniefnamála eru mikilvægur þáttur í starfi miðstöðvarinnar en á þessu sviði var haldið áfram með mótun upplýsingasiðu sem m.a. fjallar um það sem efst er á baugi í umræðunni um áfengi og önnur vímuefni.<sup>13</sup>
- 4) Velferðartækni er tiltölulega nýtt svið í umræðu um velferðarmál. Á þessum vettvangi hefur verið stofnað til samstarfs þar sem nýsköpun er í öndvegi. Unnið er að stofnun samstarfshóps um gerð staðla varðandi hjálpartæki auk þess sem stofnað hefur verið til samstarfs um tæknilausnir sem nota má fyrir fólk með vitrænar skerðingar.
- 5) Samþætting á sviði atvinnumála er mikilvægt hagsmunamál á Norðurlöndum eins og víðar. Norræna velferðarmiðstöðin gaf á árinu út þemahefti um ungt fólk sem er í áhættuhóp hvað varðar skólagöngu og þátttöku á vinnumarkaði.

### *Norræn heilbrigðistölfræðinefnd*

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO) ber m.a. ábyrgð á því að samræma staðtölur á Norðurlöndum og að safna tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu, sjúkdóma, dánarorsakir og tengda þætti.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í árlegri útgáfu af „Health Statistics in the Nordic Countries“ en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem birtar eru. Þá er gefin út ársskýrsla um starfsemina.

Norræna stofnunin um flokkanir í heilbrigðisþjónustu á í nánu samstarfi

<sup>13</sup> Sjá upplýsingasiðuna: [www.nosam.net](http://www.nosam.net)



við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa og DRG (Diagnostic Related Groups) hefur í auknum mæli verið unnin af þeirri stofnun.

### *Norræn hagskýrslunefnd*

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félags- og tryggingamála (NOSOSKO) hélt árlegan aðalfund í Uppsölum í lok ágúst. Í desember var haldinn fundur þeirra sem leiða vinnuna í hverju landi fyrir sig.

Skýrslan „Social tryghet i de nordiske lande 2010/2011“ er gefin út á dönsku og ensku í rafrænu formi.<sup>14</sup>

NOSOSKO hélt námstefnu í Stokkhólmi í ágúst um samkeppnishæfni og öryggi í norrænum velferðarsamfélögum.<sup>15</sup> Á námstefnunni voru kynntar niðurstöður samanburðarrannsóknar um áskoranir fyrir norræna velferðarsamfélagið og samanburðarhæfa vísa sem unnin var á vegum NOSOSKO. Skýrslan verður birt í ársbyrjun 2013 á norsku og ensku.<sup>16</sup>

### *Norræn tannlækningastofnun*

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM AS) er rannsókn- og þekkingarsetur sem er að mestu fjármagnað af norrænum fjárveitingum og flokkast undir svokallaðar samstarfsstofnanir MR-S. NIOM er í meirihlutaeigu UniRand AS sem er eignarhaldsfélag stofnana í eigu Óslóarháskóla en heilbrigðisráðuneytið í Noregi á líka hlut í NIOM. Þótt Óslóarháskóli hafi meirihluta í stjórn, eiga hin norrænu löndin einnig fulltrúa með það að markmiði að samnorrænt yfirbragð stofnunarinnar og tenging haldist.

Starfsemi NIOM hefur eflst mikið á síðastliðnu starfsári og er að ná fyrri mætti eftir óvissu og breytingar síðustu ára. NIOM hefur rannsakað og fylgst með gæðum og öryggi efna sem notuð eru til tannlækninga á norrænum markaði og dreift upplýsingunum til heilbrigðisyfirvalda, tannheilsustétta og almennings. Vísindamenn stofnunarinnar hafa gefið út vísindagreinar sem birst hafa í alþjóðlegum fagtímaritum. Þá hafa gestavísindamenn hvaðanæva af Norðurlöndum starfað við stofnunina í einn mánuð eða lengur og unnið að rannsóknum í samstarfi við sérfræðinga NIOM.

Vinna við norrænan gagnagrunn um tannfyllingarefni og önnur efni sem notuð eru við tannlækningar hefur verið forgangsverk.<sup>17</sup> Þar verður hægt að nálgast innihaldslýsingar, notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og upplýsingar um þekktar hjáverkanir efna.

14 Sjá útgáfuna á <http://nososco-da.nom-nos.dk/>.

15 Konkurrenskraft og trygghet i den nordiska velfærdsstaten.

16 Udfordringer for den nordiske velfærdsstaten – sammenliknbare indikatorer.

17 Sjá gagnagrunninn á [www.niom.no](http://www.niom.no).

### *Norrænt ráð um málefni fatlaðs fólks*

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks (NHR) hefur haft það hlutverk að vera stefnumarkandi og ráðgefandi og að koma málefnum fatlaðs fólks á dagskrá á norrænum vettvangi. Árið 2009 var starfsemi ráðsins metin og niðurstaðan var að á Norðurlöndum sé dýrmætt samfélag fatlaðs fólks en að óljós staða NHR innan norræns samstarfs hafi dregið úr pólitískum áhrifum og virkni ráðsins. Ráðið hefur starfað í umboði MR-SAM en í samræmi við tilmæli EK-S var í MR-SAM tekin ákvörðun um að leggja NHR niður í núverandi mynd og stofna nýtt samstarfsráð um málefni fólks með skerta getu. Ráðið mun heyra undir MR-S og hlutverk þess verður að veita Norrænu ráðherranefndinni ráðgjöf um málefni fólks með skerta getu og vera vettvangur fyrir miðlun þekkingar og upplýsinga milli aðila sem láta sig þessi málefni varða og starfa á þessum vettvangi.

### *Samningur um norrænan vinnumarkað fyrir heilbrigðisstéttir og dýralækna*

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar en hann á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum.

Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingar eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Undanfarin ár hefur verið rætt um tilverugrundvöll samningsins sem felur ekki í sér meiri réttindi fyrir heilbrigðisstarfsmenn en felast í Evrópusamstarfinu. Hins vegar þykir miðlun upplýsinga milli norrænu landanna mikilvæg. Á árinu var ákveðið að nefndin hefði áframhaldandi umboð til að sinna hlutverki sínu um upplýsingaskipti milli landanna varðandi starfsleyfi og viðurkenningu starfsréttinda, bæði á grundvelli norræna samningsins og Evrópureglna. Auk þess skal nefndin annast upplýsingaskipti milli landanna um eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum en það hlutverk hafði áður verið falið undirnefnd.

Á vorkundi eftirlitsnefndarinnar í Ósló voru, auk hefðbundinna upplýsingaskipta, kynntar og ræddar framangreindar breytingar sem felast í endurnýjuðu umboði nefndarinnar. Á haustfundi nefndarinnar í Reykjavík var fjallað ítarlega um eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum og skipst á upplýsingum.

### *Norrænn vinnuhópur um heilbrigðisviðbúnað*

Samstarf um heilbrigðisviðbúnað byggist á samningi landanna frá 2002. Framkvæmd samningsins hefur verið í höndum vinnuhóps heilbrigðisyfirvalda á Norðurlöndum sem jafnan er nefndur Svalbarðshópurinn.

Á fundum hópsins var m.a. rætt um innleiðingu alþjóðaheilbrigðisreglugerðar WHO og mikilvægi þess að norrænu löndin upplýsi hvert annað um stöðu mála, skort á samstarfi um kaup á bóluefni gegn heimsfaraldri influensu og vandamál sem tengjast birgðahaldi á mótendum gegn aukaverkunum bóluefna gegn bólusótt. Hvatt var til þess að öll löndin uppfæri upplýsingar á heimasíðu samstarfshópsins.<sup>18</sup> Hópurinn skilaði skýrslu um áhrif öskufallsins vegna gossins í Eyjafjallajökli.

Í ágústmánuði var haldin árleg norræn ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað og fór hún fram í Álesund í Noregi. Meginþemu ráðstefnunnar voru viðbrögð við veðurofsa og flóðum og viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar við hryðjuverkunum í Útey og Ósló sumarið 2011.

Eins og að framan greinir var fulltrúi Íslands í Svalbarðshópnum heiðraður með norrænu lýðheilsuverðlaununum m.a. vegna hlutverks hans í norrænu samstarfi um heilbrigðisviðbúnað.

### *Norrænn vinnuhópur um almannatryggingar*

Meginverkefni norræna vinnuhópsins um almannatryggingar er að fylgjast með sameiginlegum alþjóðlegum reglum og samningum um almannatryggingar, þ.m.t. Norðurlandasamningnum um almannatryggingar og framkvæmd þeirra, og meta þörf á breytingum. Þá fjallar hópurinn einnig um mál tengd samstarfinu innan ESB og Evrópska efnahagssvæðisins (EES) á sviði félagslegs öryggis og önnur sameiginleg mál um almannatryggingar. Hópurinn er ráðgefandi, fylgist með vandamálum sem tengjast réttindum þeirra sem fara milli norrænu landanna, svokölluðum stjórnsýsluhindrunum, og leggur til lausnir. Hann aðstoðar við að efla þekkingu á samningum og er ráðgefandi varðandi upplýsingagjöf og fræðslu á gildissviði samninganna.

Farið var yfir stöðuna varðandi fullgildingu nýs Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sem undirritaður var á ráðherrafundi í júní, og aðild Færeyja, Grænlands og Álandseyja rædd. Flest löndin áttu von á að geta lokið ferlinu í febrúar 2013. Hér á landi er gert ráð fyrir að leggja fram þingsályktun á Alþingi um fullgildingu samningsins og frumvarp um lögfestingu samningsins í ársbyrjun 2013 en venja hefur verið að veita Norðurlandasamningum á þessu sviði lagagildi hér. Einnig var fjallað um vinnu við gerð framkvæmdasamkomulags. Eftirfylgni við skýrslu sérfræðingahóps um stjórnsýsluhindranir á sviði félagslegs öryggis og almanna-

<sup>18</sup> Sjá heimasíðuna: [www.nordhels.org](http://www.nordhels.org).

trygginga í tengslum við vinnumarkað var á dagskrá. Sérstaklega voru rædd þau tilvik sem EK-S ákvað að fela almannatrygginganefndinni að fjalla um 2012–2013, þ.á m. flutningar milli landanna með farartæki hreyfihamlaðra og almannatryggingar norræns námsfólks í Svíþjóð. Þá var rætt um reglur um meðlagsgreiðslur, störf vinnuhóps um endurhæfingarmál milli landanna og skilyrði til barnabóta samkvæmt nýju dönsku kerfi. Einnig var fjallað um innleiðingu og framkvæmd nýrrar reglugerðar sem breytir Evrópureglugerð um almannatryggingar, vandkvæði sem upp hafa komið við framkvæmd hennar á Norðurlöndum, eyðublöð sem nota skal og fleira.

### *Þverfaglegur sérfræðingahópur um afnám stjórnsýsluhindrana*

Embættismannanefndirnar EK-S og EK-A settu á árinu 2010 á fót þverfaglegan sérfræðingahóp um afnám stjórnsýsluhindrana á sviði almannatrygginga, á vinnumarkaði og í félagsþjónustu við för um Norðurlönd. Hlutverk hópsins var að greina ætlaðar stjórnsýsluhindranir við för fólks innan Norðurlanda á sviði félagslegs öryggis og almannatrygginga í tengslum við vinnumarkað og félagsmál og gera tillögur að lausnum þar sem hópurinn teldi þörf á. Vinna hópsins var framlag til þess starfs sem fram fer á vettvangi á vegum MR-SAM um afnám stjórnsýsluhindrana (Grænehindringsforum). Sérfræðingahópurinn skilaði lokaskýrslu<sup>19</sup> sem var lögð fram og kynnt á ráðstefnu um stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum á sviði félagslegs öryggis og almannatrygginga. Einnig fór fram umræða á þjóðþingum norrænu ríkjanna um þessi mál. Umræðan á Alþingi var í apríl og hafði velferðarráðherra þar framsögu um málið.

Eftirfylgni við skýrsluna hófst á haustmánuðum og í nóvember fól EK-S vinnuhópnum um almannatryggingar annars vegar og vinnuhópnum um félagslega aðstoð hins vegar að fjalla áfram um tiltekin atriði sem tengjast félagslegu öryggi og almannatryggingum. EK-A mun hins vegar vinna áfram með tiltekin atriði sem tengjast réttindum á vinnumarkaði.<sup>20</sup>

## **10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál**

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER) eru starfandi þrjár embættismannanefndir sem fjalla hver um sig um einn þriggja málaflokka ráðherranefndarinnar. Haldinn var ráðherrafundur í Þrándheimi og Hell í Noregi 11. október. Þar var m.a. ákveðið:

- Að halda áfram vinnu stýrihóps um skapandi greinar (KreaNord) og staðfesta umboð hans og markmið verkefnisins fyrir 2013–2015.
- Að kanna möguleika þess að byggja á vinnu íslenska kyndilverkefnis-

<sup>19</sup> Stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum á sviði félags- og vinnumarksmála.

<sup>20</sup> Sjá einnig um sérfræðingahópinn á bls. 58.

ins um norrænan nýsköpunarvettvang þar sem áhersla verður lögð á mikilvægi opinberra innkaupa við eflingu nýsköpunar og þróunarstarfs.

- Að samþykkja verkefnatillögu Svía um formennskuverkefni á sviði námuvinnslu.
- Að staðfesta nýja samstarfsáætlun um byggðapróun og skipulag fyrir árin 2013–2016. Yfirskrift áætlunarinnar er: „Svæði Norðurlanda vísa veginn – Endurnýjað velferðarríki, bjartsýni á heimskautasvæðum og grænn vöxtur.“
- Að beina erindi til forsætisráðherranna um stöðu og framgang þeirra verkefna sem heyra undir grænan vöxt og eru á ábyrgðarsviði orkuráðherranna.
- Samþykkt var tillaga um að koma á formlegu samstarfi um markaðs- eftirlit á orkutengdum vörum. Verkefnið gengur undir nafninu Nordsyn.
- Að setja af stað úttekt á starfsemi Norrænna orkurannsókna með áherslu á það hvernig starfið gefi sem mest norrænt gildi. Úttektina skal nýta sem jákvætt innlegg í það hvernig norrænt samstarf um orkurannsóknir verði skipulagt í framtíðinni.
- Að mikilvægt væri að vinna áfram saman að málefnum er tengjast orkunýtni og endurnýjanlegri orku á vettvangi ESB.

### ***Atvinnumál***

Á vettvangi norrænu embættismannanefndarinnar um atvinnumál (*EK-NE/Næring*) var starfað samkvæmt samstarfsáætlun um nýsköpun og atvinnustefnu fyrir árin 2011–2013. Áætlunin samanstendur af svokölluðum kyndilverkefnum á sviðum frumkvöðlastarfsemi, nýsköpunar, græns hagkerfis, velferðarmála auk annarra viðfangsefna. Í lok ársins hófst undirbúningur að næstu samstarfsáætlun sem kynnt verður á formennskuári Svía 2013.

Í núverandi samstarfsáætlun var Ísland í forsvari fyrir kyndilverkefni um „Norrænan nýsköpunarvettvang“ sem hófst í október 2011 með skipan verkefnisstjórnar þar sem sérfræðingar frá hverju norrænu landanna áttu sæti. Verkefnisstjórn lauk störfum í haust og kynnti atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðherra Íslands tillögur verkefnisstjórnar á ráðherrafundinum í Þrándheimi í október. Niðurstöður verkefnisstjórnar byggjast á þeirri staðreynd að norræn velferðarkerfi séu mikilvæg forsenda hagvaxtar á Norðurlöndum og að þau hafi alþjóðlega sérstöðu. Þessi sérstaða felur í sér tækifæri fyrir Norðurlönd að taka forystu á sviði sjálfbærs hagvaxtar og velferðar á heimsvísu.

Einnig var unnið að undirbúningi og framkvæmd áhersluverkefna norrænu forsætisráðherranna um eflingu græns hagkerfis. Mörg verkefni, sem þegar eru í gangi, lúta að sömu markmiðum og er undirbúningur hafinn að samþættingu áherslna og verkefna eftir því sem við á.

Embættismannanefndin fundaði fimm sinnum á árinu.

### *Norræn nýsköpunarmiðstöð*

Norræna nýsköpunarmiðstöðin, Nordic Innovation (áður Nordic Innovation Center), stýrir verkefnum og áætlunum sem auka nýsköpun og viðskipti á Norðurlöndum. Samstarf norrænna ráðuneyta, stofnana þeirra og atvinnulífsins er stefnumótandi í starfi Nordic Innovation og er markmiðið með starfinu að skapa norrænan virðisauka. Tveimur stórum verkefnum lauk á árinu. Í verkefninu „Measured and Managed Innovation“ tóku 22 íslensk fyrirtæki þátt.

Verkefninu „Nordic Entrepreneurship“ lauk formlega í janúar 2013 og niðurstöður verða kynntar í kjölfarið. Í verkefninu var vöxtur frumkvöðla-starfs á Norðurlöndum kannaður og borinn saman við önnur svæði í Evrópu og Norður-Ameríku.

Í júní 2013 lýkur formlegri þátttöku Nordic Innovation í áætluninni „Marine Innovation“ þar sem fjárfest var í fimmtán verkefnum. Flest þeirra höfðu einn eða fleiri íslenskan þátttakanda.

„Nordic Built“ er viðamikil áætlun sem hvetur til sjálfbærrar þróunar í norrænum byggingariðnaði. Verkefnið hefur fengið mikinn meðbyr, ekki síst frá Íslandi. Vert er að nefna að innanríkisráðuneytið ákvað að farið yrði eftir „Nordic Built“-sáttmálanum við hönnun fangelsis á Hólmsheiði. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur einnig undirritað sáttmálann.

Áætlun um nýsköpun í opinberum innkaupum á heilbrigðissviði fór nýlega af stað og er hluti af stærri áætlun um aukna nýsköpun til að viðhalda og bæta norræna velferðarkerfið.

Skrifstofa Nordic Innovation er í Ósló, starfsmenn eru 24 og koma hvaðanæva af Norðurlöndum, þar af tveir frá Íslandi. Velta miðstöðvarinnar var rúmlega 85 milljónir norskra króna á árinu en framlagið frá NMR var um 79 milljónir.

Nýr framkvæmdastjóri kom til starfa á árinu og mun hann ásamt stjórninni á komandi ári leggja fram tillögur um nýjar áherslur í starfsemi stofnunarinnar.

### **Orkumál**

*Norræn embættismannanefnd um orkumál (EK-NE/Energi)* starfaði samkvæmt samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2010–2013. Í áætluninni er megináhersla lögð á norræna raforkumarkaðinn, endurnýjanlega orku, orkunýtni og orkusparnað svo og sjálfbæra orkuöflun á dreifbýlum svæðum. Vinnan endurspeglar þessar áherslur bæði hjá embættismannanefndinni og hjá fjórum vinnuhópum hennar sem starfa á ofangreindum sviðum. Íslendingar hafa ekki haft tök á að starfa með virkum hætti í öllum verkefnum vinnuhópanna en þátttaka hefur verið í einstaka verkefnum og má þar nefna þátttöku

Neytendastofu í verkefnum er lúta að markaðseftirliti á orkutengdum vörum. Einnig hefur verið fylgst með verkefnum er lúta að sameiginlegum hagsmunum norrænu landanna varðandi útfærslu einstakra þátta í tilskipunum ESB á sviði orkumála, svo sem varðandi upprunaábyrgð raforku og sveigjanleikaákvæði í tilskipun um endurnýjanlega orku og orkumerkingar.

Í embættismannanefndinni var einnig unnið að undirbúningi og framkvæmd þeirra áhersluverkefna norrænu forsætisráðherranna um eflingu græns hagkerfis sem falla undir ábyrgðarsvið nefndarinnar.

Á árinu var hafin vinna að nýrri samstarfsáætlun fyrir árin 2014–2017 sem leggja á fyrir þing NR haustið 2013.

Embættismannanefndin fundaði fimm sinnum á árinu.

### *Norrænar orkurannsóknir*

Hlutverk Norrænna orkurannsókna (NEF) er að stuðla að rannsóknum og nýsköpun á sviði orkumála, með því að styðja þróun á nýjum tæknilausnum og nýjum orkukerfum. Leitast er við að efla samvinnu sérfræðinga og vísindamanna á Norðurlöndum og auka tengsl við iðnaðinn. Stofnunin er með skrifstofu í Ósló og eru starfsmenn fjórtán talsins, þar af einn Íslendingur.

Á núverandi fjögurra ára styrktartímabili fyrir rannsóknarverkefni, sem gengur undir heitinu „Sustainable Energy Systems 2050“, bárust alls 90 umsóknir. Þar af voru 29 um verkefni með íslenski þátttöku. Alls voru tíu verkefni styrkt, þar af þrjú með þátttöku Íslendinga. Verkefnin þrjú sem um ræðir er lýst hér að neðan.

Í verkefninu „CO<sub>2</sub> Electrofuels“ er m.a. skoðað hvaða áhrif ný rafgreiningartækni við framleiðslu á vetni hafi á hagkvæmni þess að framleiða eldsneyti úr kolsýru. Með þessari rafgreiningartækni er hægt að minnka raforkunotkun um 30–40% miðað við hefðbundna rafgreiningartækni. Mögulegar leiðir til dreifingar á eldsneyti eru einnig til skoðunar en metanól og/eða DME verður í framtíðinni hægt að nota sem eldsneyti í skip, báta og til þungaflutninga.

Verkefnið „Nordic Initiative for Solar Fuel Development“ gengur út á að þróa aðferðir til að binda CO<sub>2</sub> úr lofti og afoxa það í metanól eða metan. Í fyrsta lagi er stefnt að því að ná að gera þetta rafefnafræðilega þar sem vatns-sameindir eru brotnar niður og uppleystar róteindir, sem við það myndast, hvarfast við CO<sub>2</sub> sem situr á rafskauti. Í öðru lagi er stefnt að því að nota sólarljós til að leggja til mikinn hluta orkunnar sem þarf til að rjúfa vatns-sameindirnar.

Þriðja verkefnið með þátttöku Íslendinga ber heitið „Smart Transmission Grid Operation and Control“, kallað STRONgrid. Verkefnið felst m.a. í samvinnu norrænna háskólastofnana og flutningsfyrirtækja raforku um myndun

norræns rannsóknaklasa. Beita á nútímataækni og -aðferðum við vöktun og stýringu flutningskerfanna þannig að hefðbundin flutningskerfi verði meira í ætt við „Smart Grid“. Með þróun aðferða sem taka „gáfaðar“ ákvarðanir við stýringu og rekstur flutningskerfisins mun rekstur og nýting þess batna.

Auk framangreindra verkefna var fram haldið vinnu við hnattvæðingarverkefnið „Orka og samgöngur“ sem íslenskir aðilar taka virkan þátt í. Einnig var áfram unnið að undiráætlunum öndvegisrannsóknaverkefnisins (Toppforskningsinitiativet) í samstarfi við systurstofnanirnar í Ósló, Nordic Innovation og NordForsk.

„Nordic Energy Technology Perspective“, sem er samstarfsverkefni milli NEF og International Energy Agency, var unnið að stærstum hluta á árinu. Um er að ræða skýrslu sem lýsir hvernig norrænu löndin geti uppfyllt markmið sín og náð jafnvægi í útblæstri kolefnis fyrir árið 2050. Áætlað er að skýrslan liggi fyrir í janúar 2013 og að haldin verði ráðstefna í tengslum við útgáfuna í Reykjavík í febrúar.

Á heimasíðu stofnunarinnar má nálgast frekari upplýsingar um öll verkefni sem hér hafa verið nefnd auk upplýsinga um ráðstefnur, skýrslur og margt fleira er tengist orkumálum á Norðurlöndum og á alþjóðlegum vettvangi.

### *Byggðamál*

*Norræn embættismannanefnd um byggðamál (EK-R)* starfaði samkvæmt samstarfsáætlun um byggðamál fyrir tímabilið 2009–2012 sem og formennskuáætlun Norðmanna. Á vegum embættismannanefndarinnar starfa vinnunefndir að ýmsum verkefnum.

Á ráðherrafundi í Þrándheimi var staðfest ný samstarfsáætlun um byggðapróun og skipulag 2013–2016.<sup>21</sup> Í henni eru þrjár aðaláherslur:

- Að stuðla að velferð sem nái jafnt til allra svæða.
- Að ýta undir sjálfbæra svæðapróun á heimskautasvæðunum.
- Að örva grænan hagvöxt á öllum svæðum.

Þá er einnig lögð áhersla á mikilvægi landamærasvæðasamstarfsins í norrænu samstarfi og þess starfs sem rannsóknastofnunin Nordregio vinnur.

Unnið var að norrænum gagnagrunni, „Statnord“, um tölfræði tengda landamærasvæðum og vinnusókn á milli landa. Gefin var út skýrsla starfsþóps og samstarfsvettvangi komið á. Ísland er að svo stöddu ekki þátttakandi en stendur það til boða.

Lokið var við handbók um hvernig hægt sé að takast á við lýðfræðileg vandamál. Þar er stöðunni lýst og settar fram hugmyndir að aðgerðum.

<sup>21</sup> Nordisk samarbeidsprogram for regional utvikling og planlegging 2013-2016.



Auglýst var eftir umsóknum um styrki til verkefna sem eiga að leysa viðfangsefni þessu tengd.

Hafin var vinna við að meta starf og framtíð Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda.<sup>22</sup> Einnig stóðu yfir stór verkefni á vegum vinnunefndanna t.d. varðandi ríkisstyrki og endurskoðun reglna ESB um þá; einnig um endurskoðun á byggðastefnu ESB, tengsl nýsköpunar og byggðastefnu, grænan hagvöxt sem grundvöll byggðapróunar og stefnumótun varðandi hlutverk borga og áhrifasvæða þeirra.

Eins og á árinu 2011 var ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til íslenskrar þátttöku í störfum vinnunefndanna.

Svæðisbundið samstarf var styrkt á ellefu svæðum á Norðurlöndum árið 2011 en þar við bætist Norræna Atlantssamstarfið (NORA). Við úthlutun fjár til svæðisbundna samstarfsins er unnið eftir stefnu sem nær til árána 2009–2012. Vegna óvissu um fjárframlög var ekki gengið frá stefnu fyrir árið 2013.

Embættismannanefndin átti sem fyrr náðið samstarf við norrænu rannsóknastofnunina í skipulags- og byggðamálum, Nordregio.

Embættismannanefndin fundaði fimm sinnum á árinu.

### *Nordregio*

Nordregio er norræn rannsóknastofnun sem hefur það hlutverk að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála ásamt því að þróa og miðla þekkingu á þessum sviðum til viðeigandi stofnana á Norðurlöndum. Á hverju ári er unnið að 60–80 rannsóknarverkefnum, þar sem áhersla er lögð á málefni norðursins í norrænu og evrópsku samhengi.

Hjá stofnuninni störfuðu 32 einstaklingar, þar af einn Íslendingur sem hefur nú látið af störfum. Ráðinn var nýr forstjóri á árinu.

Heildarvelta Nordregio á árinu nam um 35,5 milljónum sænskra króna. Stjórn stofnunarinnar gekk frá nýjum samningi við NMR fyrir tímabilið 2013–2015. Markmið samningsins er að tryggja að Nordregio geti stundað hagnýtar rannsóknir á sviði svæðisþróunar, skipulagsmála og pólitískrar stefnumótunar á þessum sviðum, rannsóknir sem auka þekkingu okkar á forsendum sjálfbærrar byggðapróunar í norrænum velferðarsamfélögum. Samkvæmt samningum á grunnframlag NMR að fjármagna um 35% af veltu Nordregio. Stofnunin þarf að reiða sig á öflun verkefnastyrkja frá stofnunum og rannsóknarsjóðum ESB og á Norðurlöndum til að fjármagna starfsemina að öðru leyti.

Á heimasíðu stofnunarinnar er að finna ýmsar upplýsingar um verkefni og rannsóknarskýrslur og þar má einnig nálgast fréttabréf stofnunarinnar og raftímaritið „European Journal of Spatial Development“:

<sup>22</sup> Sjá nánar um Lánasjóð Vestur-Norðurlanda á bls. 86.

### *Norrænt Atlantssamstarf*

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Skrifstofa NORA er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Aðildarlöndin skiptast á um formennsku, ár í senn, og tóku Færeyingar við formennsku af Norðmönnum á ársfundi NORA. Stærstur hluti tekna NORA á árinu var af fjárveitingum NMR, 6,5 milljónir danskra króna. Árlegt framlag aðildarlandanna var 1,7 milljónir danskra króna.

NORA leggur áherslu á samstarf innan svæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, sem og á nýsköpun og sjálfbæra þróun. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna. Það er gert með því að styrkja nýsköpun á sviði sjávarútvegs og auðlinda hafsins, þróun atvinnutækifæra á sviði ferðaþjónustu, landbúnaðar og orkumála og verkefni á sviði upplýsingatækni, fjarskipta, samgangna og flutninga, m.a. með það að markmiði að sigrast á fjarlægðum. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þúsundum danskra króna á ári. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða.

Úthlutað var verkefnastyrkjum að heildarupphæð 4,3 milljónir danskra króna til sautján verkefna en alls bærust 98 umsóknir. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er alla jafna mjög góð og eru Íslendingar nú þátttakendur í sextán af sautján verkefnum.

Undanfarin ár hefur NORA unnið að því að efla samstarf við nágretta norðurslóða til vesturs með því að styrkja verkefni þar sem um samstarf NORA-landanna við Kanada og skosku eyjarnar er að ræða. Er þetta í samræmi við stefnu og óskir NMR og NR.

Á árinu kom út skipulagsáætlun fyrir tímabilið 2012–2014. Í tvisgang voru birtar yfirlýsingar og tillögur hugmyndasmiðju sem sett var á fót í kjölfar svæðagreiningar OECD á NORA-svæðinu sem út kom árið 2011. Í tilefni af fyrri yfirlýsingunni var hafinn undirbúningur að þverfaglegu og svæðabundnu meistaranámi í samstarfi háskóla á svæðinu. Í nóvember var svæðaráráðstefna NORA haldin í Reykjavík undir yfirskriftinni „Nordic Welfare – The North Atlantic Way“ og var umfjöllunarefnið norræna velferðarkerfið á tímamótum séð frá sjónarhóli NORA-svæðisins.

## 11. Umhverfismál

Umhverfisráðherrar Norðurlanda ákveða megináherslur í norrænu samstarfi í áætlunum sem gefnar eru út á fjögurra til sex ára fresti. Norræn framkvæmdáætlun í umhverfismálum 2009–2012<sup>23</sup> hefur verið leiðarljós umhverfisstarfsins síðastliðin fjögur ár. Auk hennar hafa ýmsar aðrar áætlanir á vettvangi NMR áhrif á starfið. Má þar helst nefna norræna stefnu um loftslagsmál og hættuleg efni á norðurslóðum<sup>24</sup> og norræna stefnu um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum 2009–2012.<sup>25</sup>

Eftirtaldir málaflokkar eru í forgangi:

- Loftslagsmál og loftgæði.
- Hafíð og strandsvæði.
- Líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa.
- Sjálfbær neysla og framleiðsla.

Umhverfismál eru í eðli sínu alþjóðleg og því er í æ ríkara mæli lögð áhersla á að tengja norrænt samstarf alþjóðlegum áherslum í umhverfismálum. Þannig skapast samlegðaráhrif og leið opnast til að koma norrænum áherslum á framfæri, m.a. á vettvangi ESB og Sameinuðu þjóðanna. Vægi svæðisbundinna samtaka hefur einnig aukist, ekki síst Norðurskautsráðsins (AC) þar sem öll norrænu löndin eiga ríkra hagsmuna að gæta.

Á árinu samþykktu umhverfisráðherrarnir nýja umhverfisáætlun sem gildir frá ársbyrjun 2013 til ársloka 2018.

### *Norræn ráðherranefnd um umhverfismál (MR-M)*

Umhverfisráðherrarnir halda tvo fundi á ári hverju, þar að auki eru haldnir styttri og oftast óformlegir fundir í tengslum við aðra alþjóðlega fundi, m.a. til að ræða mál sem tengjast sameiginlegum hagsmunamálum á viðkomandi fundum.

Græna hagkerfið og undirbúningur fyrir Ríó+20 voru í brennidepli á fundum umhverfisráðherranna á árinu. Ráðherrarnir voru sammála um mikilvægi þess að leggja áherslu á græna hagkerfið á Ríó-ráðstefnunni. Á Norðurlöndum má sjá skýr dæmi þess að strangar kröfur í umhverfismálum fela í sér tækifæri til þróunar og hagvaxtar til lengri tíma litið. Sýnt hefur verið fram á að umhverfismál geta átt sinn þátt í að stuðla að betri lífskilyrðum og nýsköpun. Ísland, eitt Norðurlanda, hefur gefið út skýrslu þar sem gerð er tilraun til að skilgreina græna hagkerfið og settar eru fram beinar tillögur um verkefni innan ramma þess. Umhverfisráðherra kynnti skýrslu

<sup>23</sup> Framkvæmdáætlun í umhverfismálum 2009-2012.

<sup>24</sup> Nordisk strategi for klima og miljøgifter i Arktis.

<sup>25</sup> Sjálfbær þróun - Ný stefna fyrir Norðurlönd.

Íslands um græna hagkerfið á fundi norrænu umhverfisráðherranna í lok október. Einnig var ensk útgáfa af skýrslunni kynnt á Ríó-ráðstefnunni í júní.

Á Ríó+20 var efnt til norræns kynningarfundar á umhverfismerkinu Svaninum. Flutt voru erindi til að kynna Svaninn og lögð áhersla á mikilvægi og árangur samstarfsins en Svanurinn er nú vel þekktur alls staðar á Norðurlöndum. Í kjölfar erinda sátu allir umhverfisráðherrar Norðurlanda auk umhverfisráðherra Brasilíu fyrir svörum. Í aðdraganda Ríó+20 ræddu ráðherrarnir einnig önnur mikilvæg mál ráðstefnunnar, svo sem hvernig efla megi starf Sameinuðu þjóðanna að sjálfbærri þróun og styrkja stöðu Umhverfisáætlunar Sameinuðu þjóðanna.

Á reglubundnum fundum sínum á árinu ræddu norrænu umhverfisráðherrarnir einnig stöðuna í samningaviðræðum um loftslagsmál og um áhrif skammvinnra loftslagsspilla og áhrif þeirra á bráðnun íss á norðurslóðum.

#### *Norræn embættismannanefnd um umhverfismál (EK-M)*

Embættismannanefndin og vinnunefnd hennar hafa það hlutverk að undirbúa fundi umhverfisráðherranna, fylgja eftir ákvörðunum og sinna verkefnum sem ráðherrarnir fela þeim.

#### *Vákort yfir Norður-Atlantshafið*

Á árinu lauk gerð vákorts yfir Norður-Atlantshafið en það er verkefni sem Ísland hafði forystu um á formennskuárinu 2009. Vákortið er svar við þeirri hættu sem stafar af auknum siglingum um hafsvæðin í norðri og norðvestri. Með vákorti af Norður-Atlantshafinu er safnað saman á einum stað upplýsingum sem skipta höfuðmáli hvað varðar viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun. Á kortinu er að finna yfirlit yfir lífríki og náttúrufar, áhættuþætti varðandi siglingaleiðir, hugsanlegar uppsprettur mengunar og viðbúnað og viðbrögð, svo sem staðsetningu búnaðar o.þ.h.

Umhverfisstofnun hafði umsjón með verkefninu sem hlaut víðtækan stuðning á Norðurlöndum og ráðherranefndin veitti styrk til þess að upphæð 1,4 milljónir danskra króna. Settur var á laggirnar vinnuhópur með fulltrúum landanna við Norður-Atlantshaf, þ.e. Færeyja, Grænlands, Noregs og Íslands. Kortið veitir viðbragðsaðilum mikilvægar upplýsingar ef bregðast þarf við bráðamengun á sjó en er jafnframt mikilvæg uppspretta upplýsinga og gagna sem nýtast munu stjórnvöldum við áhættumat, við skipulag hafsvæðisins, til forvarna en einnig til fræðslu almennt.<sup>26</sup>

<sup>26</sup> Sjá vákortið: [www.nasarm.is](http://www.nasarm.is).

## Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir MR-M.<sup>27</sup>

### Vinnuhópar

Til að fylgja eftir þeim áætlunum sem í gildi eru og beiðnum frá ráðherrunum starfa átta vinnuhópar sem eru skipaðir sérfræðingum frá ráðuneytum og stofnunum á Norðurlöndum. Samtals hafa hóparnir rúmlega 20 milljónir danskra króna til ráðstöfunar til verkefna á ári hverju. Undir slík verkefni falla greiningar af ýmsu tagi og algengt er að niðurstöður verkefna birtist í skýrslum sem ráðherranefndin gefur út en einnig er efnt til ráðstefna og málstofa af ýmsu tagi. Skýrslurnar varpa ljósi á tiltekin málefni og vandamál og nýtast við stefnumótun í löndunum og í alþjóðastarfi, m.a. í alþjóðlegum samningaviðræðum. Má í því tilliti nefna samingaferli á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlegan samning um kvikasilfur en Norðurlönd tóku sterkt frumkvæði við að ýta þeim samningaviðræðum úr vör. Norrænt samstarf var einnig í brennidepli á Ríó+20 ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en þar voru nokkrir kynningarfundir og hliðarviðburðir um norrænt samstarf, m.a. um vistvæn innkaup og umhverfismerkingar. Var þar fjallað um þann árangur sem Norðurlönd hafa náð með sameiginlega umhverfismerkinu Svaninum. Niðurstöður norræns samstarfs nýtast einnig afar vel í því fjölþætta samstarfi sem Norðurlönd eiga með sér í tengslum við undirbúning, innleiðingu og framkvæmd tilskipana og annarra gerða á vettvangi ESB. Umhverfismál eru viðamikill þáttur EES-samningsins og samvinna um útfærslur og innihald hinna ýmsu gerða er afar þýðingarmikil, ekki síst fyrir Ísland sem hefur minni möguleika en hin löndin til að sækja fundi og fylgjast með mótun og þróun gerða ESB frá upphafi. Hver vinnuhópur hefur allmörg verkefni á sinni könnu en einnig er algengt að einhverjir vinnuhópanna starfi sameiginlega að ýmsum verkefnum og endurspeglar það hið þverfaglega eðli umhverfismálanna.

#### 1) *Vinnuhópur um loftgæði og loftslagsmál*

Meginmarkmiðið með starfi og verkefnum hópsins er að fyrirbyggja og draga úr loftslagsbreytingum á Norðurlöndum og koma í veg fyrir að mengandi efni í andrúmsloftinu skaði umhverfi og heilsu fólks. Starfið beinist bæði að því að tryggja nytsemi verkefna fyrir stefnumótun í norrænni stjórnsýslu og að hafa áhrif á alþjóðlegt starf um þessi málefni. Meðal verkefna sem eru sérlega mikilvæg fyrir Ísland má nefna þróun vöktunarkerfis fyrir losun brennisteins og díoxíns frá eldfjöllum á Íslandi og kortlagningu af hæð og breytingum á hæð jökla í Noregi, á Íslandi og á Grænlandi. Síðarnefnda verkefninu er ekki síst ætlað að auka skilning á mikilvægi jökla hvað varðar loftslagsmál.

<sup>27</sup> Sjá nánar um Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið á bls. 82.

2) *Vinnuhópur um vistkerfi í hafi*

Hafið skipar mikilvægan sess í umhverfismálum í öllum norrænu löndunum en ástand hafanna er mismunandi eftir legu þeirra. Vinnuhópurinn um vistkerfi hafsins tekur tillit til þessa í starfi sínu og vinnur m.a. að verkefnum sem beinast að því að draga úr ofauðgun og annarri mengun vegna umsvifa mannsins í Eystrasaltinu. Á hafsvæðunum í norðri og norðvestri er sjónum beint að samspili hafsins og loftslagsbreytinga, þar á meðal súrnun hafsins, svo og hættu sem hafsvæðinu stafar af auknum siglingum og aukinni ásókn í nýtingu náttúruauðlinda. Þá gegnir hópurinn mikilvægu hlutverki í undirbúningi fyrir alþjóðlegar samningaviðræður um málefni hafsins.

3) *Vinnuhópur um vistkerfi á landi*

Hópurinn vinnur að ýmsum verkefnum sem tengjast alþjóðasamningum, t.d. samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Einnig tekur hópurinn þátt í verkefnum um hagræn stjórnþæki sem ætlað er að stuðla að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Þá sinnir hópurinn verkefnum sem beinast að því að fyrirbyggja og stöðva frekari hnignun vistkerfa og styrkja möguleika þeirra á að veita þá þjónustu sem þeim er ætlað og er nauðsynleg fyrir umhverfi og fólk. Einnig vinnur hópurinn að verkefnum sem sýna fram á tengsl útivistar og lýðheilsu auk verkefna sem stuðla að vernd menningarlandslags. Á árinu lauk verkefni sem Landgræðsla ríkisins stjórnaði en það fjallaði um endurheimt skaddaðra vistkerfa og var unnið innan ramma formennskuáætlunar Íslands árið 2009. Heildarstyrkur til verkefnisins var um 35 milljónir íslenskra króna.

4) *Vinnuhópur um efni og efnavörur*

Eitt af meginmarkmiðum hópsins er að draga úr neikvæðum áhrifum efna og efnavara á umhverfi og heilsu fólks, m.a. með því að draga úr notkun og losun þeirra og tryggja betri meðhöndlun við förgun. Öll norrænu löndin falla undir efnalöggjöf ESB (REACH) sem er umfangsmikil og flókin. Allflest verkefni hópsins beinast að því að hafa áhrif á vinnu ESB sem snýr að efnalöggjöf og miðla reynslu sín í milli um hvernig best er að innleiða einstaka gerðir. Þá hefur hópurinn einnig unnið að því að greina hormónatruflandi efni og skilgreina kröfur um upplýsingamiðlun um slík efni. Einnig hefur sjónum verið beint að samanlögðum áhrifum hormónatruflandi efna í umhverfinu, svokölluðum kokteíláhrifum hormónatruflandi efna, með það fyrir augum að vekja stjórnvöld og stjórnámálamenn, sem eru ábyrg fyrir aðlögun landanna að löggjöf ESB, til vitundar um þessi mál. Það sama á við um áhættu varðandi notkun nanóefna. Þá hefur hópurinn einnig þróað gagnagrunna með prófunaraðferðum fyrir áhættumat tiltekinn efna og efnavara og hefur hann nýst mjög vel bæði á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi, m.a. í OECD. Vinnuhópurinn hefur einnig gegnt lykilhlutverki við miðlun upplýsinga um skaðsemi og útbreiðslu kvikasilfurs og hafa gögn frá hópnum nýst vel fyrir norrænar

samninganefndir sem um þessar mundir taka þátt í viðræðum um alþjóðlegan lagalega bindandi samning um kvikasilfur.

5) *Vinnuhópur um úrgangsmál*

Markmiðið með starfi hópsins er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif frá úrgangi. Hópurinn vinnur m.a. að því að stuðla að samlegðaráhrifum milli stefnu í úrgangsmálum og meðhöndlunar á efnum og efnavörum. Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr úrgangi og að úrgangur sé nýttur sem hráefni svo sem við endurvinnslu. Lögð er áhersla á auðlindanýtni, fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr úrgangi, betri nýtni í framleiðslukeðjum og aðgerðir sem draga úr endurvinnslu hættulegra efna. Hópurinn stuðlar að aukinni samvinnu landanna við mótun og innleiðingu á löggjöf ESB. Eitt verkefni vinnuhópsins beinist að því að draga úr matarúrgangi frá hótélum og mötuneytum en matarúrgangur felur í sér mikla sóun á auðlindum. Á árinu var gerð rannsókn á magni textílúrgangs á Norðurlöndum. Í ljós kom að Noregur, Finnland og Danmörk fleygja samtals 145 þúsund tonnum af vefnaðarvöru á ári hverju. Í skýrslu nefndarinnar sem gerði rannsóknina eru settar fram tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir slíkan úrgang.

6) *Vinnuhópur um sjálfbæra neyslu og framleiðslu og norræna umhverfismerkið Svanurinn*

Markmiðið með starfi hópsins er að stuðla að sjálfbærri neyslu og framleiðslu í því skyni að bæta umhverfi og heilsu fólks, auka auðlindanýtni, endurvinnslu og vistvæn innkaup. Eitt mikilvægasta verkefnið er að móta stefnu og auka útbreiðslu norræna umhverfismerkisins Svansins, ásamt því að fylgja eftir þeirri stefnu sem umhverfisráðherrarnir hafa sameinast um fyrir Svaninn fram til ársins 2015. Hópurinn vann þá stefnumörkun á sínum tíma og hefur Ísland stýrt vinnu Svanshópsins undanfarin ár. Svanshópurinn hefur unnið að því að framfylgja stefnunni um Svaninn í samstarfi við Norræna umhverfismerkisráðið (NMN) á grunni sameiginlegrar aðgerðaáætlunar. Fjölmörgum verkefnum hefur verið ýtt úr vör. Á árinu tókst að hefja öll þau verkefni sem aðgerðaáætlunin skilgreinir og er að því stefnt að þeim ljúki á árinu 2013.

Á formennskuári Íslands árið 2009 var ákveðið að gera átak í kynningu Svansins hér á landi. Árangurinn er sá að nú eru 23 íslensk fyrirtæki með Svansvottun enda sjá stjórnendur fyrirtækja í æ ríkara mæli mikilvægi þess að huga að umhverfismálum í rekstrinum. Mörg dæmi sanna að það skilar sér ekki einungis í betra og heilsusamlegra umhverfi, heldur einnig í vandaðri vinnubrögðum og beinum fjárhagslegum sparnaði fyrir viðkomandi fyrirtæki.

7) *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál*

Hópurinn er samstarfsvettvangur umhverfis- og fjármálaráðherra Norðurlanda. Eitt helsta markmiðið með starfi hans er að stuðla að efnahagslegri þróun sem byggir á sjálfbærri neyslu og framleiðslu,

m.a. með því að rjúfa sambandið milli hagvaxtar og álags á umhverfið. Við val á verkefnum er höfð hliðsjón af því sem gert er á þessu sviði á alþjóðavettvangi, m.a. í ESB og OECD. Verkefni beinast m.a. að hagrænum stjórnþækjum sem leið til að draga úr álagi á umhverfið. Græna hagkerfið er í brennidepli í vinnu hópsins og fjallaði eitt af verkefnum ársins um græn störf. Meðal annars var reynt að greina hvernig vinnumarkaðurinn muni líta út eftir fimm til tíu ár. Hópurinn gefur út skýrslu um hagræn stjórnþæki á Norðurlöndum með reglulegu millibili. Um þessar mundir er unnið að gerð slíkrar skýrslu og verður þar m.a. að finna yfirlit yfir hagræn stjórnþæki á Norðurlöndum og greiningu á niðurgreiðslum sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið.<sup>28</sup>

8) *Vinnuhópur vegna samningaviðræðna um loftslagsmál*

Helsta markmið með starfi hópsins er að styðja við alþjóðlegar samningaviðræður um loftslagsmál og að nýta norrænt frumkvæði og þekkingu með það fyrir augum að ná góðum samningi. Starf hópsins tekur mið af pólitískum forgangsverkefnum með vel skilgreindum markmiðum. Vinnuhópurinn vinnur að greiningum og úttektum á málefnum sem snerta samningaviðræðurnar og skipuleggur fundi og málstofur með samningafólki og sérfræðingum frá Norðurlöndum, ESB og annars staðar að úr heiminum. Hópurinn hefur samstarf við NEFCO um verkefni í Víetnam og Perú. Á árinu var gefin út skýrsla<sup>29</sup> byggð á málstofu þar sem ræddir voru möguleikar á að styrkja og auka skilvirkni loftslagsviðræðnanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Einnig var gefin út skýrsla um þau áhrif sem vænta má að losunarheimildir frá verkefnum á sviði skógareyðingar í þróunarlöndunum geti haft á alþjóðlega markaði með losunarheimildir. Verkefni sem miðar að því að gefa innsýn í framboð og eftirspurn á fyrirsjáanlegum kolefnismörkuðum er meðal annarra verkefna hópsins. Vinnuhópurinn efndi til hliðarviðburðar á loftslagsráðstefnunni í Doha í árslok 2012 um hvernig draga megi úr loftslagsbreytingum í þróunarlöndum.

## 12. Vinnumál

Á vegum *norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumarkað og vinnuumhverfi (MR-A)* er unnið í samræmi við samstarfsáætlun um vinnu- og vinnuverndarmál fyrir árin 2009–2012. Undir ráðherranefndina heyra þrjár nefndir; nefnd um vinnurétt, nefnd um vinnumarkað og nefnd um vinnuvernd. Samstarfið byggir á samningi um norrænan vinnumarkað frá árinu 1954 og norræna vinnuumhverfissamkomulaginu frá árinu 1989.

MR-A kom saman til fundar á Svalbarða 12.–14. september. Á ráðherra-

<sup>28</sup> Sjá einnig um vinnuhópinn á bls. 65.

<sup>29</sup> Strengthening Global Climate Change Negotiations.



fundinum var samþykkt ný samstarfsáætlun ráðherranefndar um vinnumál fyrir tímabilið 2013–2016 undir heitinu „Sameiginlegar áskoranir og norrænt notagildi“. Samkvæmt samstarfsáætluninni mun áherslan beinast að langtímaverkefnum í kjölfar hnattvæðingar og lýðþróunar en mun einnig eftir þörfum beinast að hagsveiflutengdum áskorunum sem koma upp á tímabilinu.

Megináherslur í samstarfi á *vinnu- og vinnumarkaðssviði* eru fjölgun starfa, aukið atvinnustig og að draga úr atvinnuleysi kvenna og karla. Markmiðið er að styrkja sjálfbærni norrænu velferðarsamfélaganna í framtíðinni og að efla þátttöku jaðarhópa í samfélaginu. Forgangsverkefnin eru að virkja vinnuafli í löndunum, styrkja samræmi í framboði og eftirspurn eftir vinnuafli, efla símenntun með hliðsjón af þörfum vinnumarkaðarins og gera norrænu löndin eftirsóknarverð fyrir vinnuafli, sem eftirspurn er eftir, frá löndum utan ESB/EES. Einnig að efla samhæfingu stjórnvalda og að vinna gegn atvinnuleysi þeirra sem minna mega sín sem og langtímaatvinnuleysi. Að sporna gegn atvinnuleysi ungs fólks er meðal megináskorana og mikið forgangsmál.

Forgangsmál í samstarfi á *vinnuverndarsviði* er að efla öryggi, heilsu og velferð á vinnustöðum fyrir bæði konur og karla. Markmiðið er að skapa eftirsóknarverða vinnustaði sem eru hvetjandi og fyrir alla, þar sem áhersla er lögð á að fyrirbyggja starfstengd líkamleg og sálræn heilbrigðisvandamál. Hafa skal hliðsjón af alþjóðlegum samningum og löggjöf ESB. Einnig að efla gott vinnuumhverfi á vinnustöðum, þróa enn frekar vinnuvernd og vinnueftirlit, koma í veg fyrir óásættanleg starfskjör, félagsleg undirboð og mismunun á vinnumarkaði og vekja athygli á mikilvægi góðra stjórnunarháttá og virkrar þátttöku starfsmanna.

Meðal forgangsmála í samstarfi á *vinnuréttarsviði* er að fylgja eftir áskorunum, aðlögun og þróun norræna kerfisins í stöðugt hnattvæddara atvinnulífi. Markmiðið er að vernda norræna kerfið og góð starfskjör á norrænum vinnumarkaði, vinnuvernd og hæfni þess til aðlögunar. Einnig að tryggja jafnvægi milli launþegaverndar og sveigjanleika, efla jafnrétti og jafnræði á vinnumarkaði og að efla norrænt samstarf varðandi alþjóðlega löggjöf og þá einkum innan ESB.

Þá mun forgangsmál allra sviða enn sem áður vera að afnema og fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir á norrænum vinnumarkaði til að liðka fyrir hreyfanleika á milli svæða og gera vinnumarkaðinn meira aðlaðandi og sveigjanlegri.

Fulltrúum Norræna verkalyðssambandsins (NFS) og norsku samtaka atvinnulífsins var boðið til samráðsfundar í tengslum við MR-A fundinn. Á fundinum voru þrjú þemu til umræðu. Fyrst var fjallað um þær áskoranir sem norrænu velferðarsamfélögin standa frammi fyrir vegna stöðu mála í Evrópu og fjallað um möguleika og breytingar sem geta fylgt auknum straumi vinnuafls frá Evrópu til Norðurlanda. Ráðherranefndin ákvað að

fela norrænu embættismannanefndinni um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A) að vinna að útfærslu fjögurra verkefna:

- 1) Að vinna að leiðum til að auka atvinnuþátttöku innflytjenda.
- 2) Að greina umfang útsendra launþega sem staðsettir eru á Norðurlöndum.
- 3) Að efla norrænt samstarf um innleiðingu á reglugerð um útsenda starfsmenn.
- 4) Að auka samvinnu varðandi áhrif aukins innflutnings frá Suður-Evrópu.

Þá var fjallað um atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum, um stöðu mála og aðgerðir til að vinna gegn atvinnuleysi. Ákveðið var að fela EK-A, í samstarfi við norræn samtök aðila vinnumarkaðarins, að kortleggja og safna dæmum um vel heppnaðar aðgerðir á Norðurlöndum til að koma ungu fólki án menntunar og atvinnu til þátttöku í atvinnulífinu.

Loks var fjallað um atvinnuþátttöku kvenna með áherslu á tíðni hlutastarfa og frátafa vegna veikinda. Samstaða var um mikilvægi þess að fylgja þessari umræðu eftir og upplýst að Svíar munu leggja áherslu á jafnrétti og vinnumarkað á formennskuári 2013.

#### *Norræn embættismannanefnd um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A)*

EK-A hélt tvo fundi á árinu. Meginþungi nefndarstarfsins var vinna að gerð nýrrar samstarfsáætlunar sem samþykkt var á MR-A fundinum á Svalbarða og fjallað er um hér að framan. Megináhersla Norðmanna á formennskuári var lenging starfsævinnar og aðgerðir til að auka þátttöku hópa sem eru utan vinnumarkaðar, þ.m.t. innflytjendur og fólk með skerta starfsgetu. Auk þess var lögð áhersla á að vinna að því að fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir.

Í apríl var haldin ráðstefna í Ósló um afnám stjórnsýsluhindrana í samstarfi við norræn samtök aðila vinnumarkaðarins. Á ráðstefnunni var kynnt lokaskýrsla þverfaglegs sérfræðingahóps um afnám stjórnsýsluhindrana á sviði almannatrygginga, á vinnumarkaði og í félagsþjónustu við för um Norðurlönd.<sup>30</sup>

„Unnið fram eftir á ævikvöldi“ var yfirskrift ráðstefnu sem haldin var í Ósló í september. Vegna lýðþróunar á Norðurlöndum fjölgar eldri borgurum og ævin lengist. Því mun það áfram vera megináskorun til lengri tíma að tryggja nægilegt vinnuafli á almennum og opinberum vinnumarkaði. Það þarf að gera m.a. með því að lengja starfsævina. Á ráðstefnunni var farið yfir stöðu mála varðandi starfsævi í norrænu löndunum og þær reglur sem gilda um rétt til eftirlauna. Fram kom að starfsævi Norðurlandabúa er lengri

<sup>30</sup> Sjá einnig um sérfræðingahópinn á bls. 44.

en annarra Evrópubúa og einnig að starfsævi og lífslíkur eru mismunandi í norrænu löndunum.

Í nóvember var haldin ráðstefna í Ósló í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins í Noregi um starfsendurhæfingu og aðgerðir til að efla þátttöku jaðarhópa á vinnumarkaði. Fram kom að hægt miðar að skapa störf og möguleika sem henta einstaklingum með skerta starfsgetu.

Á árinu var endurskoðuð stefna og starfsemi upplýsingamiðlunar um norræn vinnuálefni. Á vegum MR-A hefur verið starfrækt upplýsingaverkefni sem annast upplýsingamiðlun um vinnuálefni á Norðurlöndum á skandinavísku og ensku með netmiðli.<sup>31</sup> Gerð var úttekt á upplýsingaverkefninu og samþykkt ný stefna um miðlun upplýsinga um norræn vinnuálefni.

### *Nefnd um vinnurétt*

Haldnir voru tveir fundir á árinu í nefnd um vinnurétt á Norðurlöndum (NAU) og var fyrri fundurinn haldinn í Svíþjóð í lok mars en sá síðari um miðjan september í Noregi. Fulltrúa Íslands reyndist ekki unnt að sækja þessa fundi.

Á fundunum var farið yfir stöðuna á vinnumarkaði hvers lands, m.a. hvað varðar atvinnuþátttöku og skráð atvinnuleysi, auk þess sem skipst var á upplýsingum um þær aðgerðir sem löndin hafa gripið til í því skyni að stemma stigu við auknu atvinnuleysi.

Einnig var rætt um lagabreytingar og frumvörp sem unnið er að í löndunum í tengslum við vinnumarkaðinn, m.a. hvað varðar innleiðingar landanna á sameiginlegum evrópskum reglum. Við slíkar innleiðingar geta komið upp ýmis vandamál sem eru rædd á fundum nefndarinnar þar sem m.a. er skipst á upplýsingum um hvernig brugðist hafi verið við í löndunum. Í þessu sambandi ber að geta þess að Íslandi ber einungis að innleiða í íslenskan rétt þann hluta af sameiginlegum evrópskum reglum sem taldar eru falla undir samninginn um EES.

Farið var yfir dóma sem fallið hafa, svo sem hjá Evrópudómstólnum og EFTA-dómstólnum, og rætt um réttaráhrif sem þeir dómur kunna að hafa á löggjöf innan einstakra ríkja.

### *Nefnd um vinnumarkað*

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um norræn atvinnuálefni, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni nefndarinnar á árinu voru í samræmi við samstarfsáætlun á sviði vinnu- og vinnuverndarmála árin 2009–2012. Á því tímabili hefur m.a. verið lögð áhersla á áhrif

31 Sjá netmiðilinn: [www.arbeidslivinorden.org](http://www.arbeidslivinorden.org).

hnattvæðingar, áhrif alþjóðafjármálakreppu og áhrif innflytjenda á vinnu-  
markað Norðurlanda.

Undir formennsku Norðmanna voru haldnar ráðstefnur um stjórnsýslu-  
hindranir á Norðurlöndum, ráðstefna um virkni eldra fólks og ráðstefna um  
atvinnulíf þar sem litið var á atvinnuþátttöku, hæfni einstaklinga, jafnrétti og  
samband fjölskyldulífs og atvinnu.

Eftirfarandi *umsóknir um ný verkefni* voru samþykktar af norrænu vinnu-  
markaðsnefndinni:

- 1) Verkefnið „Age at retirement by educational background – a comparative analysis between Sweden, Denmark, Finland and Norway“. Markmiðið með verkefninu er að kanna hver meðalaldur þeirra sem fara af vinnu-  
markaði er eftir menntun launþega. Hagstofur landanna munu annast þessa greiningu og skýrslu um niðurstöðurnar.
- 2) Norræn ráðstefna um endurhæfingu á vinnu-  
markaði – rannsóknir og reynslu. Á ráðstefnunni var greint frá áhugaverðum og þýðingarmiklum þáttum með tilliti til norræns vinnu-  
markaðar. Markmiðið með ráðstefnunni var að upplýsa um nýjar rannsóknir, skiptast á reynslu-  
sögum og ræða nýja þekkingu á sviði endurhæfingar með áherslu á andlegt heilbrigði.
- 3) Norræna netverkið PIAAC<sup>32</sup> – 3. hluti. Gerður verður norrænn PIAAC-  
gagnagrunnur í þessu samhengi með gögnum úr meginrannsókninni auk gagna frá einstökum löndum. Markmiðið með verkefninu er sam-  
starf netverksins PIAAC og norræna rannsóknaraðila. Til þess að einfalda aðgang að upplýsingum fyrir rannsóknaraðila er ætlunin að byggja norrænan PIAAC-gagnagrunn með aðgang að gögnum bæði úr rannsókninni og úr gagnagrunnum landanna. Þáttökulönd eru Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð og Eistland. Gert er ráð fyrir að byggja á þeim þeimum sem OECD notar í alþjóðlegri skýrslu um viðfangsefnið. Einnig er fyrirhugað að skoða samanburð norrænu landanna við ESB.  
Til þess að koma niðurstöðum úr skýrslunni á framfæri er ætlunin að skipuleggja norræna ráðstefnu rannsóknaraðila í desember 2013 þar sem rannsakendum gefst kostur á að kynna niðurstöður norræna netverksins.

### *Önnur verkefni á árinu*

Norræna netverkið PIAAC – 2. hluti er áætlun um alþjóðlegt mat á full-  
orðinsfræðslu. Í verkefninu verður gerð grein fyrir sameiginlegri norrænni PIAAC. Verkefnið byggir á starfi ráðgefandi hóps um norræna samvinnu um fullorðinsfræðslu en markmiðið er að gefa út sameiginlega norræna skýrslu

<sup>32</sup> Sja netverkið: PIAAC (Programme for the International Assessment of Adult Competencies).

í upphafi 2014 í framhaldi af alþjóðlegri útgáfu sem byggir á niðurstöðum úr PIAAC-skýrslunni. Ætlunin er að í norrænu útgáfunni verði greinar frá rannsóknaraðilum.

„Social regulation in Nordic Welfare States: The impact on employment among youth from ethnic minorities and youth with disabilities.“ Verkefnið snýr að söfnun gagna um jaðarhópa ungra innflytjenda og ungs fólks með fötlun.

„Ungdomsarbetslöshet i de nordiska landerna.“ Markmiðið með verkefninu er að ná fram rannsóknarniðurstöðum sem geta skýrt ýmsar hliðar á atvinnuleysi ungs fólks í löndunum, þau vandamál sem tengd eru atvinnuleysi ungs fólks og tengslin við vinnumarkaðinn. Áhersla verður lögð á ferlið þegar ungt fólk fer úr skóla út á vinnumarkað og fyrstu reynslu ungs fólks af vinnumarkaðnum.

„Hnattvæðing, menntun, virkni og félagsleg útilokun á Norðurlöndum.“ Verkefnið miðar að því að sýna fram á hvernig hnattvæðing hefur áhrif á norrænan vinnumarkað, til dæmis hvernig úrræði hafa áhrif með tilliti til menntunar og virkni. Verkefnið beinir athyglinni að ólíkum hópum þar sem lítið verður á tekjur og atvinnustig til skemmri og lengri tíma á grundvelli gagna.

Verkefnið „Scandinavia's population groups of developing countries origin“ miðar að því að afla nýrrar þekkingar um aðlögun innflytjenda frá sex ríkjum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og áhrif innflytjendastefnu í löndunum þremur gagnvart þessum innflytjendum. Samanburður verður gerður á ýmsum tölfræðilegum gögnum. Markmiðið er að niðurstöðurnar komi að gagni við stefnumótun stjórnvalda en verkefninu lýkur árið 2013.

Gerð skýrslu um „Gränspendlingens struktur og utveckling 2001–2008“ er lokið og var hún kynnt á ráðstefnu sem haldin var í Noregi um stjórnsýslu-hindranir á Norðurlöndum.

*Hnattvæðingarverkefnin.* Markmiðið með þessum verkefnum, sem ýtt var úr vör árið 2011, er að Norðurlönd njóti ávinnings af vaxtarsvæðum. Hnattvæðingarverkefnin eru tvö:

- 1) Verkefni um vaxtarsvæðin. Tilgangur verkefnisins er m.a. að athuga hvað þarf að gera til þess að auka möguleika norrænu landanna til meiri ábata í nýjum vaxtargreinum. Í framhaldi af þessu þarf að skapa skilyrði, m.a. í vinnumarkaðs- og vinnumhverfisstefnu norrænu landanna, fyrir framtíðarverðmætasköpun og samkeppnishæfni. Verkefnið verður m.a. greiningarvinna, undir fyrirsögninni „Nanótækni, tækniþróun, þörf á ákveðinni hæfni og vinnumhverfi á Norðurlöndum“. Markmiðið er að draga fram þá þætti sem líklegir eru til þess að auka nýsköpun og fjölga nýjum störfum. Hagvöxtur er samspil ýmissa þátta, m.a. tækni og skipulags, fjármagns og vinnuafis svo og getu samfélags og fyrirtækja til þess að þróa og

taka í notkun nýja tækni og þekkingu. Hnattvæðingin hefur áhrif á norræna velferðarkerfið þar sem störf tapast í atvinnugreinum sem verða undir í alþjóðlegri samkeppni. Ný fyrirtæki verða til í vaxtargreinum, m.a. í gegnum frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun. Vinnumarkaðs- og menntastefnan þarf þess vegna að mæta þörfum atvinnulífsins.

- 2) Verkefni um erlent vinnuafli til Norðurlanda. Markmið vinnuhóps sem er að störfum er að leggja fram tillögur að útfærslu á stefnumörkun varðandi erlent vinnuafli. Stöðuskýrsla hefur verið send vinnumarkaðsnefndinni þar sem könnuð er þróun á mynstri innflytjenda, félagsleg undirboð eftir stækkun ESB og þáttur ráðningarskrifstofa vegna ráðninga frá Póllandi. Einnig kemur fram orsakasamhengi tengt breytingum í samsetningu innflytjenda milli landanna.

### *Atvinnuskipti ungs fólks*

Nordjobb-verkefnið er umfangsmikið norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumála. Það byggist á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna. Á árinu komu 70 ungmenni til starfa á Íslandi en 77 fóru héðan til starfa annars staðar á Norðurlöndum fyrir tilstuðlan Nordjobb. Á vegum Snorraverkefnisins (SnorriWest – ungmennaskipti til Bandaríkjanna og Kanada) fóru héðan tvö ungmenni en 16 komu til landsins.

### *Nefnd um vinnuvernd*

Norræna vinnuverndarnefndin hélt tvo fundi á árinu, að vori í Kaupmannahöfn og að hausti í Finnlandi. Norræn samstarfsáætlun 2013–2016 á sviði vinnumála var rædd og umsögn gefin um vinnuverndarþátt hennar en þar er áhersla á að efla öryggi, heilsu og velferð í vinnu. Markmiðið með áætluninni varðandi vinnuvernd er að stuðla að aðlaðandi og hvetjandi vinnuumhverfi þar sem markvisst er unnið að forvörnum með þátttöku allra á vinnumarkaði að leiðarljósi. Áhersla verður einkum á:

- 1) Að þróa og bæta vinnuumhverfi m.t.t. líkamlegra og sálfélaglegra áhættuþátta.
- 2) Að þróa vinnuumhverfisstefnur/-aðgerðir og eftirlit á vinnustöðum.
- 3) Að vinna gegn óviðunandi vinnuaðstæðum, félagslegum undirboðum og mismunun á vinnumarkaði.
- 4) Að varpa ljósi á þýðingu góðra stjórnunarháttanna og virkrar þátttöku starfsmanna fyrir vinnuumhverfi og framleiðni.
- 5) Að auka sjálfbæra nýtingu þeirra auðlinda sem felast í starfsmanninum sjálfum.
- 6) Að styrkja norræna samvinnu í sambandi við alþjóðlegt regluverk. Einnig á að beina sjónum sérstaklega að ungu fólki m.t.t. stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Vinnuverndarnefndin kom með ábendingar varðandi innihald og áherslur í handbók um störf og verkefni nefndarinnar en handbókin kom út í lok ársins.

*Kjarnaverkefni nefndarinnar* eru þrenn, veiting styrkja til verkefna á sviði vinnuverndar, miðlun upplýsinga og reynslu á sviði vinnuverndar og Evrópusamstarf á sviði vinnuverndar.

Fjallað var um stefnu og áherslur í verkefnastyrkjum. Leiddi umræðan til þess að fyrir árið 2013 var ákveðið að auglýsa eftir nýjum verkefnum á tilteknu rannsóknarsviði (sjá umfjöllun um úthlutun verkefnastyrkja). Um leið er almennt talið mikilvægt að hægt sé að veita styrkjum til verkefna af ólíkum toga eftir áherslum og forgangsöröðun. Einnig var rætt um leiðir til að tryggja gæði verkefna og að þau samsvari verkefnislýsingu.

Ákveðið var að nýta vorkundi til þess að fjalla um þemu sem væru talin mikilvæg í löndunum með tilliti til vinnuverndar, til dæmis starfsgreinar þar sem vinnuaðstæður eru slæmar og hvernig unnið sé með það í eftirliti. Það gæti síðan mögulega leitt til áframhaldandi úrvinnslu, samvinnu eða verkefna.

*Hnattvæðingarverkefni:* Greint var frá stöðu hnattvæðingarverkefna um samkeppnishæfni Norðurlanda, vinnuumhverfi og örtækni. Vinnuverndar- sjónarhorn þeirra er undirverkefni á sviði örtækni og sama máli gegnir um verkefni um erlenda starfsmenn, vinnuumhverfi og vinnuskilyrði þeirra í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) mun á árinu 2013 halda vinnustofu um erlenda starfsmenn og vinnuaðstæður, sem byggir á seinna verkefninu.

*Verkefnum lokið:* Niðurstöður nokkurra verkefna sem nefndin hefur styrkt voru kynnt á fundum ársins, má þar nefna „Arbejdsmiljø, trivsel og produktivitet“, „Nordiske forskningsperspektiver på arbejdsmiljø“, „Occupational safety and health of foreign workers in agriculture“ og „Arbeidstilsynenes roller, strategier og redskaper i arbeidet mot sosial dumping, en nordisk pilotstudie“.

Úthlutun styrkja til verkefna var með breyttum hætti. Að þessu sinni voru auglýstir styrkir á mjög afmörkuðu áherslusviði innan samstarfsáætlunarinnar fyrir árin 2013–2016, þ.e. um áhrif góðra stjórnunarháttá og virkrar þátttöku starfsmanna á vinnuumhverfi og framleiðni fyrirtækja.

Tvær verkefnaumsóknir bástust sem uppfylltu skilyrði nefndarinnar. Annað verkefnið, sem fjallar um góða stjórnun, virkjun samstarfsmanna, vinnuumhverfi, vellíðan og framleiðni í norrænum fyrirtækjum, er á vegum dönsku vinnuverndarrannsóknarstofnunarinnar. Hitt verkefnið fjallar um góða stjórnunarhátti á Norðurlöndum, stöðuna í dag og áherslur til framtíðar. Verkefnið er leitt af SINTEF í Noregi og dönsku vinnuverndarrannsóknarstofnuninni.

Þá voru þrjú eldri verkefni styrkt en um var að ræða framhaldsverkefni. Í fyrsta lagi verkefnið NOVO um samspil hagræðingar í heilbrigðisgeiranum

og vinnuverndar en það er eina verkefnið sem íslenskir fulltrúar taka virkan þátt í. Þá er annað verkefni er lýtur að vinnuumhverfi, vellíðan og framleiðni og loks í þriðja lagi verkefni er miðar að því að gera yfirlit yfir sálfélagslegt vinnuumhverfi og tengsl þess við ororku.

Nefndin ákvað einnig að styrkja verkefni undir forystu Dana um hvernig samþætta megi rannsóknir um vinnutíma og heilbrigði.

### *Stofnun um menntun á sviði vinnuverndar*

Rekstur Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) var í jafnvægi og námskeiðahald var með hefðbundnu sniði.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu. Markmið fundanna er að móta stefnu um innihald og umfang námskeiða. Lögð er áhersla á að námskeiðin nýtist sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar. Þá er lögð meiri áhersla á að ná til stjórnenda, til þeirra sem sinna vinnuverndarstarfi í fyrirtækjum og þeirra sem starfa hjá vinnueftirlitsstofnunum. Einnig var unnið að því að undirbúa úttekt á NIVA sem gerð yrði á árinu 2013 af ytri aðilum og var fundað sérstaklega vegna þessa.

Tólf námskeið voru haldin og voru þátttakendur alls 362. Tvö þessara námskeiða voru haldin á Íslandi. Í fyrsta lagi var þriggja daga námskeið um endurkomu til vinnu eftir veikindi en þátttakendur voru 53, jafnt innlendir sem erlendir. Innlendir þátttakendur komu frá starfsendurhæfingu hérlendis sem og fyrirtækjum og skólum. Í öðru lagi var haldið eins dags námskeið um einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum og viðbrögð við því og tóku alls 26 Íslendingar þátt. Sambærilegt námskeið var haldið í öðrum norrænum löndum. Þá sóttu nokkrir Íslendingar námskeið NIVA sem haldin voru annars staðar á Norðurlöndum. Á árinu 2013 er ekki gert ráð fyrir námskeiðum á vegum NIVA á Íslandi en að öðru leyti er gert ráð fyrir svipaðri virkni.

## **13. Efnahags- og ríkisfjármál**

Á árinu var haldinn einn ályktunarhæfur fundur í *norrænu ráðherranefndinni um efnahags- og ríkisfjármál (MR-Finans)* en seinni fund ársins sóttu einungis embættismenn. Fyrri fundurinn var haldinn í Ósló en sá síðari í Kaupmannahöfn. Skipst var á skoðunum og fjallað um áform um innleiðingu strangari eiginfjárreglna fyrir fjármálastofnanir (Basel III og CRD IV) m.a. á grundvelli skýrslu sérfræðingahóps sem skipaður var til þess að gera ráðherranefndinni grein fyrir málinu. Ráðherrarnir fjölluðu einnig um útgáfu tímaritsins „Nordic Economic Policy Review“ og um stjórnsýsluhindranir sem eru reglubundið til umfjöllunar á fundum ráðherranna.



*Norræn embættismannanefnd um efnahags- og ríkisfjármál (EK-Finans)*

Meginverkefni EK-Finans er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin styður starf sérfræðingahóps um samspil ríkisfjármála og umhverfismála og umfangsmikið verkefni um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki. Jafnframt hafa gjarnan starfað vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Embættismannanefndin hélt sex fundi á árinu og var einn þeirra haldinn í Reykjavík.

Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum:

1) *Norræn efnahagsnefnd*

Helsta verkefni nefndarinnar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum, og hefur hún einnig fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármála- og efnahagsmálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu um efnahagsmál til fjármálaráðherranna. Á síðustu árum hefur skýrslan legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa mætt til reglulegs haustfundar. Haustfundur nefndarinnar fór að þessu sinni fram í Helsinki og hafði finnska fjármálaráðuneytið yfirumsjón með gerð skýrslunnar að þessu sinni. Næsti fundur verður haldinn í Kaupmannahöfn í vor eða sumarbyrjun.

2) *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál*

Vinnuhópurinn um umhverfis- og efnahagsmál starfar á vegum embættismannanefndanna EK-Finans og EK-M. Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórnækjum í umhverfismálum. Hópurinn hittist alla jafna tvisvar á ári. Af hálfu Íslands hefur á undanförunum árum einungis verið hægt að taka mjög takmarkaðan þátt í starfi þessa hóps en hann hefur skilað fjölda skýrslna sem koma að gagni í starfi beggja ráðuneyta.<sup>33</sup>

3) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga*

Árlegur fundur hagfræðinga sem starfa að skattamálum í fjármálaráðuneytum landanna var haldinn í október en tveir sóttu fundinn fyrir hönd Íslands. Farið var yfir helstu breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfi hvers lands undanfarið ár og rætt var um efnahagsþróunina framundan. Önnur dagskrárefni voru skattlagning á fjármálastarfsemi og samspil skatta og framleiðni.

4) *Norræn launa- og starfsmannanefnd*

Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (MR-SAM) og stjórnarnefnd NR í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við stofnanir NMR svo og starfsmanna á skrifstofum NR

33 Sjá einnig um vinnuhópinn á bls. 55.

og NMR í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þau mál sem hún tekur til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofanna í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri undirbúning fundanna. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til MR-SAM og stjórnarnefndar NR í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum. Ennfremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnarnirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna, frá 9. des. 1988, um réttarstöðu norrænna stofnana og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin.

Haldnir voru þrjár fundir á árinu. Nefndin fjallaði m.a. um nýtt launakerfi hjá NMR og hugsanlegar breytingar á lífeyriskerfi þeirra sem þar starfa, launaþróun í löndunum, stjórnarlaun stofnananna á nýju ári og staðaruppþætur svo og laun forstöðumanna norrænna stofnana. Þá hafa verið haldnir fundir með fulltrúum Norræna hússins í Reykjavík.

5) *Norræn starfsmannaskipti*

Markmiðið með starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu. NMR hefur haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum annars staðar á Norðurlöndum.

Hlutdeild Íslendinga á árinu var 211.800 danskra króna eða 12% af heildarfjárveitingunni en hluta af fjárveitingunni var heimilt að nota til gerðar kynningarefnis um starfsmannaskiptin. Þrjár fundir voru haldnir á árinu. Styrkþegar voru átta og hlutu þeir styrk til dvalar frá einum mánuði til sex mánaða auk greiðslu ferðakostnaðar. Sex fóru að þessu sinni til Noregs og tveir til Svíþjóðar. Þetta er nokkur breyting því oftast hafa flestir styrkþeganna farið til Danmerkur.

6) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum*

Samstarfið er vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti milli landanna um þróun í skattamálum. Haldinn er árlegur fundur yfirmanna skattamála en þess á milli eru send milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á fundinum í ár var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum. Fulltrúi Íslands gerði grein fyrir nýlegum breytingum á íslenskum skattalögum. Meðal annars var sagt frá hugmyndum um skattlagningu ferðamanna og gistináttaskattinum sem þegar hefur verið lögfestur. Einnig var rætt um fjársýsluskatt af hálfu Íslendinga og Norðmanna. Finnar ræddu tekjuskattlagningu fyrirtækja með tilvísun í breiðan skattstofn eða ívilnanir. Jafnframt ræddu þeir ásamt Svíum um vaxtafrádrátt fyrirtækja og möguleika á skerðingu hans til varnar skattasniðgöngu. Einnig var fjallað um mál einstakra landa og lausnir á þeim, meðal annars með tilliti til reynslu annars staðar á Norðurlöndum. Að lokum var almenn umræða um ESB-mál.

- 7) *Norrænn stýrihópur um gerð upplýsingaskiptasamninga við lág-skattaríki*  
 Í stýrihópnum sitja fulltrúar frá fjármálaráðuneytum landanna auk verkefnisstjóra. Áætluð verklok voru 1. júlí 2012 en þar sem enn á eftir að ná endanlegum samningum við þrjú til fjögur mikilvæg ríki var ákveðið að stýrihópurinn ásamt verkefnisstjóra myndi starfa áfram á árinu 2013 til að freista þess að ljúka við gerð þeirra samninga. Stýrihópurinn hélt einn formlegan vinnufund á árinu auk þess sem haldnir voru samningafundir við nokkra aðila í tengslum við Global Forum fund í Suður-Afríku auk skriflegra samskipta. Á árinu voru undirritaðir fjórir nýir samningar og er heildarfjöldi samninga orðinn 40.
- 8) *Norrænt skattrannsóknaráð*  
 Markmið ráðsins er að stuðla að rannsóknum í skattalögfræði og -hagfræði. Ráðið heldur fund árlega, síðast í Reykjavík í október. Þá hefur ráðið einnig haldið ráðstefnu á hverju ári, að þessu sinni fór hún fram í Helsinki í maí og fjallaði um skattastyrki. Áformað er að næsti fundur og ráðstefna fari fram í Stokkhólmi í maí 2013. Viðfangsefnið verður skattlagning fjármála fyrir tækja og -gerna.
- 9) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum*  
 Embættismenn úr fjármálaráðuneytum og frá ríkisskattstjórum landanna hittast árlega til að ræða málefni er varða Norðurlandasamning til að komast hjá tvísköttun. Farið er yfir vandamál sem upp koma við túlkun og framkvæmd samningsins, ný löggjöf er kynnt, nýjasta dóma- og úrskurðarframkvæmd er reifuð og önnur sameiginleg mál rædd. Í ár fór fundurinn fram í Bergen í Noregi.
- 10) *Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna*  
 Fjárlagastjórar, það er forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Fjallað er um ýmis málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna. Ennfremur eru til umræðu tiltekin mál sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur til að miðla upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum og auðveldar samskipti milli fjármálaráðuneytanna. Vorfundur fjárlagastjóranna var haldinn í tengslum við árlega ráðstefnu fjárlagastjóra OECD sem fram fór í Reykjavík í byrjun júní. Farið var yfir horfur í efnahagsmálum og ríkisfjármálum í hverju landi fyrir sig. Einnig var rætt um skuldastýringu og lánamál ríkisins á Íslandi og lántökur ríkissjóðs undanfarin ár á alþjóðafjármálamörkuðum. Jafnframt var farið yfir málefni í löndunum svo sem markmið Danmerkur í efnahags- og ríkisfjármálum til ársins 2020. Haustfundur hópsins var haldinn í Stokkhólmi þar sem fram fór umfjöllun um stöðu og horfur í efnahagsmálum og ríkisfjármálum samstarfslandanna. Önnur málefni til

umræðu voru annars vegar skipurit og verklag fjárlagaskrifstofa í hverju landi fyrir sig og hins vegar afköst og gæði menntakerfisins í norrænu löndunum.

11) *Sérfræðihópur á vegum MR-SAM um norræna fjárhagsáætlanagerð*  
Hlutverk hópsins er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um norræna fjárhagsáætlun, bæði tæknilegri og efnislegrri. Hópurinn fjallar einnig um afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta landanna sitja starfsmenn frá skrifstofu NMR fundi. Árlegur fundur var haldinn í Kaupmannahöfn í júní en þá var tillaga NMR um fjárhagsáætlun kynnt. Að þessu sinni gerði sérfræðihópurinn tvær athugasemdir. Bent var á nauðsyn þess að fram komi ítarlegt yfirlit yfir óráðstafaða fjármuni einstakra stofnana í árslok og áætlaða nýtingu þeirra á komandi miss-erum. Þá var minnt á að í gildi væri regla sem samstarfsráðherrar hefðu kynnt í ársbyrjun 2007 um að mest megi flytja sem nemur 20% af fjárhæð einstakra liða milli fjárhagsára.

12) *Norræn embættisnefnd fyrir Ísland*

Á fundi MR-Finans í október 2008 var ákveðið að stofna nefnd embættismanna og fulltrúa seðlabanka einstakra landa til að hafa umsjón með og samræma aðgerðir Norðurlandþjóða til að aðstoða Ísland. Nefndin hefur annast ýmis samræmingarverkefni vegna lánveitinga þjóðanna til Íslands.

### *Norræni fjárfestingabankinn*

Norræni fjárfestingabankinn (NIB) var stofnaður árið 1975 með það að markmiði að bankinn aflaði lánsfjármagns á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og veitti því til mikilvægra fjárfestingarverkefna í norrænu löndunum og styddi þannig við efnahagsþróun þeirra. Eistland, Lettland og Litháen gerðust aðilar að bankanum árið 2005 og eru aðildarlöndin því átta talsins. Málafni NIB heyrar undir MR-Finans. Hvert aðildarland skipar einn stjórnarmann og einn varamann. Þá skipar hvert land einn mann í endurskoðunarnefnd bankans. Átta stjórnarfundir voru haldnir á vegum NIB og sóttu fulltrúar Íslands þá alla. Meginviðfangsefni stjórnar tengjast hefðbundnum stjórnarstörfum svo sem frágangi áætlana um rekstur og fjárhag bankans og eftirliti með framgangi þeirra innan ársins. Þá eru allar stærri lánveitingar bankans háðar samþykki stjórnar. Síðasta lánveiting bankans til Íslands var til Landsvirkjunar vegna byggingar Búðarhálsvirkjunar en eftirspurn frá Íslandi var dræm á árinu, eftir lánnum sem falla innan verksviðs bankans.

Fulltrúar eigenda, sem eru fjármálaráðherrar landanna, hittast árlega til að fara yfir málefni bankans.<sup>34</sup>

<sup>34</sup> Sjá nánar um Norræna fjárfestingabankann á bls. 80.

## Önnur starfsemi á vegum fjármála- og efnahagsráðherra

### 1) *Eystrasaltsnefnd*

Norræna fjárfestingaráætlunin fyrir Eystrasaltsríkin miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót fjárfestingabönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánú samstarfi við fulltrúa NIB, Endurreisnar- og þróunarbankans Evrópu í London (EBRD) og Norræna verkefnaútlutningssjóðsins (Nopef). Áætluninni lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.

### 2) *Norræn-baltneskar ráðgjafanefndir*

Tvær embættismannanefndir eru starfræktar í þeim tilgangi að tengja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna við fulltrúaskrifstofu þeirra í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Nefndirnar eru skipaðar fulltrúum frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin, norræn-baltneska fjármálanefndin, er skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum. Hin nefndin, norræn-baltneska fulltrúanefndin, er undirnefnd þeirrar fyrri og í henni sitja fulltrúar þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum AGS. Helsta verkefni nefndanna er að móta sameiginlega afstöðu norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna til mála sem koma fyrir stjórn AGS og leggja þá afstöðu í hendur fulltrúa landanna í stjórninni. Þá undirbýr hún aðkomu landanna að ársfundi AGS og fundi í fjárhagsnefnd AGS (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norræn-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari.

### 3) *Ritnefnd „Nordic Economic Policy Review“*

Skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur tekið þátt í störfum ritnefndar „Nordic Economic Policy Review“, tímarits sem gefið er út á vegum NMR. Markmiðið með tímaritinu er að gera rannsóknir á sviði efnahagsstefnu aðgengilegri fyrir hagsmunaaðila og að stuðla að aukinni umræðu um efnahagsstefnu á Norðurlöndum. Í tímaritinu er fjallað um sameiginleg norræn mál og úrlausnarefni sem eru efst á baugi hverju sinni. Sex tölublöð hafa verið gefin út.

Norrænir fjármálaráðherrar hafa um árabil haft náið samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana eins og fyrir fundi AGS. Ennfremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínur eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að CBSS ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eystrasaltsríkjanna en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

## 14. Samstarf á sviði löggjafar, flóttamanna og björgunarmála

### *Samstarf um löggjafarmál*

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmál byggir á Helsingfors-samningnum, samstarfsáætlun og formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

*Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-Lov)* hittast árlega. Að öðru leyti á samstarfið sér stað undir yfirstjórn *norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-Lov)* þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál og ný eða væntanleg löggjöf rædd og styrkir veittir til norrænna verkefna. Þá skipar EK-Lov eftir þörfum vinnuhópa til að fjalla um einstök réttarsvið eða álitæfni.

MR-Lov starfar samkvæmt samstarfsáætlun frá árinu 2011. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggist á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökufæri á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dvelja þar. Í áætluninni kemur fram að löggjafarsamstarfið eigi að miða við „norrænt notagildi“. Stefnt skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Mikil áhersla er lögð á að ná samræmi í löggjöf við innleiðingu á löggjöf ESB og EES. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega viðtækri samræmingu löggjafar. Þá skuli í lagafrumvörpum, þegar það á við, gerð grein fyrir samsvarandi löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, t.d. vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu.

Árlegur fundur MR-Lov var haldinn 26. júní í Ósló. Ráðherrarnir ræddu m.a. persónuvernd, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn heimilisofbeldi og mikilvægi þess að við lagasetningu í löndunum væri gætt að því að ekki skapist misræmi í lögum sem komi í veg fyrir óhindruð samskipti manna og fyrirtækja milli landanna. Einnig var rætt um hryðjuverkaárásirnar í Ósló og Útey árið 2011 og mikilvægi þess að koma í veg fyrir að slíkir atburðir endurtækju sig.

Áherslumál voru að venju rædd í starfshópum sem ekki eru hluti af formlegu norrænu samstarfi, svo sem sérfræðingahópi um sífjarétt.

Einnig var að störfum vinnuhópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir annað hvert ár. Haldinn var ráðherra-fundur í Ríga í Lettlandi í október. Til umræðu á þeim fundi var sáttamiðlun, rafræn stjórnáætlun, alþjóðleg samvinna og réttindi brotaþola.

### *Málefni flóttamanna*

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Samráðsnefndin fundar tvisvar á ári og er annar fundurinn jafnan í tengslum við árlegan fund norrænna ráðherra sem fara með málefni útlendinga og flóttamanna. Upphaflega var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem koma að útlendingamálum á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfræðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga um aðstæður í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrsla sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, þar með talið atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamstarfsins. Fyrri fundur samráðsnefndarinnar var haldinn í Reykjavík í mars en síðari fundurinn í tengslum við fund norrænna ráðherra, sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna, í september í Reykjavík. Meðal annars var þar rætt um málefni Dyflinnarsamstarfsins og stöðuna í Sílandi.

### *Björgunarsamstarf*

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggist á rammamálum um björgunarþjónustu milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili sammingsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fer með það samstarf í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslands. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa Norðurlanda og stýrir hún samstarfinu. Haldnir voru tveir fundir og ein björgunaræfing.

Norræn ráðherrafundur um almannaoöryggi var haldinn í Reykjavík 22. nóvember. Ráðherrarnir ræddu um ýmis svið öryggismála svo sem almannavarnir, netöryggi og viðbrögð og lærdóma sem draga mætti af hryðjuverkunum í Noreg 22. júlí 2011.

## 15. Grannsvæðasamstarf

### *Samstarf NMR við nágranna Norðurlanda í vestri*

Á norrænu fjárlögnum voru á árinu alls 2,7 milljónir danskra króna ætlaðar til samstarfsverkefna við nágranna Norðurlanda í vestri, með áherslu á Kanada. Áherslusviðin sem tiltekin eru í samstarfsreglum NMR hvað þetta varðar eru málefni hafsins, atvinnulíf, umhverfismál, loftslags- og orkumál, menntun, rannsóknir og nýsköpun, menning og heilsufar. Fjárlagaliðurinn er hugsaður sem undirstaða að fjármögnun verkefna en á ekki að standa straum af heildarfjármögnun þeirra. Í samstarfsreglum NMR er að finna skilyrði fyrir norrænum fjárveitingum þess efnis að móttframlag nágranna í vestri skuli vera helmingur á við framlög frá Norðurlöndum. Þessi krafa hefur gert norrænum aðilum erfitt fyrir að koma á samstarfi við kanadíska aðila. Við það bætist að norrænt samstarf hefur til þessa hlotið fremur litla kynningu í Kanada. Ísland gerði athugasemd við þessa ströngu kröfu um meðfjármögnun kanadískra aðila og var hún tekin til greina við verkefnaúthlutun í byrjun október þegar fimm verkefni hlutu styrki að upphæð samtals tæplega 1,9 milljónir danskra króna. Þar á meðal er verkefni um mat á endurheimt vistkerfa á norðlægum slóðum sem er stjórnað af Landgræðslu ríkisins. Auk fjölmargra samstarfsaðila á Norðurlöndum taka bæði kanadískir og skoskir aðilar þátt í verkefninu.

### *Norðurslóðasamstarf NMR*

Framlög til norðurslóðasamstarfs voru rúmlega 9,7 milljónir danskra króna árið 2012 en þau hafa farið vaxandi ár frá ári í takt við síaukinn áhuga alþjóðasamfélagsins á málefnum norðurslóða. Verkefnaumsóknir á árinu voru alls 49, af þeim hlutu 25 styrk úr áætluninni. Samstarfið tekur mið af áætlunum sem ná til þriggja ára í senn en áætlun sú sem var unnið eftir á árinu nær yfir tímabilið 2012–2014. Markmiðið með norrænu norðurskautsáætluninni er að styðja við viðfangsefni og málaflokka sem varða norðurskautssvæðið sérstaklega og þar sem hagsmunir norrænu landanna fara saman. Má þar nefna bætt lífsskilyrði og lífsgæði íbúa á norðurslóðum, umhverfisvernd og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á norðurslóðir, sjálfbæra atvinnuþróun, menntun íbúanna og þekkingaruppbyggingu. Áætlunin tekur jafnframt mið af opinberri stefnu-mótun í hverju hinna norrænu landa um málefni norðurskautssvæðsins. Við framkvæmd áætlunar NMR um norðurskautið er haft náið samráð við fulltrúa Norðurlanda í AC en þeir sitja í fagnefnd um norðurskautið sem heyrir undir NMR og er ráðgefandi fyrir MR-SAM og NSK um málefni norðurskautsins.



### *Samstarf við ESB*

Samstarf NMR við ESB miðast einkum við áætlun ESB um Eystrasaltssvæðið, Norðlægu víddina og ýmis verkefni sem miða að því að styðja við bakið á lýðræðisöflunum í Hvíta-Rússlandi. NMR hefur frá árinu 2009 tekið virkan þátt í að framkvæma áætlun ESB um Eystrasaltssvæðið og hefur, ásamt stjórnarsviði byggðastefnu hjá ESB og öðrum hagsmunaaðilum, staðið fyrir ráðstefnum og ýmsum öðrum viðburðum til þess að styðja við áætlunina og halda áherslumálum hennar á lofti í pólitískri umræðu um svæðið og málefni þess. NMR tekur auk þess þátt í nokkrum kjölfestuverkefnum áætlunarinnar, einkum á vettvangi ráðherranefndanna MR-FJSL, MR-NER, MR-K og MR-U. Vel flestar ráðherranefndir leggja einnig sitt af mörkum til þess að áætlunin komist til framkvæmda.

NMR er einnig þátttakandi í Norðlægu vídd ESB en hún setur pólitískan ramma utan um samstarf aðildarlanda ESB við Ísland, Noreg og Rússland. Í samstarfsreglum NMR við Eistland, Lettland og Litháen annars vegar og Rússland hins vegar kemur fram að samstarfið eigi meðal annars að taka mið af áherslumálum Norðlægu víddarinnar. NMR er virkur þátttakandi í þremur af fimm samstarfsverkefnum (partnerships) sem eru starfrækt á vegum Norðlægu víddarinnar með því að fjármagna og hafa umsjón með mörgum verkefnum sem þeim tengjast. Má þar nefna verkefni um baráttu gegn mansali og eyðni, sem er á vegum samstarfsverkefnis Norðlægu víddarinnar um heilsufar og félagslega velferð (NDPHS), og vatnshreinsunar- og orkusparnaðarverkefni sem er á vegum samstarfsverkefnis um umhverfismál (NDEP). NMR átti einnig drjúgan þátt í því að samstarfsverkefni Norðlægu víddarinnar um menningarmál (NDPC) varð að veruleika en skrifstofa þess er vistuð hjá NMR í Kaupmannahöfn.

NMR er enn fremur í samstarfi við ESB um þrjú verkefni sem beinast öll að Hvíta-Rússlandi. Hvítrússneski háskólinn European Humanities University (EHU) hefur verið starfræktur í Vilnús frá árinu 2005 með dyggum stuðningi ESB og NMR sem og fjölda annarra styrktaraðila beggja vegna Atlantshafsins. Þess má geta að EHU er eini hvítrússneski háskólinn sem virðir Bologna-viðmiðin og notar evrópskar aðferðir og staðla í námi og kennslu. Þá sér NMR um styrktarsjóð fyrir þá hvítrússnesku námsmenn sem stunda nám við skólann auk þess að sjá um sjóð sem settur var á laggirnar til að styðja við einstaklinga og fjölskyldur þeirra sem urðu illa úti í samskiptum við hvítrússnesk stjórnvöld í kjölfar forsetakosninganna í Hvíta-Rússlandi 2010. Sjóðurinn styrkir einnig frjálsa fjölmiðla í landinu og alþjóðlega upplýsingamiðlun um ástandið þar.

### *Samstarf við Eistland, Lettland, Litháen og Rússland*

Samstarfið við Eystrasaltsríkin og Rússland fer eftir samstarfsreglum sem samstarfsráðherrarnir setja en núgildandi reglur eru til loka árs 2013.

NMR hefur frá árinu 1991 rekið skrifstofur í Tallinn, Ríga og Vilníus og frá 1995 hefur verið rekin norræn skrifstofa í Pétursborg. Undanfarin ár hefur það verið í umræðunni á norrænum vettvangi að leggja beri skrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum niður þar sem þær séu barn síns tíma og staðan í löndunum sé nú allt önnur og betri en hún var þegar þær voru opnaðar. Úttekt á skrifstofunum sýnir hins vegar að rekstur þeirra er mjög hagkvæmur og að þær eru þungamiðja allrar þeirrar starfsemi sem fram fer á vegum NMR í viðkomandi löndum, enda hafa skrifstofurnar í gegnum árin náð að byggja upp mjög öflug tengslanet hver á sínu svæði. Einkum hefur verið bent á að skrifstofan í Vilníus sé mjög mikilvæg vegna þeirra samstarfsverkefna sem NMR tekur þátt í ásamt ESB. Skrifstofurnar eiga einnig ágætis samstarf við norrænu sendiráðin í höfuðborgunum, meðal annars með samstarfsverkefnum um norræna menningarviðburði. Það skal tekið fram að ekki hefur farið fram umræða um að leggja niður skrifstofu NMR í Pétursborg. Samstarf NMR við Eystrasaltsríkin og Rússland er til endurskoðunar í þeirri heildarúttekt á grannsvæðasamstarfi NMR sem nú fer fram.<sup>35</sup>

### *Samstarf við önnur svæðisbundin ráð og stofnanir*

Ráðherranefndin tekur árlega þátt í samráðsfundi með öðrum svæðisbundnum ráðum og stofnunum sem miða starfsemi sína við norðanverða Evrópu og norðurslóðir, þ.e. AC, BEAC og CBSS. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að unnið sé að sömu verkefnum af fleiri en einum aðila en einnig að koma á verkefnasamstarfi. Ráðherranefndin hefur einkum átt í slíku samstarfi við CBSS, meðal annars um verkefni um aðgerðir gegn mansali og verkefni sem miðar að því að efla og byggja upp svæðisbundið samstarf í suðausturluta Eystrasaltssvæðisins. Einnig má geta þess að í gildi er samningur um starfsmannaskipti milli skrifstofu NMR í Kaupmannahöfn og skrifstofu CBSS í Stokkhólmi.

## **16. Norrænar stofnanir á Íslandi**

### *Norræna húsið*

Norræna húsið í Reykjavík hefur það að heildarmarkmiði að efla norrænt samstarf og styrkja samheldni landanna. Húsið er vettvangur menningar og þekkingar og leggur kapp á að vera virk, nýjungagjörn og mikilvæg stofnun með áherslu á bókmenntir og tungu, byggingarlist og hönnun, nýnorrænan mat og sjálfbæra þróun til lengri tíma lítið.

Norræna húsið vinnur með og fyrir börn og unglunga með það að leiðar-

<sup>35</sup> Sjá nánar um úttekt á samstarfi NMR við Eystrasaltsríkin og Rússland á bls. 8.

ljósi að efla tengsl, sköpunargáfu og samheldni. Húsið er einnig miðstöð norræna bókmennta og rekur og þróar alhliða og nútímalegt norrænt bókasafn.

Dagskrá Norræna hússins í Reykjavík er fjölbreytt og samanstendur af málstofum, ráðstefnum, fyrirlestrum, kynningarstarfsemi, tónleikum, gjörningum, listasýningum, kvikmyndasýningum o.fl. Hlutverk stofnunarinnar er að styrkja samstarf vestnorrænu landanna og gera Norður-Atlantshafssvæðið sýnilegt, bæði á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi.

Stofnunin vinnur að því að styrkja samvinnu við stofnanir innanlands, einkum HÍ. Aðrir nánir samstarfsaðilar hússins eru Norræna stofnunin á Grænlandi, Norræna húsið í Færeyjum, Norræna stofnunin í Finnlandi og Norðurbryggjan í Kaupmannahöfn.

Norræna húsið er eins konar snertiflötur fyrir norræna menningarsamvinnu og upplýsir um styrkveitingar og almenna framvindu norrænnar samvinnu í allri sinni mynd.

Norræna húsið heyrir undir MR-K og starfar samkvæmt samningi við NMR en á yfirstandandi samningstíma 2011–2013 eru áherslurnar eftirfarandi:

- 1) Börn og unglingar – þátttaka og tengsl.
- 2) Bókmenntir og tungumál – nútímalegt norrænt bókasafn og dagskrá.
- 3) Alþjóðleg þekking og menning – Norðurlönd í heiminum, heimurinn á Norðurlöndum.
- 4) Staðbundinn snertiflötur menningar – internetið og upplýsingar.
- 5) Nýr norrænn matur – menning máltíðarinnar og miðdepill nýs norræns matar á Vestur-Norðurlöndum.
- 6) Sjálfbær þróun til langs tíma – staðbundin nýsköpun.

Benda má á þrjú meginverkefni á árinu:

- 1) Norræna húsið heyrir undir MR-K og hafði frumkvæði að því að endurreisa fuglafriðlandið í Vatnsmýrinni í miðbæ Reykjavíkur og að miðla upplýsingum um þá vinnu, bakgrunn verkefnisins og menningarlega þýðingu. Á árinu hófst vinna við að koma fuglaverndunarsvæðinu í betra horf með það að markmiði að náttúrusvæðið gæti nýst til að auka skilning á vistfræðilegu hlutverki þess. Samstarf var um þetta við HÍ og Reykjavíkurborg. Verkefnið skilaði þeim árangri að svæðið endurheimti kríur og fleiri andartegundir eftir margra ára fjarveru. Í miðju fuglafriðlandinu var komið fyrir gagnvirkri netmyndavél sem gerir fólki kleift að fylgjast með fuglalífínu en myndavélinni má stjórna úr hvaða tölvu sem er og snýst hún m.a. í 360 gráður.<sup>36</sup> Verkefnið byggðist á þremur minni verkefnum. Fyrst ber þar að nefna samkeppni milli norræna landslagsarkitekta þar sem lagðar voru fram hugmyndir um útlit friðlandsins og umhverfis þess, svo lífið í

36 Sjá vefsíðuna [www.reykjavikwetlands.com](http://www.reykjavikwetlands.com).

mýrinni væri tiltækt fyrir alla en jafnframt aðlaðandi og áhugavert. Í dómnefndinni voru fulltrúar frá Norræna húsinu, HÍ, Reykjavíkurborg og Félagi íslenskra landslagsarkitekta svo og danski landslagsarkitektinn Stig-Lennart Andersson. Vinningstillagan var kynnt með sýningu og rædd í tengslum við fyrirlestraröð um náttúrusvæði innan borgarmarka. Í haust var opnuð sýningin „Lífið í Vatnsmýrinni“ þar sem upplýsingum um plöntur og dýralíf var skeytt saman við menningarsöguleg sjónarmið og framtíðarsýn. Verkefnið „Náttúruskóli Reykjavíkur“ bauð 11–14 ára grunnskólanemum í Vatnsmýrina þar sem stundaðar voru tilraunir með vatn, tekin sýni og eldaður matur úr hráefnum m.a. frá svæðinu í kring. Náttúruskólinn var fullsetinn allan sýningartímann, frá september fram í nóvember.

- 2) Vestnorræna ráðið mælti með að Norræna húsið sæi um skipulagningu vestnorrænnar menningarhátíðar í tengslum við árlega fundi ráðsins á haustmánuðum. Mennta- og menningarmálaráðherra fól húsinu að sjá um vestnorræna daga sem var fyrsta hátíð sinnar tegundar. Hún stóð yfir í þrjú daga og var nefnd „Nýjar slóðir“ en megintilgangurinn var að kynna hin nútímalegu og nýskapandi vestnorrænu lönd. Hátíðin fór fram á mismunandi stöðum í miðbæ Reykjavíkur í formi nokkurs konar ratleiks með stöðvar á höfninni, í Ráðhúsinu, Norræna húsinu og á Reykjavíkurflugvelli. Staðirnir voru tengdir saman með slóð gáma en gámarnir höfðu mismunandi menningartengt innihald með vestnorrænni skírskotun. Má þar nefna listir, kvikmyndir, dans, vestnorrænan mat og fleira.
- 3) Barna- og unglingabókmenntir voru einnig áhersluatriði á árinu. Snemma í haust fór fram barnabókahátíðin „Matur úti í mýri“ með norrænni og alþjóðlegri þátttöku. Hátíðin er haldin annað hvert ár og felur í sér heimsóknir rithöfunda í skóla. Í tengslum við þing NR í Helsinki var ákveðið að Norræna húsið hafi frá og með 2013 umsjáslu með verkefni sem hefur það markmið að móta áherslur varðandi norrænar barna- og unglingabókmenntir. Hin nýstofnuðu norrænu barna- og unglingabókmenntaverðlaun eru mikilvægur þáttur í því verkefni en verðlaunahafi hlýtur 350.000 danskra króna. Barnaleiksýningin „Skrímslið, litla systir mín“ var sett upp í samvinnu við Helgu Arnalds í leikhópnum „Tíu fingur“. Sýningin var valin besta barnaleiksýning ársins og hlaut Grímu-verðlaunin. Var hún sýnd um þrjátíu sinnum fyrir fullu húsi en hún var einnig sýnd annars staðar á Norðurlöndum sem farandsýning.

Á árinu hélt áfram samvinna við RIFF, Iceland Airwaves, Listahátíð og Reykjavík Jazzfestival ásamt tónleikaröðinni Klassik í Vatnsmýrinni, 15:15-tónleikunum, Jazztónleikum Múlans svo og tónleikaröð hússins, Piknikk-tónleikunum. Í desember var líkt og fyrri ár boðið upp á „Lifandi jóladagatal“ sem hefur reynst árangursrík hugmynd og virðist ætla að verða að hefð. Í maí var haldin árleg fjölskylduhátíð, „Vatnsmýrarhátíðin“.

Listasýningar í sýningarsölum og anddyri voru 21 og ber að nefna norræna samstarfsverkefnið „(I)ndependent people“, þar sem listahóparnir Superflex sem er danskur og Learning Site sem er sænsk/danskur sýndu listir sínar. Íslensku listamennirnir Sigurður Þórir, Sigurður Örlygsson og Einar Hákonarson sýndu verk sín. Sænski vatnslitamálarinn Lars Lerin, norska listakonan Kari Elisa Mobeck, færeyski ljósmyndarinn Regin Weihe Dalsgaard og finnski tónlistarmaðurinn og listamaðurinn Jimi Tenor héldu öll sínar eigin sýningar.

Á sviði tísku og hönnunar voru sýnd verk eftir Áslaugu Friðjónsdóttur (Nordic Fashion Biennale í Seattle), Ása Gunnlaugsdóttir sýndi skartgrip og Þórey Eypórsdóttir sýndi vefnaðarlist. Einnig var sett upp viðamikil samísk nútíma-hönnunarsýning, „Gierdu“, frá Norður-Noregi. Þar að auki voru haldnar fjórar safnverkssýningar: „List án landamæra“, götulistasýningin „Veggir“, „National Purist Routes“ sem er verkefni frá Arkitektúrháskóla Bergens og „Drop by drop“ sem er sýning á verðlaunahugmyndum í auglýsingasamkeppni á vegum Sameinuðu þjóðanna um mikilvægi þess að spara vatn fyrir komandi kynslóðir. Fyrirlestra héldu m.a. Ragna Fróða sem fjallaði um tiskuspár og Pauline Brown frá Bandaríkjunum sem talaði um fjárfestingar og hönnun. Einnig kynntu höfundar „Þrjónabókar Arne og Carlos“ bókina og sjálfa sig.

Tónlistarviðburðir voru fjölmargir á árinu. Nefna má tónleika með íslenska Hinsegin kórnum, Kristjan Blak og Arctic Yggrasil frá Færeyjum, Tura Ya Nmora frá Grænlandi, Kryss & Benjamin Koppel frá Danmörku og „A time to keep“ sem var dagskrá um vísnaflist í Orkneyjum. Miðaldatónlist í flutningi Via Artis Konsort, Mpiri og Voces Thules var samnorrænt verkefni. Tónleikadagskrá var haldin undir yfirskriftinni „Den kvindelige saga“, sópransöngkonan Helle Thun söng með aldagamalli raddtækni, vísnaöngkonan Stine Michel flutti „Frejas Viser“ og píanótónleikar voru með Risto Lauriala frá Finnlandi.

Bókmenntir og tungumál eru meðal þess sem Norræna húsið leggur mikla áherslu á. Sænska skáldið August Strindberg var kynnt með tveimur dagskrárliðum og finnska ljóðskáldið Edith Södergran var kynnt og ljóð hennar lesin. Alþjóðlega ráðstefnan „Art in Translation“ fjallaði um skapandi skrif. Höfundakvöld voru haldin með m.a. Ara Behn frá Noregi, Jussi Adler-Olsen frá Danmörku, Kirsten Hastrup sem er danskur prófessor, norsku prinsessunni Mörthu Louise, Nikolaj Frobenius frá Danmörku, Hallgrími Helgasyni og danska höfundinum Johannes Møllehave. Haldin var Furðusagnahátíð og um hverja helgi voru sögustundir fyrir börn á sænsku, norsku, dönsku eða finnsku. Einnig var haldin málstofa um mexíkönsku skáldkonuna Eleni Poniatowska. Bókin „Ég er á lífi, pabbi“ var kynnt en hún er skrifuð af föður og dóttur hans sem lifði árásina í Útey í Noregi 2011.

Til viðbótar við fyrrnefnt verkefni um friðlandið var haldin röð fyrirlestra í samvinnu við m.a. Landvernd og umhverfis- og auðlindanefnd NR. Sigurður Eyberg flutti fyrirlesturinn „Iceland ecological footprint“ um vist-

fræðileg fótspor og danski leikhópurinn Quasi vann leikrit með íslenskum börnum um loftlagsbreytingar.

Meðal fyrirlestra og málstofa með pólitískum áherslum má nefna fyrirlestur undir yfirskriftinni „Who controls consumption?“ um stjórnun á neyslu, fyrirlestra um Helsingfors-samninginn sem varð fimmtíu ára, kjarnorkuöryggi og umhverfisógn á Norður-Atlantshafssvæðinu, Ísland og ESB, öryggi og varnir og norræna tungumálastofu um hægri öfgamenn.

### *Norræna eldfjallasetrið*

Norræna eldfjallasetrið (NordVulk) er norræn rannsóknamiðstöð í eldfjallafræði og skyldum greinum sem grundvölluð er á sérstæðri og fjölbreyttri náttúru Íslands. NordVulk er á málefna sviði MR-U en er hluti af Jarðvísindastofnun HÍ og myndar kjarna þverfagslegs þemahóps um rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á innri gerð og hegðun eldfjalla. Á eldfjallasetrinu er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum á sviði jarðefna- og jarðeðlisfræði, samhliða þjálfun ungra norrænna vísindamanna.

Eitt meginmarkmið eldfjallasetsursins er að efla rannsóknir í eldfjallafræði og skyldum greinum á norrænum vettvangi, samhliða vísindalegri þjálfun og kennslu. Með starfsemi stofnunarinnar síðastliðin 38 ár hefur orðið til víðtækt þekkingarnet á Norðurlöndum sem skapað hefur henni sess á alþjóðavettvangi. Sumarskólar NordVulk, sem styrktir hafa verið af norrænum og bandarískum vísindasjóðum, hafa ennfremur leitt saman unga vísindamenn og sérfræðinga austanhafs og vestan. Á þeim grundvelli hafa mörg alþjóðleg rannsóknaverkefni orðið til. NordVulk miðlar þekkingu með því að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í virtustu vísindatímaritum á sínu sviði. Rannsóknaniðurstöðum er einnig komið á framfæri við almenn- ing þar sem vísindamenn við NordVulk eru í ráðgjafahópi Almanna- varna en vísindamennirnir miðla einnig upplýsingum til almennings í gegnum fjölmiðla þegar eldgos verða með áherslu á (en ekki bundið við) fjölmiðla frá norrænu löndunum.

### *Rannsóknir*

Á rannsóknamiðstöðinni er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum. Sem dæmi má nefna rannsóknir á fornveðurfari og umhverfisbreytingum, jarðefnafræðilegar rannsóknir á eðli jarðhitavökva, jarðfræðilegar rannsóknir á gosefnum eldfjalla og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum á eldfjalla- og jarðskjálftasvæðum ásamt líkanreikningum af innviðum eldfjalla og kvikukerfum. Rannsóknir í eldfjallafræði hafa umtalsverða norræna skirskotun. Þannig eru t.d. gömul berglög mynduð og mótuð af eldvirkni mikilvægur hluti í jarðfræðilegri byggingu Skandinavíu og Finnlands. Til að kleift sé að skilja aðstæður og myndun slíkra jarðlaga er nauðsynlegt að nýta reynslu af rannsóknum á virkum eldfjallasvæðum.

Jarðlög Skandinavíu og Finnlands mynduðust að mestu fyrir hundruðum milljóna ára en á Íslandi er jarðskorpan enn í mótun og myndun. Ein meginástæða hinnar miklu jarðfræðilegu sérstöðu Íslands er sú að hér á landi er úthafshryggur tengdur flekaskilum Norður-Ameríkuflekans og Evrasiuflekans ofansjávar. Ný jarðskorpa myndast á úthafshryggjum við eldvirkni og kvikuhreyfingar. Einstök tækifæri eru því héraendis til að rannsaka úthafshrygg ofansjávar, þar sem slíkir hryggir liggja að öllu jöfnu á um tveggja til þriggja kílómetra sjávardýpi. Sérstaða Íslands er til komin vegna samspils úthafshryggjar við heitan reit í möttli jarðar þar sem óvenjumikil eldvirkni er. Þá eru eldgos á Íslandi mjög fjölbreytileg og verða við mismunandi umhverfisaðstæður. Neðansjávargos og gos undir jöklum landsins verða auk sprengi- og hraungosa á þurru landi. Rannsóknir á eldvirkni úthafshryggja og öðrum mikilvægum þáttum flekahreyfinga á Íslandi eru mikilvægar til að skilja eðli sambærilegra ferla sem hafa myndað og mótað jarðskorpu hinna norrænu landanna. Þá eru rannsóknir sem tengjast ferlum sem eiga sér stað í eldfjöllum og á jarðhitasvæðum mikilvægar til að skilja myndun jarðefna sem unnin eru í dag úr rötum fornra eldstöðvakerfa annars staðar á Norðurlöndum.

### *Starfsfólk*

Á hverju ári auglýsir NordVulk fimm til sex stöður fyrir unga norræna vísindamenn sem veittar eru til tólf mánaða í senn. Stöðurnar eru ætlaðar nemendum í framhaldsnámi eða nýdöktum frá Norðurlöndum. Þessum styrkþegum gefst tækifæri til að vinna rannsóknaverkefni í samstarfi við rannsóknahóp NordVulk. Úr umsækjendum velur norræn verkefnanefnd eldfjallasetursins en í henni er einn jarðvísindamaður frá hverju norrænu landanna. Jafnframt er ein staða fyrir reyndan norrænan vísindamann í eldfjallafræði. Sú staða er einnig tímabundin, veitt til fjögurra ára í senn, en sá sem gegnir henni er gjarnan frá einhverju norrænu landanna utan Íslands. Þá er hópur fastráðinna jarðvísindamanna við Jarðvísindastofnun HÍ tengdur NordVulk, sem og tæknimenn og starfsfólk á skrifstofu.

### *Rannsóknaniðurstöður*

Mikilvægur hluti í rannsóknastarfseminni innan NordVulk er kynning á rannsóknum á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og birting rannsóknaniðurstaðna í ritrýndum vísindatímaritum. Á árinu birtu vísindamenn við NordVulk 29 greinar í ritrýndum tímaritum. Þessi árangur er vel umfram það sem kveðið er á um í samningi við NMR um starfsemi NordVulk. Rannsóknaniðurstöður voru einnig kynntar á fjölmörgum íslenskum og alþjóðlegum fagráðstefnum.

## *Almannatengsl*

NordVulk er alþjóðlega þekkt meðal vísindamanna sem norræn miðstöð rannsókna í eldfjallafræði. Mikill áhugi er einnig meðal almennings á eldfjallarannsóknum sem fram fara á stofnuninni. Þetta lýsir sér t.d. í því hversu margir norrænir framhaldsskólanemar heimsækja NordVulk í skipulegum ferðum til Íslands á vegum skólanna (5–10 hópar á hverju ári). Þar fá norrænir framhaldsskólanemar kynningu á jarðfræði Íslands og hinum virku eldfjöllum landsins jafnframt því sem þeim rannsóknum er lýst sem fram fara á eldfjallasetrinu. Mikill áhugi erlendra fjölmiðla er ennþá á eldvirkni á Íslandi frá því eldgosin urðu í Eyjafjallajökli árið 2010 og í Grímsvötnum árið 2011. Samhliða daglegum vísindastörfum sinntu starfsmenn heimsóknum fjölmiðlafólks og tóku þátt í framleiðslu nokkurra sjónvarpsþátta, m.a. fyrir Discovery og bandarísku sjónvarpsstöðina PBS (Public Broadcasting Service).

## **17. Norrænar lánastofnanir**

### ***Norræni fjárfestingabankinn***

Norræni fjárfestingabankinn (NIB) er alþjóðleg fjármálastofnun í eigu norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna, samtals átta aðildarlanda, en meginhluti útlána er til verkefna á því svæði. NIB er einnig með alþjóðlega útlánastarfsemi til þess meðal annars að styðja við verkefnaútflutning fyrirtækja í aðildarlöndunum. Bankinn veitir lán til langs tíma og er markmið hans að styrkja samkeppnishæfni aðildarlandanna og bæta umhverfið. Í útlánastarfseminni hefur bankinn lagt vaxandi áherslu á fjármögnun verkefna innan skilgreindra kjarnasviða en þau eru umhverfismál, orkuiðnaður, samgöngur og nýsköpun. Svo til öll útlán bankans renna nú til verkefna á þessum sviðum. NIB fjármagnar útlán sín með skuldabréfaútgáfum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og hafa skuldabréfin hæstu mögulegu einkunn frá helstu lánshæfismatsfyrirtækjum.

Ársreikningur fyrir árið 2012 liggur ekki fyrir og er því í þessari skýrslu stuðst við upplýsingar um rekstur bankans fyrstu átta mánuði ársins. Eftirspurn eftir lánnum bankans fer heldur vaxandi, þó að takmarkaður hagvöxtur eða efnahagssamdráttur í einstökum aðildarlöndum hafi valdið minnkandi heildareftirspurn eftir lánsfjármagni á svæðinu. Alþjóðlegir fjármálamarkaðir hafa smám saman færst til eðlilegra horfs eftir því sem liðið hefur á árið og átti bankinn auðvelt með fjármögnun á árinu.

Afkoma bankans á tímabilinu var góð en grunnhagnaður var 153 milljónir evra samanborið við 136 milljónir evra árið áður. Að meðtekinni fjármálastarfsemi og virðisrýrnum útlána reyndist hagnaður bankans 162



milljónir evra en var 124 milljónir evra árið áður. Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok ágúst 2012 var 27,1 milljarður evra. Heildarútlán námu 14,8 milljörðum evra sem er um 9% aukning frá upphafi ársins. Útborguð lán á tímabilinu reyndust 1.190 milljónir evra en voru 973 milljónir evra á sama tímabili árið áður. Virðisrýrnun útlána nam 23,2 milljónum evra á tímabilinu. Bankanum gekk vel að afla sér fjár á lánsfjármarkaði til endurlána og gaf út skuldabréf sem námu samtals 2,8 milljörðum evra á tímabilinu á hagstæðum kjörum. Ekki hefur verið greiddur arður vegna árána 2009–2011 þrátt fyrir góða afkomu en álit stjórnar bankans hefur verið að vinna þyrfti upp tap ársins 2008 áður en arðgreiðslur gætu hafist að nýju. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um arðgreiðslu vegna ársins 2012.

### *Umhverfislán*

Bankinn hefur þá yfirlýstu stefnu að veita fjármagni til umhverfisverkefna með lánastarfsemi sinni en einnig að bæta félagslegar aðstæður á einstökum svæðum. Bankinn hefur unnið eftir umhverfisstefnu sem fyrst var innleidd árið 2001 en endurnýjuð árið 2008. Byggir stefnan á samspili efnahagslegs vaxtar, ábyrgðar gagnvart umhverfi og félagslegri uppbyggingu. NIB gegnir mikilvægu hlutverki í Northern Dimension Partnership (NDEP) sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, EBRD, Evrópska fjárfestingarbankans (EIB), Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda á Eystrasaltssvæðinu, í Barentshafi og Norðvestur-Rússlandi. Verkefnin snúa meðal annars að hreinsun á efnaúrgangi, hreinum orku-gjöfum og hreinsun kjarnorkuúrgangs. NIB hefur forystu um undirbúning, skipulagningu og fjármögnun umhverfisverkefna á vegum NDEP. Í samræmi við stefnu sína hyggst bankinn á komandi árum beina sjónum sínum enn frekar að umhverfistengdum verkefnum og einkum þeim er varða sjálfbæra þróun, hagkvæmari orkunýtingu og minnkun gróðurhúsalofttegunda.

Eigendur NIB ákváðu árið 1996 að setja á fót innan bankans sérstakan umhverfislánaflokk – MIL – fyrir verkefni í nálægð við aðildarlöndin, sem hafa bein eða óbein hagstæð umhverfisáhrif í löndunum. Lánaflokkurinn, sem í upphafi var 100 milljónir evra, var aukinn í 300 milljónir evra árið 2002. Útlán í þessum lánaflokki eru með fullri bakábyrgð aðildarlandanna. Á árinu 2012 varð ljóst að erfiðleikar eru með eitt lán í þessum lánaflokki, sem veitt var árið 2008. Líklegt er talið að fyrr eða síðar geti komið til útlánaafskrifta vegna þessa verkefnis og þá verði leitað til ríkissjóða aðildarlandanna vegna bakábyrgðanna. Ekki er um verulegar fjárhæðir að ræða en lauslega áætlað gæti ríkissjóður Íslands fengið á sig kröfu sem næmi um 200.000 evrum.

### *NIB á Íslandi*

Frá upphafi hefur NIB verið mikilvægur þátttakandi í fjármögnun verkefna á Íslandi, ekki síst virkjanaf framkvæmda og annarra orkumannvirkja.

Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu 563 milljónum evra eftir fyrstu átta mánuði ársins. Þetta samsvarar 4,9% af lánveitingum til aðildarlandanna á sama tíma, sem er óbreytt hlutfall frá fyrra ári. Til samanburðar er eignarhlutur Íslands í bankanum 0,9%.

Eftir verulegt tap á árinu 2008, sem að miklu leyti tengdist Íslandi, hélt bankinn í fyrstu að sér höndum í lánveitingum til Íslands. Lækkandi láns-hæfismat íslenska ríkisins og óvissa um efnahagshorfur á Íslandi höfðu einnig sitt að segja um þessa afstöðu bankans. Afstaða bankans til lánveitinga til verkefna á Íslandi er nú í eðlilegu horfi. NIB tekur nú þátt í fjármögnun Búðarhálsvirkjunar en eftirspurn frá Íslandi eftir lánsfé til nýframkvæmda, sem falla innan verksviðs bankans, hefur verið takmörkuð undanfarin misseri. Úrvinnsla úr íslenskum lánamálum, þar sem bankinn varð fyrir tapi eða lenti í erfiðleikum árið 2008, er langt komin. Meðal annars hefur bankinn selt þær kröfur sem hann hafði á hendur þrotabúum Kaupþings og Glitnis.

### ***Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið***

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) er alþjóðleg fjármála-stofnun sem umhverfisráðherrar Norðurlanda stofnuðu árið 1990. Markmiðið með stofnun sjóðsins á sínum tíma var að aðstoða Eystrasaltsríkin þrjú, í kjölfar þess að þau urðu sjálfstæð ríki, við að bæta umhverfið t.d. með því að endurnýja úrelta tækni um leið og dregið er úr áhrifum mengunar frá þessum löndum á nánasta umhverfi Norðurlanda. NEFCO er eina fjármálastofnunin í heiminum sem hefur sérhæft sig í og starfað eingöngu við fjármögnun umhverfisverkefna. Stofnfé NEFCO er 113,4 milljónir evra.

Helstu forgangsmál í starfi NEFCO eru að stuðla að grænum hagvexti og hreinni framleiðslutækni, ýta undir sjálfbæran landbúnað, draga úr losun mengandi efna í iðnaði, auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku og bæta orkunýtingu. Útreikningar sýna að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingarnar þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum.

Stofnun sjóðsins hefur jákvæð áhrif á umhverfið, ekki einungis í löndunum við Eystrasalt heldur einnig á Norðurlöndum, t.d. hvað varðar loftgæði og ástand Eystrasaltsins. Einnig hefur starfsemi NEFCO ýtt undir útbreiðslu norrænnar tækni á svæðinu og veitt norrænum fyrirtækjum tækifæri til að útvíkka starfsemi sína til þessara landa.

Með inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB hefur NEFCO dregið úr starfsemi sinni þar en sjónum er nú einkum beint að verkefnum í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Í þessum löndum eru miklir möguleikar á að bæta umhverfið með norrænni þekkingu og tækni. Margar tiltölulega einfaldar aðgerðir eins og betri einangrun húsa, endurnýjun glugga og fjarvarmaveitur eru fljótar að skila árangri bæði í jákvæðum umhverfisáhrifum og fjárhagslegum ávinningi.

Sem dæmi um verkefni sem unnið var að á árinu má nefna bættu meðferð úrgangs frá svínabúi í Pétursborg sem m.a. hefur skilað sér í því að losun á fosfór frá búinu í Eyrstrasalt hefur minnkað um 129 tonn á ári. Þá hefur NEFCO veitt lán til fjölda skóla, barnaheimila og sjúkrahúsa í því skyni að bæta orkunýtni. Kolaverum í Rússlandi hefur verið lokað og notkun lífmassa í orkuframleiðslu tekin upp í staðinn. Formlegt samstarf er milli NEFCO og Bank Lviv í Úkraínu, sem er í eigu Íslendinga, um bættu orkunýtni við húshitun í Úkraínu og hefur það skilað góðum árangri. Á heimskautasvæðunum er unnið að hreinsun kjarnorku- og olíuúrgangs og ýmissa eiturefna, m.a. í samstarfi við AC og Barentsráðið (BEAC) svo og stjórnvöld í Rússlandi. Öll þessi verkefni eiga þátt í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og losun ýmissa mengandi efna og stuðla þannig að því að bæta umhverfi og heilsu fólks.

Jákvæð áhrif af starfsemi sjóðsins á umhverfið eru töluverð eins og glöggt má sjá af eftirtöldum dæmum um hvernig verkefni á vegum sjóðsins drógu úr álagi á umhverfið árið 2011:

- Losun níturoxíðs (Nox) minnkaði um 1788 tonn en það samsvarar 38% af losun níturoxíðs frá bílaumferð á Íslandi.
- Verkefni á sviði bættrar orkunýtni fólu í sér orkusparnað upp á 7.297.427 megavattstundir en það jafngildir rúmlega áttfaldri heildarrafmagnsnotkun Íslendinga.
- Loftslagsverkefni leiddu til 3,7 milljóna tonna samdráttar í losun koldíoxíðs (CO<sub>2</sub>) en það jafngildir 81% af heildarlosun Íslands á koldíoxíði árið 2010.

Ýmsar breytingar í starfsemi NEFCO á síðustu árum endurspeglu aukið mikilvægi samstarfs um umhverfismál á alþjóðavettvangi. Í mörgum tilvikum eru verkefni NEFCO unnin í samstarfi við aðrar fjármálastofnanir eins og Evrópska þróunarbankann eða svæðisbundin samtök eins og AC og BEAC. Í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál beinast sjónir nú í æ ríkara mæli að loftslagsverkefnum. Á síðastliðnum þremur árum hefur tekist samstarf milli NEFCO og Norræna þróunarsjóðsins (NDF) um loftslagsverkefni í þróunarríkjum og var stofnaður sjóður til að sinna þeim, Norræni loftslagssjóðurinn (NCF). Stofnun sjóðsins er sameiginlegt framtak Norðurlanda til að koma til móts við hina miklu fjárförf þróunarlandanna til að takast á við loftslagsbreytingarnar. Við val á verkefnum verður sjónum einkum beint að því að flytja þekkingu og loftslagsvæna tækni frá Norðurlöndum til þróunarlanda.

NEFCO hefur aðsetur í Helsinki og eiga norrænu löndin hvert um sig einn fulltrúa í stjórn sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins eru alls 29, þar af er einn frá Íslandi. Sérfræðingar sjóðsins koma með jöfnu millibili til Íslands og kynna starfsemi hans fyrir fulltrúum úr atvinnulífinu og tæknifyrirtækjum í því skyni að stuðla að aukinni þátttöku íslenskra fyrirtækja í verkefnum á vegum sjóðsins.

### *Norræni verkefnaútlutningssjóðurinn*

Norræni verkefnaútlutningssjóðurinn (Nopef) hefur aðsetur í Helsinki. Nopef hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum með því að veita lán til for- og hagkvæmniathugana vegna alþjóðavæðingar fyrirtækja sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Stuðningur sjóðsins felst í því að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð og fleira. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði. Láninu er breytt í styrk ef fyrirtækið setur á fót starfsemi í landinu og skýrsla um niðurstöður verkefnisins ásamt samþykktu kostnaðaruppgjöri liggur fyrir en er endurgreitt ella.

Sjóðurinn hefur frá upphafi afgreitt tæplega 4800 umsóknir um lán, veitt um 2700 fyrirtækjum lán eða styrki og að meðaltali hafa verið um 200 lán í gangi á hverjum tíma. Sjóðurinn býr yfir miklum upplýsingum í formi niðurstaðna af forverkefnum í ýmsum löndum. Það býður upp á einstakt tækifæri til að miðla upplýsingum á milli þeirra fyrirtækja sem þegar hafa lokið verkefnum og þeirra sem eru á byrjunarreit. Með þessum hætti hefur myndast grunnur að tengslaneti norrænna fyrirtækja sem starfa á sama landsvæði.

Árið 2012 lánaði Nopef fé til 61 verkefnis í löndum utan ESB og EES, nokkru færri en árið áður en þá voru þau 67. Horft var sérstaklega jákvæðum augum til hagkvæmniathugana á sviði orku- og umhverfismála og verkefna sem sýnt þótti að hefðu sterk jákvæð áhrif á atvinnurekstur á Norðurlöndum með því að auka umsvif og vöxt umsóknarfyrirtækjanna heima fyrir.

Ein umsókn barst frá Íslandi á síðasta ári og var hún samþykkt. Tveimur íslenskum verkefnum lauk á árinu en tvö verkefni standa enn yfir. Annað er í Austur-Evrópu en hitt í Asíu.

Alls voru 153 verkefni í gangi í lok árs 2012 og námu útistandandi lánsloforð 5 milljónum evra. Árið áður var 155 verkefnum ólokið og nam upphæð lánsloforða 4,9 milljónum evra. Meðalupphæð lánsloforða er þannig tæplega 33.000 evrur. Verkefni sem veitt voru lán til skiptust þannig á milli landsvæða: Kína 40 verkefni, önnur Asíulönd 31, Rússland 18, Suður- og Mið-Ameríka 38, Norður-Ameríka 17, Evrópa 4, Afríka 4 og Ástralía 1 verkefni. Flest verkefni voru norsk eða 48, dönsk verkefni voru 44, verkefni frá sænskum fyrirtækjum voru 43 og tvö voru frá íslenskum fyrirtækjum. Umsóknarfyrirtæki eru flest lítil, helmingur fyrirtækjanna var með færri en 50 starfsmenn og 75% þeirra voru með færri en 100 starfsmenn. Verkefni með umhverfisáherslur voru rúmur þriðjungur verkefnanna, rúmlega helmingur snerist um nýsköpun og norræna kjarnahæfni fyrirtækja og tíundi hluti voru verkefni sem lutu að heilbrigði og velferð.

### *Norræni þróunarsjóðurinn*

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) er í eigu Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Hann hefur aðsetur í Helsinki og nýtur að hluta samrekstrar með NIB og öðrum norrænum stofnunum í borginni. Í stjórn NDF eru fulltrúar landanna og eru starfsmenn sjóðsins þrettán talsins.

NDF hefur veitt víkjandi lán til þróunarríkjana frá stofnun sjóðsins árið 1989. Árið 2009 ákvað NMR á grundvelli tillögu stjórnarinnar að þeim fjármunum sem endurgreiðast til sjóðsins – samtals um einn milljarður evra á 35 ára tímabili – verði varið til loftslagstengdra verkefna í þróunarlöndum og var samþykktum sjóðsins breytt til samræmis við það.

Markmið NDF eru:

- Að greiða fyrir stærri fjárfestingum í þróunarríkjum, í samstarfi við aðra alþjóðlega fjárfesta, með það að markmiði að bregðast við orsökum og afleiðingum loftslagsbreytinga.
- Að endurspegla áherslur norrænu landanna á sviði loftslagsbreytinga og í baráttunni við fátækt og hungur.
- Að auka samlegðaráhrif loftslagsverkefna og vera viðbót við aðra fjármögnun.

Á grundvelli nýs hlutverks hefur stjórn NDF samþykkt 50 styrki, samtals að upphæð 135 milljónir evra á árunum 2009–2012. Nærri helmingur verkefnanna eru í Afríkulöndum sunnan Sahara (45%) en önnur verkefni eru staðsett í lágtekjulöndum í Asíu (21%) og Rómönsku Ameríku (34%).

Miða þau að því að styðja löndin við að laga sig að breyttum aðstæðum vegna loftslagsbreytinga sem og til þess að draga úr útblæstri á gróðurhúsa-lofttegundum, hvort sem er með aðlögun og/eða fyrirbyggjandi aðgerðum.

NDF starfar eftir stefnu fyrir árin 2012–2013 en samkvæmt henni verður aukin áhersla á að draga saman og leggja mat á reynslu af yfirstandandi loftslagsverkefnum. Sem norræn stofnun mun sjóðurinn halda áfram að styðja norrænar áherslur í loftslags- og þróunarmálum en hyggst skerpa val á verkefnum með áherslu á starfsemi þar sem sjóðurinn getur, auk fjárframlags, lagt meira af mörkum og skapað samlegðaráhrif. Á komandi ári mun NDF hefjast handa við undirbúning stefnu fyrir árin 2014–2015.

Í byrjun árs 2012 fór fram óháð úttekt á starfi sjóðsins. Úttektin sýnir að starf NDF samræmist stefnum og áætlunum alþjóðasamfélagsins um fjármögnun loftslagsvænnar þróunaraðstoðar og að framlögum sé veitt til landa þar sem þörfin er mest. Ennfremur sýndi úttektin fram á jákvæðar niðurstöður hvað varðar aukinn virðisauka, skilvirk ferli og markvisst starf.

Í framhaldi úttektarinnar hefur umræða um mögulega endurfjármögnun sjóðsins hafist og ræddi stjórn NDF tillögu þess efnis á fundi sínum í Reykjavík í júní. Þá beindi NR tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna, á 64.

þingi ráðsins í Helsinki, um að veita auknu fjármagni til NDF til að styrkja loftslagsverkefni í þróunarlöndum. Tilmælin voru byggð á sjónarmiðum umhverfis- og náttúruauðlindanefndar NR sem telur jákvæðar niðurstöður úttektar á starfi NDF veita traustan grundvöll fyrir áframhaldandi starf sjóðsins. Nefndin benti á að fjármögnun væri háð því að eldri útlán endurheimtust og það setji vextinum hömlur. Að mati nefndarinnar mun viðbótarfjármagn til NDF skapa tækifæri til frekari aðgerða í loftslagsmálum. Engin ákvörðun hefur verið tekin um endurfjármögnun en málefnið verður tekið fyrir á komandi stjórnarfundum NDF.

Í nóvember var undirritað samkomulag Íslands og NDF um fjármögnun jarðhitaverkefnis í Sigdal Austur-Afríku. Samkomulagið er hluti af samstarfi Íslands og Alþjóðabankans um að hraða jarðhitavæðingu í þrettán ríkjum; Djíbútí, Eþíópíu, Úganda, Erítreu, Kenýa, Suður-Súdan, Tansaníu, Malaví, Mósambík, Búrúndí, Rúanda, Sambíu og Sómalíu. Á þessu svæði er mikill orkuskortur en sérfræðingar telja að í Sigdalnum sé mögulegt að virkja allt að 14.000 MW úr jarðhita og veita þannig allt að 150 milljónum manna aðgang að hreinni orku.

Í samstarfinu felst að Íslendingar, með stuðningi Norræna þróunar-sjóðsins, aðstoði ríkin á svæðinu við jarðhitaleit, geri nauðsynlegar grunnrannsóknir og veiti liðsinni við gerð áætlana um jarðboranir til þess að meta stærð auðlindanna. Mun Þróunarsamvinnustofnun Íslands hafa yfirumsjón með því starfi. Á hinn bóginn mun Alþjóðabankinn nýta eigin fjármögnunarleidir með stuðningi ríkja, alþjóðlegra loftslagssjóða og þróunarbanka til að gera ríkjunum kleift að gera nauðsynlegar hagkvæmniathuganir og hefja slíkar boranir. Tilraunaboranir eru sá þáttur sem er kostnaðarsamastur og einn helsti flöskuhálsinn við jarðhitanýtingu. Ef niðurstöður verða jákvæðar verður í framhaldinu unnt að ráðast í skipulagðar virkjanaframkvæmdir til raforkuframleiðslu og fjölnýtingar jarðhitans í atvinnuskyni með virkri þátttöku einkageirans.

*Norræni loftslagssjóðurinn (NCF)* er vistaður hjá NDF og veitir styrki til verkefna sem vinna að takmörkun áhrifa loftslagsbreytinga. Sjóðurinn er fjármagnaður af NDF í samstarfi við NEFCO.

NCF hefur í þrígang kallað eftir styrkumsóknum og úthlutað 18 milljónum evra til verkefna sem efla tækni- og þekkingarmiðlun á sviði loftslagsbreytinga. Markmiðið er að hvetja til samstarfsverkefna milli norrænna stofnana, yfirvalda, samtaka og fyrirtækja og samstarfsaðila þeirra í þróunar-ríkjum. Árið 2013 verður lagt mat á árangur sjóðsins og mun áframhaldandi starf hans byggjast á þeirri úttekt.

### ***Lánasjóður Vestur-Norðurlanda***

Lánasjóðurinn lánar fé til fjárfestinga fyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Einnig til íslenskra fyrirtækja, að því tilskildu að um sé að ræða

samstarfsverkefni íslensks og annaðhvort færeysks eða grænlenks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn greiddi á árinu út sex lán, tvö til Grænlands og fjögur til Færeyja, samtals að upphæð 15,5 milljónir danskra króna.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2012/2013 120,7 milljónir danskra króna og á sama tíma námu útlán samtals 91,8 milljónum danskra króna.

Samþykktir kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja NORA um allt að 1,5 milljónir danskra króna á ári.

Stjórn sjóðsins skipa sjö stjórnarmenn, einn frá hverju aðildarlandi ásamt einum varamanni, sem allir eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland.

## Fylgiskjal 1:

### Styttingar

AC	Arctic Council - Norðurskautsráðið
AGS	Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn
CBSS	Council of Baltic Sea States – Eystrasaltsráðið
BEAC	Barents Euro-Arctic Council – Barentsráðið
EBRD	European Bank for Reconstruction and Development – Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu
EES	Evrópska efnahagssvæðið
EFTA	The European Free Trade Association – Fríverslunarsamtök Evrópu
EHU	European Humanities University – Evrópski háskólinn í húmanískum fræðum
EK-A	Nordisk Embedsmandskomité for Arbejdsliv – Norræna embættismannanefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi
EK-Finans	Nordisk Embedsmandskomité for Økonomi- og finanspolitik – Norræna embættismannanefndin um efnahags- og ríkisfjármál
EK-FJLS	Nordisk Embedsmandskomité for Fiskeri og havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna embættismannanefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt
EK-JÄM	Nordisk Embedsmandskomité for Ligestilling – Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál
EK-K	Nordisk Embedsmandskomité for Kultur – Norræna embættismannanefndin um menningarmál
EK-Lov	Nordisk Embedsmandskomité for Lovsamarbejde – Norræna embættismannanefndin um löggjafarsamstarf
EK-M	Nordisk Embedsmandskomité for Miljø – Norræna embættismannanefndin um umhverfismál
EK-NE/Energi	Nordisk Embedsmandskomité for Enerkipolitik – Norræna embættismannanefndin um orkumál
EK-NE/Næring	Nordisk Embedsmandskomité for Erhvervs politik – Norræna embættismannanefndin um atvinnumál
EK-R	Nordisk Embedsmandskomité for Regionalpolitik – Norræna embættismannanefndin um byggðamál
EK-S	Nordisk Embedsmandskomité for Social- og sundhedspolitik – Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál
EK-U	Nordisk Embedsmandskomité for Uddannelse og Forskning – Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir
ESB	Evrópusambandið
FAO	Food and Agriculture Organisation of the United Nations – Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
HÍ	Háskóli Íslands
HÖGUT	Rådgivningsgruppen för nordiskt samarbete inom högre utbildning – Ráðgjafanefndin um norrænt samstarf um æðri menntun
IMFC	International Monetary and Financial Committee – Fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins
MR-A	Nordisk Ministerråd for Arbejdsliv – Norræna ráðherranefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi
MR-Finans	Nordisk Ministerråd for Økonomi- og finanspolitik – Norræna ráðherranefndin um efnahags- og ríkisfjármál



MR-FJLS	Nordisk Ministerråd for Fiskeri og Havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna ráðherra nefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt
MR-JÄM	Nordisk Ministerråd for Ligestilling – Norræna ráðherra nefndin um jafnréttismál
MR-K	Nordisk Ministerråd for Kultur – Norræna ráðherra nefndin um menningarmál
MR-Lov	Nordisk Ministerråd for Lovsamarbejde – Norræna ráðherra nefndin um löggjafarsamstarf
MR-M	Nordisk Ministerråd for Miljø – Norræna ráðherra nefndin um umhverfismál
MR-NER	Nordisk Ministerråd for Erhvervs-, Energi- og Regionalpolitik – Norræna ráðherra nefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál
MR-S	Nordisk Ministerråd for Social- og sundhedspolitik – Norræna ráðherra nefndin um félags- og heilbrigðismál
MR-SAM	De nordiske samarbejdsministre – Samstarfsráðherrar Norðurlanda
MR-U	Nordisk Ministerråd for Uddannelse og Forskning – Norræna ráðherra nefndin um menntamál og rannsóknir
NAU	Nordisk arbejdsretsudvalg – Norræn nefnd um vinnurétt
NB8	Nordisk-baltiske minister møder – Fundir ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna
NCF	Nordic Climate Facility – Norræni loftslagssjóðurinn
NDEP	Northern Dimension Environmental Partnership – Samstarfsverkefni Norðlægu viddarinnar um umhverfismál
NDF	Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn
NDPC	Northern Dimension Partnership on Culture – Samstarfsverkefni Norðlægu viddarinnar um menningarmál
NDPHS	Northern Dimension Partnership in Public Health and Social Well-being – Samstarfsverkefni Norðlægu viddarinnar um heilsufar og félagslega velferð
NEF	Nordisk Energiforskning – Norrænar orkurannsóknir
NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NeGI	Nordic e-Science Globalisation Initiative – Norrænt verkefni um uppbyggingu rafrænna innviða
NFS	Nordens Fackliga Samorganisation – Norræna verkalyóssambandið
NHPC	Nordic High Performance Computer – Norræn háhraðatölva
NHR	Nordisk Handicappolitisk Råd – Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks
NHV	Nordisk Højskole for Folkesundhedsvidenskab – Norræni lýðheilsuháskólinn
NIB	Den Nordiske Investeringsbank – Norræni fjárfestingabankinn
NIOM	Nordisk Institut for Odontologiske Materialer – Norræna tannlækningastofnunin
NIVA	Nordisk Institution for Videreuddannelse indenfor Arbejds miljøområdet – Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar
NKJ	Nordisk kontaktorgan for jordbrugs- og fødevareforskning – Norræna nefndin um landbúnaðar- og matvælarannsóknir
NKMT	Nordisk arbejdsgruppe for Ernæring, Mad og Toksikologi – Norrænn vinnuhópur um næringu, mat og eiturefnafræði
NMDD	Nordisk Arbejdsgruppe for Mikrobiologi, Dyrehelse og Dyrevelfærd – Norrænn vinnuhópur um örverufræði, dýraheilbrigði og dýravelferð

NMF	Nordisk Arbejdsgruppe for Fødevarerforvaltning og Forbrugerinformation – Norrænn vinnuhópur um matvælaeftirlit og neytendafræðslu
NMKL	Nordisk Metodikkomité for Levnedsmidler – Norræna aðferðafræðinefndin um matvæli
NMN	Nordisk Miljómærkenævn – Norræna umhverfismerkisráðið
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NNM	Ny Nordisk Mad – Ný norræn matargerð
NNR	Nordic Nutrition Recommendations – Norræn næringarráðgjöf
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna heilbrigðisráðgjöfnefndin
Nopef	Nordisk Projekteksporfond – Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantssamstarfið
NORDBUK	Nordisk Børne- og Ungdomskomité – Norræna barna- og ungmennanefndin
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknaráðið
NordGen	Nordisk Genresourcecenter – Norræna erfðalindasetrið
Nordic Innovation	Norræna nýsköpunarmiðstöðin
Nordicom	Nordisk Informationscenter for Medie- og Kommunikationsforskning – Norræn þekkingarmiðstöð á sviði fjölmiðla- og boðskiptafræða
NORDRED	Nordisk redningstjenestesamarbejde – Norræn samvinna um björgunarsamstarf
Nordregio	Nordic Centre for Spatial Development – Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum
NordVulk	Nordisk Vulkanologisk Center – Norræna eldfjallasetrið
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin á sviði félags- og tryggingamála
NR	Nordisk Råd – Norðurlandaráð
NSHF	Nordisk Samrådsgruppe for Flygtningespørgsmål – Norræn samráðsnefnd um málefni flóttamanna
NSK	Nordisk Samarbejdskomité – Norræna samstarfsnefndin
NSS	Rådgivningsgruppen for nordisk skolesamarbejde – Norræn ráðgjafanefnd um samstarf um skólamál
NVC	Nordens Velfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
NVL	Nordisk Netværk for Voksnes Læring – Norrænt samstarfsnet um nám fullorðinna
OECD	Organisation for Economic Cooperation and Development – Efnahags- og framfarastofnun Evrópu
RIFF	Reykjavík International Film Festival
Rio+20	United Nations Conference on Sustainable Development 2012 (UNCSD) – Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna 2012 um sjálfbæra þróun
SNS	SamNordisk Skovforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir
SVL	Rådgivningsgruppe om Voksnes Læring – Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu
WHO	World Health Organization – Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin